



Fjölskylduharmleikur við Núpsvötn

Tvær konur og kornungt barn létust í hörmulegu slysi þegar bifreið þeirra steyptist út af brúnni yfir Núpsvötn. Fjórir aðrir voru í bílnum, þar af tvö börn. Öll liggja þau þungt haldin á Landspítala. Þjörgunarfólk er sagt hafa unnið þrekvirkni. Sjá síðu 4.

Vill breyta nafni HB Granda í Brim

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, var valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd Markaðarins. Hann vill leggja fram tillögu á næsta ári um að breyta nafni útgerðarfélagsins í Brim. Búinn að greiða upp stóra lánið sem var veitt vegna kaupanna í HB Granda.

VIÐSKIPTI Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, segist vilja leggja fram tillögu við stjórn útgerðarfélagsins á næsta ári um að nafni þess verði breytt í Brim. Þetta kemur fram í opnuviðtali við Guðmund í Markaðinum en hann var valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd blaðsins.

Guðmundur er stærsti hluthafinn í HB Granda í gegnum Utgerðarfélag Reykjavíkur, ÚR, sem áður hét Brim. „Mér hefur alltaf þótt það fallegt og gott nafn á sjávarútvegsfyrirtæki og hef oft hugsað um að Brim yrði sterkt almenningshlutafélag á hluta-þréfmarkaði,“ segir hann.

Útgerðarfélag Reykjavíkur fékk fyrirgreiðslu frá Landsbankanum

í vor til að fjármagna 22 milljarða króna kaup á ríflega þriðjungshlut í HB Granda í vor. Námu þá skuldir ÚR við Landsbankann yfir 20 prósentum af eiginfjárgrunni bankans. Í kjölfarið réðst félagið í umfangsmikla sölu á eignum.

„Útgerðarfélag Reykja-

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda.



víkur er búið að selja fyrir miklu hærri upphæð en það fjárfesti fyrir í HB Granda þannig að félagið skuldar minni upphæð í lok þessa árs en upphafi þess,“ segir Guðmundur og greinir

frá því að búið sé að greiða upp lánið frá Landsbankanum. Hinn umfangsmikla sala eigna hjá ÚR fól meðal annars í sér sölu á útgerðinni Ógurvík til

HB Granda, stórum eignarhlut í Vinnslustöðinni og frystitogar- anum Brimnesi. Þá seldi græn- lenskt hlutdeildarfélag einnig skip og greiddi upp lán frá ÚR og frystitogarinn Guðmundur í Nesi var settur í söluferli. Guðmundur segist hefðu viljað selja allar eignirnar inn í HB Granda.

„Ég vissi að það voru margir sem vildu kaupa þessar eignir. Helst vildi ég hafa selt allt inn í Granda en það var ekki vilji fyrir því,“ segir Guðmundur. Spurður sérstaklega hvort hann hefði viljað selja HB Granda hlutinn í Vinnslustöðinni svarar hann játandi og ítrekar: „Ég hefði viljað að Grandi keypti þetta allt.“ — ttf / sjá Markaðinn

RÍKHARÐUR III

FRUMSÝNT Á MORGUN



borgarleikhus.is



Veður



Suðvestan 8-15 og el í dag en létt-skýjað á norðaustanverðu landinu. Hiti 0 til 7 stig, hlýjast sunnanlands, heldur kólnandi veður. **SJÁ SIÐU 20**



Sviar reyna að fækka flugeldasýsum. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Þurfa sérstakt flugeldaleyfi

SVÍÞJÓÐ Gamlaárskvöld þessa árs verður það síðasta sem hver sem er getur skotið upp flugeldum í Svíþjóð. Frá og með 1. júní á næsta ári má bara selja þeim sem eru með sérstakt leyfi flugelda á stýripinum. Þeir sem vilja skjóta upp slíkum flugeldum þurfa leyfi frá sveitarfélaginu og þurfa auk þess að hafa farið á sérstakt námskeið. Markmiðið er að draga úr sýsum.

Ólöglegur innflutningur á flugeldum þykir enn mikill vandi. Svíar kaupa mikið magn flugelda á netinu frá Póllandi. – ibs

Síðasti dagurinn



Það var mögulega tilfinningarrik stund þegar þessi starfsmaður Póstsins lokaði síðasta skipti útibúi Póstsins í Pósthússtræti í gær. Pósturinn er nú fluttur þaðan eftir um 150 ára veru á staðnum. Þjónustan er flutt í Bændahöllina á Hótel Sögu en þangað flyst líka útibú Póstsins á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Því útibúi var sömuleiðis lokað í gær. Nýja pósthúsið mun þjóna íbúum í póstinúmerum 101, 107 og 170. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Íbúar í Reykjavík frá salt og sand eins og þeir þurfa. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Reykvíkingar fá sand og salt

ÞJÓNUSTA Reykjavíkurborg býður eins og fyrri ár íbúum ókeypis sand og salt. „Íbúar sem vilja bæta öryggi á gönguleiðum í nágrenni sínu og heimreiðum geta náð í salt og sand á hverfastöðvar og verkþækistöðvar Reykjavíkurborgar,“ segir í tilkynningu.

Stöðvarnar eru við Svarthöfða hjá Stórhöfða, við Njardargötu, í Jafnaseli, við Árbæjarblett, á Raf-

stöðvarvegi og á Kjalarnesi. „Íbúar eru hvattir til að hafa með sér ílát en einnig er mögulegt að fá poka á staðnum. Skóflur eru við sand- og salttrúgurarnar,“ segir nánar.

Stöðvarnar eru opna klukkan 7.30 virka daga og eru opnar til 17.00 á mánudögum. Þriðjudaga og miðvikudaga er opið til 16.00 en á föstudögum er opið til nákvæmlega 15.25. – gar



Samsett kaka sem skýtur upp þyrpingu af 10 kúlum í einu með gulllituðum hala. Kúlurnar springa í rauðar, grænar og gular stjörnur með brakandi leiftri.

Þú færð Vig Snorra á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Aðeins þrjú snjóléttari haust í nærri sextíu ár

Haustið 2018 hefur verið óvenjulega snjólétt. Í Reykjavík teljast aðeins þrír dagar hafa verið með alhvítri jörð. Eru sextán ár frá því jörð var alhvít í færri daga. Veðurfræðingur segir ekkert benda til þess að snjó kyngi niður á næstunni.

VEÐUR „Ef það verður ekki alhvítt næstu þrjá daga þá verður þetta ár númer fjögur í röðinni hvað snjóhulu í Reykjavík snertir frá 1961,“ segir Þórunna Pálsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Eins og Reykvíkingar hafa tekið eftir eru þeir dagar sem snjó hefur fest í höfuðborginni það sem af er vetri teljandi í fingrum annarrar handar.

Nánar tiltekið segir Þórunna að dagar með alhvítri jörð þetta haustið teljist aðeins hafa verið þrír; 5. nóvember og 4. og 5. desember. Ávallt sé miðað við stöðuna eins og hún sé klukkan níu að morgni hvers dags. Mat hafi verið gert á þessu frá 1961.

Fara þarf sextán ár aftur í tímann til að finna snjóléttara haust í Reykjavík. Árin 2002 og 1987 taldist enginn dagur í desember vera með alhvítri jörð, að sögn Þórunnu. „Það var miklu hlýrra í desember 2002 og 1987 heldur en núna, alveg fádæma hlýtt,“ segir hún.

Árin 1976 og 1987 taldist aðeins einn frá októberbyrjun fram til áramóta vera með alhvítri jörð í Reykjavík. Og haustið 2002 voru dagarnir aðeins tveir.

Miðað við veðurspár nú gæti snjóað í höfuðborginni daginn



Einn af þremur snjöldögum haustsins í Reykjavík var 5. nóvember. Þá grunaði sjálfsgagt fáa hversu fágætur snjóinn yrði þetta haust. FRÉTTABLAÐID/

Það er ekki sjáanlegt í kortunum enn þá að snjó fari að kyngja niður.

Þórunna Pálsdóttir veðurfræðingur

fyrir gamlaársdag. Ef þannig bætist við einn snjóhuludagur í Reykjavík myndi árið 2018 jafna árið 2000 með fjóra alhvíta haustdaga.

Aðspurð segir Þórunna ekki séð fyrir endann á því að jörð verði auð. „Það er ekki sjáanlegt í kortunum enn þá að snjó fari að kyngja niður.“ Hún hafi engar sérstakar kenningar um hvers vegna staðan sé þessi nú. Allir merki hins vegar breytingar í veðri. Hins vegar sé ágætt í öllu tali um breytingar að minnast áður-nefndra dæma úr fortíðinni.

„Þó að okkur finnist þetta skritið, þá var 1987 og 2002 mjög skritið,“ segir Þórunna. gar@frettabladid.is

ÁRAMÓTA- BOMBA

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
ÓPID ALLAN
SÓLARHRINGINN

GILDIR TIL 31.12

ALLIR ELDHÚS- OG
BORÐSTOFUSTÓLAR



20-50%
afsláttur



Allir
plastkassar
20-30%
afsláttur



Öll lök
20-30%
afsláttur



Öll kerti
stjakar og luktir
20-30%
afsláttur



Allir skór
og fatnaður
25%
afsláttur

 **RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

Spyr meirihlutann um forsendur veggjalda upp á 100-140 krónur

SAMGÖNGUMÁL. „Ég átta mig ekki alveg á þessum 100 til 140 krónum. Hvaðan þeir í raun og veru fá þá upphæð,“ segir Björn Levi Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi Pirata í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Hann hefur óskað eftir skýringum á því hvernig hugmyndir um veggjöld upp á þá fjárhæð á hverja ferð eigi að geta staðið undir tæplega 76 milljarða fjárfestingum.

Í skýrslu starfshóps um fjár-

Ég átta mig ekki á þessum 100 til 140 krónum. Hvaðan eru þeir í raun að fá þá upphæð.

Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pirata



mögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu sem kom út haustið 2017 kemur fram að nauðsynlegt meðalgjald sé 300-600 krónur á ferð og er þá miðað við framkvæmdir upp á 90 milljarða.

„Þetta er rosalega mikill munur. Það munar einhverjum 15 milljónum í framkvæmdum en við erum að tala um þrefalt til fjórfalt hærri gjald. Þess vegna er ég að spyrja að

þessu,“ segir Björn Levi sem bendir á að á bak við tölurnar í skýrslu starfshópsins sé mjög góð greining á greiðslufláðinu.

Hann segir að nefndin hafi á síðasta þingi fengið glærúkyngningu á hugmyndum um veggjald upp á 100-140 krónur. Þær hugmyndir hafi hins vegar bara miðað við stríp- aðrar framkvæmdir á Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut.

„Meirihlutinn virðist vera að visa í þá upphæð á veggjöldum en þar var umfang framkvæmda mun minna en talað er um nú. Það passar ekkert saman að nota gjaldið úr þessari kynningu í umfang framkvæmda eins og það er í skýrslu starfshópsins.

Án nánari útskýringa virðist þessi framsætning meirihlutans vera byggð á blekkingum sem búi til falskar vonir hjá fólki.“ – sar

Þrír létust í einu versta bílslysi seinni ára

Þrjú létust í bílslysi sem varð á brúnni yfir Núpsvötn. Breskir ríkisborgarar af indverskum uppruna í bílnum. Aðkoma að slyssað sögð hraðileg og viðbragðsaðilar þiggja áfallahjálp.

SLYS. Hörmulegt banaslys varð á brúnni yfir Núpsvötn í gærmorgun. Þrjú létust, þar af eitt barn, og fjögur slösuðust alvarlega en tveir bræður, eiginkonur þeirra og börn voru í bílnum sem var af gerðinni Toyota Land Cruiser. Jeppinn fór út af brúnni, hrapaði um sex metra og hafnaði á áraunum. Ekki liggur fyrir hver tildrög slyssins voru.

T. Armstrong Changsang, sendiherra Indlands á Íslandi, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að fólkið í bílnum væru breskir ríkisborgarar af indverskum uppruna. Sagði þar að aukni að indverska sendiráðið hafi aðstoðað hið breska við að hafa samband við skyldmenn fólksins á Indlandi.

Mikill viðbúnaður var á svæðinu, aðstæður erfiðar og aðkoma sögð hraðileg. Í tilkynningu frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sagði að tveir farþegar hafi verið fyrir utan bílinn við komu viðbragðsaðila á slyssað en aðrir rigfastir inni. Viðbragðsaðilar sem komu á vettvangi ætla allir að nýta sér þá áfallahjálp sem þeim var boðin.

Adolf Ingi Erlingsson leiðsögumaður var á meðal þeirra fyrstu sem komu á vettvangi í gær. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann aðkomuna hraðilega. „Hún var náttúrulega hryllileg, aðkoma. Þarna lá maður með tvö litil börn sitt hvorum megin við sig, þau voru með meðvitund en stórslóðu,“ sagði Adolf.

Þau fjögur sem komust lífs af voru flutt þungt haldin undir



Aðstæður voru erfiðar. Ljóst er að björgunarfólk á vettvangi slyssins vann þrekvirkni. FRÉTTABLAÐIÐ/ADOLF INGI



Hér má sjá staðinn þar sem bíllinn steyptist út af brúnni. Vitað er að ising var á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ADOLF INGI



Á þessum litlu stöðum þá er þetta yfirleitt alltaf sama fólkið sem kemur að þessum slysum.

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri í Skaftárhreppi



læknishendur í Reykjavík þar sem um 60 manns voru í viðbragðsstöðu á bráðamóttöku og rannsóknardeildum.

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri í Skaftárhreppi, segir slysið rífa upp erfiðar minningar frá rútuslysi sem átti sér stað á svipuðum slóðum fyrir nákvæmlega ári. Tveir ferðamenn létust í því slysi. „Á þessum litlu stöðum þá er þetta yfirleitt alltaf sama fólkið sem kemur að þessum slysum,“ segir Sandra Brá. „Og það er auðvitað hrilegt að vera að lenda í þessu ár eftir ár. [...] Hugur manns er auðvitað hjá þeim sem lenda í þessu, en ekki síður hjá björgunarfólki og lögreglu sem voru á vettvangi.“

Nokkuð hefur orðið af umferðar-óhöppum á og við brúna á undanföllum árum. Að sögn Guðmundar Vals Guðmundssonar, brúarverkfræðings hjá Vegagerðinni, hefur orðið eitt alvarlegt slys á síðustu fimmtán árum. Hann sagðist þó ekki muna eftir því að keyrt hafi verið út af brúnni áður.

„Það er mjög varhugavert ef menn fara að stökkva í að álykta um hver orsök slyssins hafi verið. Það er mjög mikilvægt að við komumst að niðurstöðu um hvað fór úrskeiðis og rannsóknarnefnd samgönguslysa mun væntanlega fara yfir það,“ sagði G. Pétur Matthías-son, upplýsingafultrúi Vegagerðarinnar, í samtali við Fréttablaðið. kjartanh@frettabladid.is thorgnyr@frettabladid.is

2018

Kaka ársins 2018

5

Flugeldaveisla í einum kassa!

Þú færð Kóku ársins á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Engar eignir fundist upp í tugmilljóna tap Hörpu vegna fyrirframgreiðslu

VIÐSKIPTI. „Það er ekki útlit fyrir að það verði eitthvað sérstakt til skipta,“ segir Haukur Örn Birgisson, skiptastjóri protabúi KS Productions. Hann er ekki bjartsýnn á að nokkuð fáið upp í lýstar kröfur í búið, en þar er Harpa öhf. stærsti kröfuhafinn.

Eins og Fréttablaðið greindi fyrst frá í september í fyrra fékk tónleikahaldarinn Kári Sturluson og félag hans KS Productions fyrirframgreiðslu upp á 35 milljónir króna af miðasölutekjum af tónleikum Sigur Rósar sem fóru fram í desember í fyrra. Harpa og Sigur Rós fóru fram á kyrrsetningu eigna Kára og félagsins en síðar var gjaldprotabeini þeirra samþykkt og staðfest fyrir dómi í sumar. Síðan þá hefur skiptastjóri unnið að því að finna eignir upp í kröfu Hörpu og sveitarinnar.

Fyrir dómi hafði komið fram að Harpa og Sigur Rós hefðu skipt



Kári Sturluson fékk fyrirframgreiðslu á miðasölu tónleika Sigur Rósar í fyrra. Sá peningur hefur aldrei skilað sér aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

með sér tapinu á sínum tíma svo tónleikarnir gætu farið fram. Í yfirlýsingu frá sveitinni og forstjóra Hörpu, Svanhildi Konráðsdóttur, kom fram að fjármunirnir væru ekki glataðir heldur væru vonir bundnar við endurheimtuferlið. Nú liggur fyrir að þær endurheimtur verða rýrar.

„Það eru engar sérstakar eignir sem

hafa fundist í búinu og óvíst hvort það komi eitthvað upp í útlutun til þeirra krafna sem var lýst,“ segir Haukur Örn.

Svanhildur Konráðsdóttir segir ekkert tilfelli til að velja vöngum yfir heimtum í protabúi KS Productions þar sem málið sé enn í ferli og niðurstaðan liggja ekki fyrir. – smj

Meira sælkerá



Wewalka smjördeig

Þarf aðeins að rúlla út

219 kr/pk



Fumagalli hráskinka

Ítölsk gæðavara

899 kr/pk



Wellington Duxelles fylling

Einstaklega bragðgóð sælkerafylling 400g

849 kr/pk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga



Frá vettvangi hryðjuverks í Stokk-hólmi 2017. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk

SVIÐJÓÐ Sex manns, allir frá Úsbekistan og Kirgistan, hafa verið ákærðir í Sviðjóð vegna gruns um að hafa ætlað að fjármagna hryðjuverk. Talið er að fæ sem þeir sendu úr landi hafi verið varið til hryðjuverka Íslamska ríkisins.

Þrír sexmenninganna eru ákærðir vegna gruns um að hafa undirbúið hryðjuverk. Hjá þeim fannst mikið magn efna og annars búnaðar sem ætlað var til að drepa og skaða fólk. Hinir ákærðu neita sök.

Samkvæmt upplýsingum fréttaveitunnar TT hefur að minnsta kosti einn hinna ákærðu verið í tengslum við Rakhamat Akilov sem dæmdur var í lífstíðarfangelsi fyrir hryðjuverk á Drottningargötunni í Stokk-hólmi í apríl 2017. – **ibs**

Bensínsala dregst saman

NOREGUR Bensín- og díslisala í vesturhluta Óslóar hefur dregist saman um nær 30 prósent undanfarnin tvö ár. Hið sama mun gerast um allan Noreg fyrir árið 2025 spáir ráðgjafarfirmar Rystad Energy, að því er segir í frétt Aftenposten.

Árlega seljast á milli 40 til 50 þúsund rafbílur í Noregi. – **ibs**

Kaupaukar kostuðu Kviku yfir hundrað milljónir í skatt

Yfiskattanefnd hefur staðfest úrskurð Ríkisskattstjóra um að arðgreiðslur af B-hlutabréfum starfsmanna Kviku skuli skattleggjast sem tekjur. Kvika hafði greitt fjármagnstekjuskatt í samræmi við bindandi álit skattsins. Í úrskurðinum segir að upplýsingagjöf Kviku hafi verið ábótavant. Bankinn metur næstu skref.

VÍÐSKIPTI Yfiskattanefnd (YSKN) hefur staðfest úrskurð Ríkisskattstjóra (RSK) um að kaupaukar Kviku til starfsmanna bankans skuli skattleggjast sem tekjur þeirra en ekki fjármagnstekjur. YSKN staðfesti einnig niðurstöðu um álagningu tryggingagjalds og álags á vanskilaféð. Samtals mun Kvika því þurfa að greiða rúmar 145 milljónir króna vegna þessa. Áður hafði bankinn gert sátt við Fjármálaeftirlitið (FME) um greiðslu 35,5 milljóna sektar vegna greiðslnanna fyrir brot á reglum um kaupauka.

Forsaga málsins er nokkur. Í nóvember 2015 tilkynnti bankinn RSK að fyrirhugað væri að skipta hlutabréfum í bankanum í tvo flokka, A og B. Bréfum í A-flokki fylgdu þau réttindi sem almennt gilda um hlutabréf en hlutir í B-flokki veittu aðeins rétt til arðgreiðslna sem næmu tilteknum hluta hagnaðar. Þá gæti bankinn leyst þau bréf til sín hvenær sem er.

Óskaði Kvika eftir bindandi áliti RSK á því hvort bæri að halda eftir staðgreiðslu af sölu bréfanna á nafnverði til starfsmanna. Þá taldi bankinn að arð af bréfunum bæri að telja til fjármagnstekna. Í álitiinu var talið að hvort tveggja skyldi telja til tekjuskatts. Þeirri niðurstöðu var skotið til YSKN sem féllst á skilning Kviku miðað við þær forsendur sem bankinn gaf upp.

Í nóvember 2016 samþykkti stjórn Kviku sölu hluta í B-flokki til 34 starfsmanna bankans. Nafnverði þeirra var tæpar 7,8 milljónir en kaupverði þeirra tæpar 39 milljónir. Kaupendur bréfanna voru þáverandi forstjóri, framkvæmdastjóri, forstöðumenn, verkefnastjórar og sérfræðingar bankans. Aðrir starfsmenn eða aðilar utan bankans



Kaupaukar Kviku hafa ekki farið athugasemdalaust fram hjá Fjármálaeftirlitinu og skattayfirvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» **Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, vildi ekki tjá sig efnislega um málið**



Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku.

fengu ekki slík bréf. Á grundvelli þessa var handhöfum B-hlutabréfa greiddur arður. Greiðslur til einstakra hluthafa voru á bilinu 1,6 til 30,4 milljónir króna og samtals námu þær 407,6 milljónum. Kvika stóð skil á 81,5 milljónum króna staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna

þessara arðgreiðslna í samræmi við bindandi álitið.

Í kjölfar þessa krafði RSK bankann um svör um málið. Lyktir þeirra samskipta voru þær að RSK kvað upp úrskurð um að arðgreiðslurnar bæri að skattleggja sem tekjur en ekki fjármagnstekjur. Var það gert meðal annars sökum þess að arðgreiðslur til B-hluthafa hefðu verið hærri eftir því sem ábyrgð þeirra innan bankans varð meiri. Forsendur og málsvik væru því í raun ekki þau sömu og þegar bindandi álitið var gefið. Því bæri að greiða 188,5 milljónir í tekjuskatt, 28 milljónir í tryggingagjald auk 10,7 milljóna álags. Frá þessu dróst áður nefndur fjármagnstekjuskattur.

Kvika skaut málinu til YSKN og

krafðist þess að farið yrði eftir álitiinu. Á þetta féllst nefndin ekki. „[Rík ástæða var] til að gera ítarlegri grein fyrir ráðagerðum [Kviku] í beiðni félagsins um bindandi álit þannig að ekki færi á milli mála að þær vörðuðu einungis útvalda starfsmenn félagsins, þ.e. helstu stjórnendur og lykilstarfsmenn, og enga aðra og að réttur starfsmanna til hlutakaupa myndi taka mið af stöðu þeirra og ábyrgð innan félagsins,“ segir meðal annars í niðurstöðu YSKN.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, vildi ekki tjá sig efnislega um málið þegar eftir því var leitað. Stutt væri síðan úrskurðurinn var kveðinn upp og ekki vist hver næstu skref yrðu. joli@frettabladid.is

ICEWEAR ÍSLAND

HH HELLY HANSEN

NIKE

adidas

don cano

Wrangler

ÚTSALA 20-50% AF ÚTSÖLUVÖRUM

ICEWEAR MAGASÍN

SMÁRALIND

icewear.is



Icelandair potan Jökulsárlón er sömu gerðar og Látrabjarg sem skemmdist á jóladagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ein af nýju potum Icelandair fauk til á jóladagskvöld og skemmdist

FLUGMÁL „Það kom svolítið á óvart að það hafi verið nógu hált til þess að það hafi getað gerst,“ segir Jens Þórðarson, yfirmaður flugrekstrarsviðs Icelandair, um aðdraganda þess að ein af potum félagsins skemmdist á kvöldi jóladags.

Potan sem um ræðir er af gerðinni Boeing 737 Max 1, framleidd á þessu ári. Hún er ein af nýjustu vélum Icelandair og ber ein-kennisstafina TF-ICY og nafnið Látrabjarg. „Hún stóð við rana og snerist til í vindinum,“ segir Jens sem kveður hvassviðir ekki síður en hálkuna á jóladagskvöld hafa komið mönnum dálítið í opna skjöldu.

„En svona gerist alveg og við höfum lent í þessu áður. Hún rakst utan í ranann utan við flugstöðina,“ segir Jens sem kveður framenda á væng hafa rekist utan í landganginn. „Það urðu einhverjar skemmdir, ekki óskaplega miklar

en það þarf að gera við þær og koma vélinni í gagnið aftur.“

Potan var dregin inn í flugskyli eftir óhappið og er þar enn. „Það þarf að hanna svona viðgerðir og svo eru líka jól og þá tekur þetta lengri tíma,“ segir Jens um það hvenær ætlað er að potan verði flughæf á ný.

Látrabjarg kom til landsins frá París á aðfangadag klukkan hálf fjögur. Óhappið varð hins vegar á jóladagskvöld og þá stóð potan mannlæus við einn landgang. Leifstöðvar enda engin flug hjá Icelandair á þeim tíma.

Aðspurður kveðst Jens ekki vita hversu mikið fjárhagslegt tjón Icelandair beri vegna skemmdanna. „Það fer allt í gegn um tryggingafélag en er ekkert eitthvað svakalegt,“ segir hann.

Samkvæmt loftfaraskrá er TF-ICY í eigu Lagoon Leasing Co., Ltd. í Japan. – **gar**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Pinn stuðningur skiptir máli



Vodafone er stoltur styrktaraðili
Landsbjargar. Við hvetjum
landsmenn til að styðja við bakið
á björgunarsveitunum.

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?





Dyrfjöll eru útvörður norðanverðs Austurlands. 700 metra breiðar dyrnar sjást víða að og birtast göngufólki hér í návigi. Nærumhverfi Dyrfjalla er með miklum ólíkindum. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Náttúrulega Ísland á áramótum

Tómas Guðbjartsson læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslensku náttúru.

Síðasta sumar hóf göngu sína í Fréttablaðinu nýr greinaflokkur sem fékk nafnið Náttúrulega Ísland. Þar er greint frá íslenskum náttúruperlum sem mörgum eru lítt kunnar, enda liggja þær oft utan alfaraleiða. Myndefni er haft í forgrunni en ferðafélagar okkar Ólafur Már Björnsson og Hermann Þór Snorrason hafa tekið flestar ljósmyndanna. Markmið okkar með greinaflokknum er að hvetja sem flesta Íslendinga til ferðalaga um landið og sjá hversu stórkostlega náttúru við eigum. Við höfum stungið niður fæti í öllum landsfjórðungum en jafnframt beint sjónum að svæðum sem eru í deigluinni, til dæmis vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda eða svæða sem stendur til að friða. Sem dæmi má nefna fossinn Drynjanda upp af Ófeigsfirði, svæðin umhverfis ofanverða Tungná og Hólmsárlón, auk Drangaskarða á Ströndum. Gaman hefur verið að fylgjast með þeim góðu viðtökum sem Náttúrulega Ísland hefur fengið og vonandi hefur greinaflokkurinn vakið áhuga lesenda á náttúru landsins.

Sem betur fer hefur umræða um umhverfismál og náttúruvernd farið vaxandi hérlandis en oft vill gleymast hversu mikil auðæfi eru fölgín í einstakri náttúru landsins. Hrjóstrugt landslagið virðist hafa gríðarlegt aðdráttarafl en 80% erlendrar ferðamanna nefna náttúruna sem helstu ástæðu fyrir heimsókn sinni hingað til lands. Um er að ræða 2,5 milljónir ferðamanna á ári og ferðapjónusta er nú orðin stærsta atvinnugreinin. Íslensk náttúra hefur því fengið „verðmiða“ og ljóst að fossar og háhitasvæði geta skapað miklar tekjur óvirkjuð. Einnig er vaxandi skilningur á verðmæti ósnortinna víðerna en mjög hefur gengið á þau undanfarna áratugi. Sem er varhugaverð þróun því einmitt þar eru víða náttúrudjásir sem okkur ber að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Þessum náttúruperlum ætlar Fréttablaðið að halda áfram að segja frá á komandi ári.



Ofanverð Tungná líkist kransæðum hjartans. MYND/OMB



Kirkjufell er sennilega mest myndaða fjallið. MYND/SAJ



Það er engu líkt að standa á Snæfellsjökli í miðnætursól.



Á toppi Herðubreiðar er einkar fallegur gigur sem fáir hafa barið augum. Landslagið líkist abstraktverki. MYND/SAJ



FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

VERTU REYKLAUS Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL



NÝ VEFSÍÐA

WWW.NICOTINELL.IS



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmi, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur níkótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

+PLÚS



Stóruð er ein sórkostlegasta náttúrusmið á Íslandi þar sem risavaxin björg sem borist hafa ofan úr Dyrfjöllum svamla í blágrænu jökulvatninu. Ganga um Stóruð er flestum fær. MYND/SIGTRYGGUR



Dyrfjöll vaka yfir Borgarfirði eystra og utanverðu Fljótsdalshéraði. Hæsti punkturinn nefnist Súla og er 1.136 metra há. Súla sést hér vinstra megin á myndinni. Sunnan við Dyrnar er tindur sem nefnist Stöpull. MYND/SAJ



Fjallaskiðafólk klífur Miðþúfu á Snæfellsjökli um sumarnótt. MYND/SAJ



Eitt stærsta háhitasvæði á Íslandi er að finna í Kverkfjöllum. MYND/HPS



Rauðibotn er mögnuð náttúrusmið að Fjallabaki, skammt frá Hólmsárlóni. MYND/ÓLAFUR MÁR



Drangaskörð eru á norðanverðum Ströndum. Hugmyndir eru uppi um að friða svæðið. MYND/OMB



Börn leika sér á hrúgu af fötum frá hjálparsamtökum. NORDICPHOTOS/AFP

Hafa hækkað viðvörunarstig

INDÓNESÍA Hamfaravarnastofnun Indónesíu hækkaði í gær viðvörunarstig upp á næsthæsta stig vegna gossins í eldfjallinu Anak Krakatá, eða Barni Krakatá. Sagði það gert vegna aukinnar eldvirkni í fjallinu.

„Hættusvæðið hefur verið stækkað úr tveggja kílómetra radius í fimm. Íbúum og ferðamönnum er því óheimilt að koma nær fjallinu en sem nemur fimm kílómetrum,“ sagði í tilkynningu frá stofnuninni.

Skriða féll úr fjallinu á laugardag og orsakaði flóðbylgju. Bylgjan skall á strandbyggðum á eyjunum Jövu og Súmótru við Sunda-sund. Á fimmta hundrað lést í hamförum og á annað hundrað er enn saknað. Hundruð bygginga eyðilögðust, bílum skolaði í burtu og tré rifnuðu upp með rötum. Þá er að minnsta kosti 16.000 enn gert að halda sig fjarri heimilum sínum og gista þúsundir því í neyðarskýlum.

Flugumferðarstjórnarstofnunin AirNav Indonesia sagðist í gær loka fyrir ákveðnar flugleiðir til og frá svæðinu vegna ósku sem fjallið spýr úr sér. Í samtali við BBC sagði verkefnastjóri hjá stofnuninni að ákvörðunin snerti 20-25 ferðir. — þea

Benjamín keppir við Benjamín

Benjamín Gantz stofnaði nýjan flokk í Ísrael sem mælist næstvinsælastur á eftir flokki forsætisráðherrans, Benjamíns Netanjahú. Kosningar fara fram í apríl, var flýtt þar sem samsteypustjórn undir forsæti Netanjahús liðaðist í sundur.

ÍSRAEL Benjamín Gantz, fyrrverandi herforingi í Ísrael, stofnaði í gær nýjan stjórnmálaflokk sem mun bjóða fram í þingkosningum í apríl næstkomandi.

Flokkurinn nefnist Ísraelski þrautseigjuflokkurinn en stefna hans hefur ekki verið opinberuð nema að takmörkuðu leyti. Ljóst er þó að flokkur Gantz mun leggja áherslu á þjóðaröryggi og efnahagsmál. Reuters greindi frá.

Gantz og flokkur hans mælast sterkustu andstæðingar Benjamíns Netanjahú forsætisráðherra og Likúd-flokksins. Í könnun Midgam sem birt var á jóladag, mældist Likúd með 29 prósent og Gantz, er hafði ekki enn stofnað flokk sinn, með sextán prósent.

Verði þetta raunin myndi það reyndar þýða að Likúd bætti við sig fylgi. Flokkurinn fékk 23,4 prósent árið 2015. Ísraelska blaðið Haaretz birti greiningu á stöðunni í gær



Benjamin Gantz og Benjamin Netanjahú á meðan sá fyrrnefndi var enn herforingi. NORDICPHOTOS/AFP

þar sem sagði að lögregla og ríkissaksóknaraembættið vildu ákæra manninn sem líklegast er að myndi stjórna eftir kosningar, Netanjahú, fyrir mútubægni í að minnsta kosti tveimur ákæruðum. Tekið var fram að líklega væru fá fordæmi fyrir þessu í hinum vestræna heimi.

Lögregla mælti opinberlega með því í upphafi desembermánaðar að Netanjahú yrði ákærður fyrir mútubægni.

Málið snýst annars vegar um meintar gjafir frá milljarðamæringum sem sagðir eru vinir forsætisráðherrans og svo boð til fjölmiðils um innleiðingu hagstæðrar löggjafar gegn jákvæðri umfjöllun.

Netanjahú hefur sömuleiðis verið gagnrýndur vegna gerðar vopnahlés við Hamas.

Sú ákvörðun leiddi til þess að einn samstarfsflokkanna sagði sig úr ríkisstjórnarsamstarfinu og minnkaði þingstyrk stjórnarinnar í 61 sæti af 120.

Forsætisráðherrann ákvað svo að flýta kosningunum, sem upphaflega áttu að fara fram í nóvember, vegna þess að stjórna hans var að liðast í sundur vegna umdeilds frumvarps um að koma skyldi á herskyldu fyrir strangrúðustu gyðinga landsins.

Haaretz fullyrkti að auki að Netanjahú myndi reyna, ef hann nær kjöri, að þvinga væntanlega

samstarfsflokka til þess að koma á löggjöf sem bannar að sitjandi forsætisráðherra sé ákærður. „Það hljómar vitfirrt en það er planið. Það er ekkert annað í stöðunni,“ sagði í umfjölluninni.

Vefmiðillinn Times of Israel greindi svo möguleika Gantz og talaði um „baráttu Benjamínanna tveggja“. Þar sagði að miðað við kannanir virtist ólíklegt að hefðbundnir stjórnarandstöðuflokkar næðu að steypa Netanjahú af stóli.

Ef Netanjahú nær að halda forsætisráðuneytinu fram í lok júlí verður hann þaulsetnasti leiðtogi Ísraels. Skýst þannig upp fyrir David Ben-Gurion. thorgny@frettabladid.is

TIL AFGREIÐSLU STRAX



RENAULT
Passion for life

Öflugir vinnufélagar Kíktu í kaffi og reynsluakstur

ENNEM / BJA / NV00714



RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 120 HESTÓFL

Verð frá: **3.218.000** kr. án vsk.
3.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km*



RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÓFL

Verð frá: **4.024.000** kr. án vsk.
4.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*



RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÓFL

Verð: **2.411.000** kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

www.renault.is

Bílasalan Bílas
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Hermenn vörpuðu táragasi á mótmælendur í Austur-Kongó

AUSTUR-KONGÓ Lögregluþjórnar og hermenn skutu upp í loft og beittu táragasi á mótmælendur í borginni Beni í Austur-Kongó í gær. Mótmælendur höfðu þar brennt hjólbarða og ráðist að meðferðarstöðvum við ebólu til þess að tjá óánægju með landskjörstjórn (CENI). Reuters greindi frá.

Kjörstjórn tilkynnti á miðviku-dag um að íbúar í Beni og Butembo fengju ekki að greiða atkvæði í forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara á sunnu-



Lögregla eltir mótmælendur í Austur-Kongó í gær. NORDICPHOTOS/AFP

daginn. Ástæðan er sú að þar geisar ebólufaraldur, sá næstversti í sögu alfunnar. Að minnsta kosti 350 hafa dáði hingað til. Þá er íbúum Yumbi einnig meinað að kjósa vegna þjóð-flokkaátaka.

Borgirnir eru sagðar höfuðvigi stjórnarandstöðunnar og því ólíklegar til þess að kjósa flokk Josephs Kabila forseta, PPRD, og forsetafram-bjóðanda hans, Emmanuels Ramazani Shadary.

Martin Fayulu, vinsæll stjórnarandstöðuframbjóðandi, hvatti í gær

samlanda sína til þess að hefja allsherjarverkfall í dag. „Mér offbýður. Kjörstjórn hefur farið út fyrir öll velsæmismörk,“ sagði Pierre Lumbi, kosningastjóri Fayulu, við blaðamenn.

Kosningarnar verða þær fyrstu í 34 ár þar sem Kabila er ekki á kjörseðlinum. Hann tók við eftir að faðir hans var myrtur árið 2001. Þessar kosningar áttu að fara fram árið 2016 en hefur verið frestað itrekað. Nú óttast stjórnarandstæðingar að PPRD reyni að stela kosningunum. – þea



Mohammed bin Salman, krónprins Sádi-Arabíu. NORDICPHOTOS/AFP

Uppstokkun í ríkisstjórn Sádi-Arabíu

SÁDI-ARABÍA Salman konungur fyrirskipaði í gær uppstokkun í ríkisstjórn landsins. Gerði hann fyrrrverandi fjármálaráðherrann Ibrahim al-Assaf að nýjum utanríkisráðherra. Salman gerði sömuleiðis fleiri breytingar á tveimur æðstu ráðum Sádi-Arabíu. Ráðin hafa umsjón með efnahagsmálum og þjóðaröryggi og stýrir Mohammed krónprins, sem sagður er raunverulegur þjóðarleiðtogi vegna veikinda konungs, þeim báðum.

Að því er kom fram í umfjöllun AP-fréttaveitunnar virðast breytingarnar til þess gerðar að treysta stöðu krónprinsins. Enda eru nýir meðlimir ráðanna sagðir nánir bandamenn hans. Engar breytingar voru gerðar á stöðu krónprinsins. Hann er því sem fyrr bæði varaforsetisráðherra og varnarmálaráðherra.

Þetta eru fyrstu stóru breytingarnar sem gerðar eru á stjórninni í Sádi-Arabíu frá morðinu á blaðamanninum Jamal Khashoggi í Tyrklandi í haust. Mohammed prins hefur verið bendlaður við morðið, sagður annaðhvort hafa fyrirskipað það eða í það minnsta vitað af því. – þea

Skoða að skrá Evrópubúa í þýska herinn

ÞÝSKALAND Leita gæti þurft til annarra ríkja Evrópusambandsins til þess að manna sérfræðistöður, svo sem lækna og upplýsingateknifræðinga, í þýska hernum. Þetta sagði Eberhard Zorn, einn yfirmanna hersins, í viðtali við dagblöð í eigu Funke Mediengruppe gær.

Sjö ár eru liðin frá því herskylda ungmenna var afnumin í Þýskalandi. Því hefur herinn þurft að auglýsa af miklum krafti eftir fólki. Til að mynda til þess að manna stöður í sjóhernum og flughernum.

„Vegna skorts á fólki þurfum við að leita til allra átta að góðu fólki. Einn kosturinn er að leita til annarra Evrópubúa,“ sagði Zorn.

Samkvæmt sömu miðlum hafa stjórnvöld í Berlin nú þegar haft samband við önnur aðildarríki Evrópusambandsins. Einkum ríki í Austur-Evrópu. Nú þegar hefur um hálf milljón ríkisborgara annarra Evrópusambandsríkja, á aldrinum átján til þrjátíu ára, búsetu í Þýskalandi og er hugsanlegt að leitað verði til þess fólks. – þea

VÍNBÚÐIN DALVEGI LOKUÐ 2.-11. JANÚAR

Vínbúðin Dalvegi verður lokuð vegna framkvæmda frá miðvikudeginum 2. janúar til föstudagsins 11. janúar.

Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir eru í Smáralind og í Kaupúni Garðabæ.

Vínbúðir með lengri opnunartíma eru í Skeifunni og Skútuvogi: mán-fös 10-20, lau 11-18.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í enn betri Vínbúð.

VÍNBÚÐIN

Jólagjöfin í ár



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Skjótt skipast veður í lofti. Eftir stöðugar verðhækk-anir var heimsmarkaðsverðið á hráolíu komið yfir 80 Bandaríkjadali í lok september og hafði ekki verið hærra í um fjögur ár. Þrátt fyrir að hafa hækkað um líölega 30 prósent fyrstu níu mánuði ársins töldu flestir greinendur, sökum þess að útlit væri fyrir skort á framboði, engar olíuverðslækkningar vera í spá kort-unum heldur stæðu fremur líkur til þess að verði myndi halda áfram að hækka á næstu mánuðum. Fyrir íslensku flugfélögin, sem hafa staðið höllum fæti og þurfa að greiða jafnvirði um 60 milljarða króna fyrir þotueldsneyti á þessu ári, voru þetta sérstaklega væleg tíðindi. Sem betur fer gengur spárnar ekki eftir heldur hefur heimsmarkaðsverðið á olíu þess í stað hrúnið um nærri 40 prósent á aðeins tæplega þremur mánuðum og stendur núna í um 53 dólum fatið.

Hvað gerist? Orsakirnar eru auðvitað margþættar en skyndilegt oframboð af olíu, einkum vegna aukinnar fram-leiðslu vestanhafs, ásamt væntingum um minni eftirspurn og hægari vöxt í alþjóðahagkerfinu sökum viðskiptastríðs Bandaríkjanna og Kína skýra ekki hvað sist þetta mikla verðfall. Þá hefur ákvörðun aðildarríkja OPEC, samtaka olíuframleiðsluríkja, um að draga úr framleiðslu sinni í því skyni að reyna að vinna gegn frekari lækkun á olíuverði ekki skilað tilætluðum árangri. Brynjólfur Stefánsson, sérfræðingur í hrávörum hjá Íslandssjóðum, benti einnig á það í samtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu að mörg ríki hefðu búið sig undir stífar viðskiptaþvinganir Bandaríkja-stjórnar gagnvart stjórnvöldum í Íran með því að bæta hjá sér birgðastöðuna. Þegar á hölminn var komið reyndust aðgerðirnar mun vægari en haldið var í fyrstu – og með þeim afleiðingum að olíuverði tók að lækka mjög skarpt.

Fáar þjóðir nota jafn mikið af olíu og Íslendingar á hvern íbúa. Sveiflur á olíuverði hafa því gríðarmikil áhrif á allt íslenskt efnahagslíf en olíunotkun Íslendinga hefur stóruak-ist – um 40 prósent frá 2010 – samhliða vexti ferðaþjónust-unnar. Þar skipta flugsamgöngur mestu máli en olíunotkun flugfélaganna hefur þrefaldast á aðeins sjö árum og í fyrsta stóðu þau undir um 38 prósentum af heildarolíunotkun. Mikil verðlækkun á olíu kemur sér því vel fyrir flugfélögin, ekki hvað sist WOW air sem hefur ekki varið eldneftis kaup sin fyrir sveiflum í olíuverði. Áætlað er að fyrir hverja tíu prósentu lækkun á þotueldsneyti hafi það jákvæð áhrif á afkomu Icelandair og WOW air sem nemur um 1.500 til 2.000 milljónum á ársgrundvelli. Það munar um minna á tímum þegar félögin hafa verið að berjast í bókklum.

Það eru auðvitað ekki aðeins fyrirtækin sem njóta góðs af lægra olíuverði. Ávinningurinn fyrir heimilin er ekki síðri þar sem verð er á ýmsum innfluttum vörum ætti að fara lækk-andi og þrýstingur til aukinnar verðbólgu að sama skapi að minnka. Tímasetningin gæti vart verið betri enda er verð-bólgan nú að nálgast fjögur prósent – og hefur ekki mælst hærrí í fjögur ár – sem stafar ekki sist af miklum olíuverðs-hækkunum síðustu misseri og veikingu krónunnar. Flestir hafa talið að Seðlabankinn verði í vaxtahækkunarham á nýju ári, meðal annars vegna hækkingar hrávörurverðs, en samkvæmt grunnsþá bankans gerir hann ráð fyrir að olíu-verð verði í kringum 80 dali á árinu 2019. Haldið verðið hins vegar á svipuðum slóðum og nú mun það auka líkur á að til þess þurfi ekki að koma. Hríðlækkandi olíuverð er því réttnefnd jólagjöfin í ár fyrir íslensku eyðsluklóna.

Halldór



Frá degi til dags

Ekki gera eins...

Garpur Elisabetharson frumsýndi sína fyrstu stuttmynd, Frú Regina, fyrir fullum sal í Bióí Paradís í gær. Hann er sonur Elisabethar Jökulsdóttur, frændi bræðranna Illuga og Hrafnar og byggir myndina á sannri fjölskyldusögu af því þegar langamma hans fór þeim bræðrum að myrða pabba hans, Inga Bæringsson. Hrafn staðfesti sannleiksgildi myndarinnar á Facebook að sýningu lokinni og upplýsti að „amma Elisabeth Engil-ráð atlaði okkur Illuga að myrða Inga Bæringsson, en sjálf ætlaði hún að taka á sig sökina“. Hrafn heldur því til haga að amma hans hafi verið strangheilarleg en þarna hafi hún „reiknað sig til þeirrar niðurstöðu að eina leiðin til að „bjarga“ Ellu Stínu væri að stúta Inga“.

... og amma þín segir þér! Hrafn rekur söguna, sem endaði nokkuð vel í raunveruleikanum, áfram: „Nú hefur Garpur frændi gert óþorganlega stuttmynd upp úr þessari sönnu sögu, sem skartar sjálfri Kristbjörgu Kjeld í aðalhlutverki,“ og bætir við að skömmu eftir, „að amma skaut á fyrsta herráðsfundinum um hvernig mætti stúta Inga sneri hann við blaðinu, fór í meðferð og hefur nú í áratugi hjálpað ótal ungmennum í vanda. Eðlenninni, og ég þakka guði (en ekki ömmu) fyrir að við Illugi skyldum í þetta eina skipti óhlyðnast ömmu!“ thorarinn@frettabladid.is

Vinnum saman gegn fíknivandanum



Vörður Levi Traustason
framkvæmda-
stjóri Sam-
hjalpar

Frá því að fyrstu skjólstaðingarnir komu í meðferð Samhjalpar í bílskúr á Sogaveginum fyrir 45 árum hafa tugþúsundir einstaklinga fengið hjalp.

Á r er síðan greiningardeild embættis ríkislögreglu-stjóra benti á að aðgangur að sterkum fíkniefnum væri að aukast og myndi kosta fjölda manns lífið. Á sama tíma berast fréttir af því að 20% háskólanema hafi notað örvandi lyf sem hafi verið ávísað á einhvern annan. Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir að efla þau meðferðar-úræði sem folki með fíknivanda býst hér á landi.

Frá því að fyrstu skjólstaðingarnir komu í meðferð Samhjalpar í bílskúr á Sogaveginum fyrir 45 árum hafa tugþúsundir einstaklinga fengið hjalp og stuðning frá sam-tökunum til að takast á við fíknivanda sinn.

Í tillögum sem starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði árið 2016 var meðal annars lagt til að fjólgæði yrði afteir-unarplássum á sjúkrahúsum, tryggð fjölbreyttari meðferð-úræði fyrir ólíka hópa og að settar yrðu lágmarkskröfur um gæði og innihald meðferðar, framvindu og árangur. Þá yrði tillit tekið til einstaklingsmiðaðrar meðferðar, kyns og aldurs, komið á samráðsvettvangi og rannsóknir og forvarnastarft eftir. Við viljum gera okkar til að þetta geti orðið að raunveruleika. Um þessar mundir er verið að leggja lokahönd á nýja byggingu á meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti sem rúmar fjölnotasal, aðstöðu fyrir lækni og hjúkrunarfræðinga og eldhús í fállegri náttúru Mos-fellsdalsins og verður það vígt 31. janúar nk. Húsið tengir saman eldri byggingar sem hýsa herbergi heimilismanna. Geta 30 einstaklingar, 10 konur og 20 karlar, verið í með-ferð hverju sinni að lokinni afteitru á sjúkrahúsi.

Draumurinn er að fjölga meðferðarrýmum upp í 40 og efla og bæta þjónustuna með aukinni fjölbreytni í með-ferðarúræðum þ.m.t. þjónustu félagsráðgjafa og sálfræð-inga í góðu samstarfi við aðra sem sinna einstaklingum sem glíma við fíkn, áföll og geðræna sjúkdóma. Samhjalp rekur einnig eftirmeðferðarheimili þar sem um 55 ein-staklingar geta búið í um tvö ár og verið í áframhaldandi meðferð. Þá er Kaffistofa Samhjalpar rekin í Borgartúni 1 þar sem opið er alla daga ársins og um 67.000 máltíðir eru gefnar á ári. Tökum höndum saman gegn þeirri miklu vá sem fíkn er í samfélagi okkar.

Pessi kappi er með þeim flottari. 64 öflug skot með fjölbreyttir ljósadýrð og flottheitum

BJÖRGUNAR-SVEITAKAPPI

64 skot
30 sek
3
5
6

Þú færð þennan kapp á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Klíf í brattann

Í DAG

Þórlindur
Kjartansson

Eftir því sem lífsgæðunum fleygir fram breytast áhyggjur mannanna og metnaður. Fyrir örfáum kynslóðum höfðu foreldrar áhyggjur af því hvort börnin þeirra lifðu bernskuna af. Svo fóru foreldrar að hafa áhyggjur af því hvort börnin hefðu nóg að borða, því næst að þau slósuðu sig—næsta kynslóð vildi forða börnunum frá því að meidda sig, sú þar næsta hafði áhyggjur af því að börn yrðu fyrir óþægindum—og nú til dags hafa foreldrar einna mestar áhyggjur af því að börnunum þeirra leiðist.

Auðvitað eru enn til ýmis alvörusvandamál; fátækt og átakanlegur heilsubrestur hrjáir enn of marga. En flest njótum við í þessum heimshluta þeirra fáheyrðu forréttinda að áhyggjuþefnin eru af léttvægari gerðinni. Þessi staðreynd endurspeglar góða og jákvæða þróun, þrátt fyrir alla rómantik um fortíðina þá vill enginn snúa aftur til þeirra tíma þegar barnadauði var mikill, vinna flestra erfið og slitandi og fólk þurfti að líða ýmiss konar skort á raunverulegum lífshæðisþingum. Hvað þá að við vildum kalla yfir okkur hörmungar, stríð eða eldgos, til þess eins að vekja upp í okkur dyggðir, eins og hugrekki og förnýsi. Þær ágætu dyggðir eru nefnilega þess eðlis að þegar velmegun og öryggi ríkjá reynir lítið á þær. Gallinn er hins vegar sá að það er erfitt að vita hvort þær séu enn til staðar þegar maður telur sig lítið þurfa á þeim að halda.

Metnaðarlaust áramótaheit
Allsnægtirnar eru nefnilega ekki líklegar til þess að draga fram það allra besta í fari okkar. Og það vita allir þeir sem rannsakað hafa hamingjuna að því fer viðs fjarri að hún felist í innantómri velliðan eða lífsnautnum. Sumir virðast meira að segja hafa komist að þeirri niðurstöðu að það séu einmitt þessar gömlu dyggðir—eins og hugrekki og förnýsi—sem líklegastar eru til þess að gera menn raunverulega sátta við tilveruna. Og að það sé jafnvel þess virði að þjálfa upp í sér getuna til þess að umbera skort og óþægindi—svo maður sé óhræddur við að glata einhverju af þeim munaði sem einkennir líf okkar flestra.

Það er ýmist meðvitað eða ómeðvitað sem áramótaheit fela einmitt gjarnan í sér að gefa upp á bátinn einhvern óþarfan lúxus; eða að fara út fyrir þægindarammann með einum eða öðrum hætti. Innst inni vitum við að við höfum gott af því. Líklega er metnaðarminnsta áramótaheit sem ég man eftir það sem skólabróðir minn strengdi skómmu fyrir aldamót. Það fólst nánast áþreifanleg fegurð í því að líf þessa unga manns virtist svo áreynslulaust að honum kom ekkert betra til hugar en að strengja þess heit að halda sig við sömu tegundina af sigarettum út næsta ár. Það eykur enn á sjarmann yfir þessari minningu að jafnvel þrátt fyrir hið yfirþyrmandi metnaðarleysi í heitstrengingunum þá má bóka að allt hafi verið margsvikið, yfirgefið, gleymt og grafið löngu fyrir þrettándann.

Þótt áramótaheitið metnaðarlausu hafi ekki verið sett fram í fullri alvöru þá fólst mikill sannleikur í því að skólabróðir minn hafði um þær mundir ekki áhuga á að leggja á sig meira erfiði eða óþægindi.

Heiður eða þægindi

En það er hollt að hugsa til þess að þegar mikið liggur við þá er óhjákvæmilegt að komast að því hvort hugrekki eða vöðvinn í sálinni sé slappur eða sterkur. Í söngleiknum Söngvaseiði (Sound of Music) segir frá von Trapp fjölskyldunni austurrísku og nunnunni Mariu sem er send að herragarði höfuðsmanns til að hugsa um börnin hans sjö. Kvikmyndin er skemmtileg en undirtóninn grafalvarlegur. Söngvaseiður fjallar nefnilega um hugrekki.

Nunnan María þarf að sigrast á ótta sinum og kvíða þegar hún er send til þess að gæta hinna óstýrlátu barna höfuðsmannsins, og hún þarf að sýna hugrekki þegar hún óhlyðnast valdboði hans ítrekað í þágu barnanna. Þau sýna bæði hugrekki í ástinni sem blómstrar á milli þeirra. En umfram allt sýna þau hugrekki andspænis þeim ægilega veruleika sem héltök Austurríki á þeim tíma sem sagan gerist. Þýskir nasistar og austurrískir fylgismenn þeirra undirbjuggu jarðveginn fyrir sameiningu ríkjanna tveggja undir hakakrossinum.



Áramótaheitin þurfa kannski ekki að umbylta lífi manns, en það er gott að hugsa til þess að þegar maður stígur viljandi ögn út fyrir þægindarammann þá er maður líka að þjálfa sig til þess að þola betur ágjafir og áföll; verða sterkari og gagnlegri öllum þeim sem á mann treysta.

Höfuðsmaðurinn von Trapp vill ekkert með nasista hafa og segir það hverjum sem heyrir vill og rifur sundur fána þriðja ríkisins sem hafinn hafði verið á loft yfir heimili hans. Þegar hann fær svo fyrirskipun frá Berlin um að honum beri að fara til Bremerhaven og taka við stjórn flota í Þýska hernum þá reynir á. Að hafna herkvæðingunni fæli í sér dauðadóm yfir honum sjálfum og fjölskyldunni. En að taka boðinu var í huga höfuðsmannsins einfaldlega óhugsandi. Von Trapp fjölskyldan yfirgaf því ríkmannlegt líf sitt, öll þægindi og lífsgæði og flúði brosandi og allslaus á fæti yfir Alpana, til þess eins að höfuðsmaðurinn gæti haldið heiðri sínum. Þau vissu öll að sársaukinn var þess virði.

Út fyrir þægindarammann

Við komumst ekki hjá því í lífinu að mæta erfiðleikum. Jafnvel í velmegun nútímans mætum við sársauka, sjúkdómum, sorg og dauða. Allir þessir óhjákvæmilegu erfiðleikar lífsins verða þó bærilegri þeim sem hafa til að bera hugrekki, þeim sem ekki bugast heldur berjast.

Við notum oft áramótin til að hugsa um hvernig við getum gert líf okkar betra og einfaldara. Það er stórgóð hefð. Allt sem felur í sér förn, óþægindi eða skort krefst hugrekkis. Hvort sem það er að hætta að reykja eða drekka, hreyfa sig meira, eyða minni peningum eða byrða hollara; það er ekki bara sjálfsaginn, heldur hugrekkið sem kemur manni í gegnum erfiðustu skaflana.

Áramótaheitin þurfa kannski ekki að umbylta lífi manns, en það er gott að hugsa til þess að þegar maður stígur viljandi ögn út fyrir þægindarammann þá er maður líka að þjálfa sig til þess að þola betur ágjafir og áföll; verða sterkari og gagnlegri öllum þeim sem á mann treysta.

LÆKNINGASTOFA Í ÖLDRUNARLÆKNINGUM

hefur verið opnuð af mér í Domus Medica, Egilsgötu, Reykjavík.

Tek að mér öll hefðbundin verk öldrunarlæknis, þar á meðal minnisuppvinnslu, mat á endurhæfingapörf, vistunarpörf ásamt allri nauðsynlegri eftirfylgni, auk annarra hefðbundinna starfa öldrunarlæknis.

Tímapantanir Domus Medica
sími: 563 1000.

Kristmundur Ásmundsson
Öldrunarlæknir.

DOMUS MEDICA

EGILSGÖTU 3 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 563 1000 • domusmedica.is

Actavis

Paratabs®
Parasetamol 500 mg

Léttir á verknum

Paratabs 500 mg filmhúðaðar töflur, innihalda parasetamol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast verkjalyf. Paratabs er notað gegn vægum til miðlungi miklum verkjum og til að lækka hita. Töfluna skal gleypa með glasi af vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Sænskar
GÆÐAVÖRUR



139
kr. 200 g

Olw Saltstangir
250 g



259
kr. 275 g

Olw Kartöfluflögur
3 tegundir, 275 g



179
kr. 165 g

Pringles Snakk
3 tegundir, 165 g



259
kr. 175 g

Voga ídýfur
175 g, 4 teg.



179
kr. 170 g

Doritos Snakk
3 tegundir, 170 g



98
kr. 1 l

Pepsi
1 lítri



95
kr. 200 ml

Britvic Gos
3 tegundir, 200 ml



298
kr. 350 ml

Bónus Graflaxsósá
350 ml

ÍSLENSKUR
Lax



2.979
kr. kg

NF Reyktur og grafinn lax
Flök

Brunatími allt að
10 KLST.



159
kr. 2 stk.

Hansa Útikerti
2 stk.

ÍSLENSK
framleiðsla



298
kr. stk.

Bjarg Útikerti
Íslenskt



398
kr. stk.

Hansa Útikerti
Stórt



Verð gildir til og með **31. desember** eða meðan birgðir endast.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

HÁTÍÐARMATUR
á góðu verði í Bónus

4.598
kr. kg

Nautaland
Þýskaland, frosin

Opnunartími

Milli jóla og nýárs

28. des.	10:00-19:30	Föstudagur
29. des.	10:00-20:00	Laugardagur
30. des.	10:00-19:00	Sunnudagur
31. des.	10:00-15:00	Gamlársdagur

Ferskur
VEISLUFUGL
með fyllingu

1.098
kr. kg

Veislufugl
Með fyllingu, ferskur

500ml

498
kr. 500 ml

ÍS Piparostarjómásósa, 500 ml
ÍS Rjómásveppasósa, 500 ml

98%
kjöt

Kalkúnabringa

2.198
kr. kg

Kalkúnabringa
Þýskaland, frosin

ÍSLENSKT
gjórid svo vel

Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt

4.598
kr. kg

ÍN Ungnauta Ribeye
Ferskt og fullmeyrnað

4.598
kr. kg

ÍN Ungnauta Fillet
Ferskt og fullmeyrnað



BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Lærði mjög mikið á þessu ári

Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir CrossFit-keppandi segir árið sem brátt er á enda hafa kennt henni mikið. Meiðsli settu strik í reikninginn hjá henni á árinu og þurfti hún að takast á við langa fjarveru í fyrsta skipti.

CROSSFIT Það skiptust á skin og skúrir á árinu sem nú er að líða í aldanna skaut hjá Ragnheiði Söru Sigmundsdóttur CrossFit-keppandi. Hún stóð sig vel á þeim mótum sem hún keppti á, en var fjarverandi í þó nokkurn tíma þar sem hún rifbeinsbrotnaði í tvingang á þessu ári. Henni fannst andlega erfitt að geta ekki æft af fullum krafti eins og hún er vön að gera, en þetta er í fyrsta skipti sem hún meiðist alvarlega eftir að hún fór að stunda CrossFit af fullri alvöru.

„Þetta var mjög lærdómsríkt ár. Ég lenti í meiðslum í fyrsta skipti á ævinni og lærði að eiga við það. Nú stefni ég að því að koma sterkari til baka og ná fullum styrk á nýju ári. Það tók mjög mikið á andlega að geta ekki tekið þátt í þeim mótum sem ég missti af. Mig klæjaði í puttana og fætturna að komast aftur í fulla æfingu og að geta keppt,“ segir Sara í samtali við Fréttablaðið.

„Ég hef aldrei verið goð í að hlusta á líkamann og stoppa þegar eitthvað er að. Þessi meiðsli kenndu mér það að ég þarf kannski að vera skynsamari á köflum og láta líkamann en ekki hjartað ráða för. Þarna átti ég reyndar engna annarra kosta vól en að hætta að æfa. Ég rifbeinsbrotnaði og var frá í tölurverðina tíma vegna þess og það var svo mikið högg að brotna á sama stað aftur. Það var yndisleg tilfinning að geta byrjað að æfa aftur og algerlega frábært að vera kominn í gott stand þegar mótið í Dubai fór fram fyrir þessum mánuði,“ segir hún um árið og þátttöku sína á Dubai CrossFit Championship.

„Það er besta tilfinningin í heimi að keppa á stærsta sviðinu og árangurinn í Dubai var framar vonum þegar tekið er mið af því hvernig undirbúningurinn var hjá mér. Ég fann ekkert fyrir meiðslunum, en ég var frekar stressuð og mér leið eins og þegar ég var að keppa í fyrsta skipti á erlendum vettvangi. Stressið gerði það að verkum að ég gerði nokkur klaufaleg mistök sem ég er ekki vön að gera og þau urðu mér að falli. Af þeim sökum náði ég ekki að berjast af alvöru um sigurinn, en ég er ánægð með frammistöðuna samt



Fjórmenningarnir Annie Mist Þórisdóttir, Katrin Tanja Davíðsdóttir, Björgvin Karl Guðmundsson og Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir eru fremst á meðal jafningja af íslenskum CrossFit-keppendum nú um stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ENIR

●● Það tók mjög á andlega að geta ekki tekið þátt í þeim mótum sem ég missti af. Árangurinn í Dubai var framar vonum þegar tekið er mið af undirbúningnum fyrir mótið.

Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir

sem áður,“ segir þessi öfluga kona.

„Næst á dagskrá er mót í Miami þar sem sæti á Heimsleikunum er í boði. Það verður gott að komast út í sólina og keppa við bestu aðstæður. Nú er bara markmiðið hjá mér að ná fyrri styrk og tryggja mig inn á Heimsleikana eins fljótt og mögu-

legt er. Eftir að hafa misst af nokkrum mótum vegna meiðsla á þessu ári er ég fyrir vikið enn spenntari fyrir þeim mótum sem fram undan eru,“ segir Sara.

„Mér list mjög vel á þetta nýja fyrirkomulag sem verður á Heimsleikunum í ár. Það eru fleiri keppnir og það virðist vera sem leikarnir sjálfir fari fram yfir lengri tíma. Við eigum fleiri möguleika á að komast í aðalkeppnina. Þá þarf maður að vera í góðu formi á lengri kafla frekar en að toppa bara á einhverjum einum eða tveimur fyrirfram gefnum tímupunktum. Mér list bara vel á það. Það er líka algerlega frábært að ein undankeppnin fari fram hér á landi,“ segir hún um Reykjavík CrossFit Games sem haldið verður

hér á landi 3.-5. maí.

Þetta verður hálfgerð deýja vu frá Íslandsmótunum í gamla daga. Þarna verður sviðuð stemming þar sem stöðvarnar koma saman og hvetja sína keppendur og lið til dáða. Ég finn fyrir mikilli spennu frá CrossFit-samfélaginu að utan fyrir að koma hingað. Bæði fyrir að koma hingað til þess að keppa og sjá og upplifa íslenska náttúru. Víkingabemað og það að Game of Thrones hafi verið tekið upp hér-landið er alls ekki að spilla fyrir þeirri spennu. Ég er persónulega mjög spennit fyrir þessu,“ segir hún enn fremur um það að undankeppni Heimsleikanna fari fram í fyrsta skipti á íslenskrum grundu. hjorvaro@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

S'oton - West Ham

1-2

1-0 Nathan Redmond (50.), 1-1 Fellepe Anderson (53.), 1-2 Anderson (59.).



Martin Hermannsson minnti hressilega á sig í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Stigahæstur í endurkomunni

KÖRFUBOLTI Eftir að hafa verið frá keppni vegna meiðsla í tæpa tvo mánuði sneri Martin Hermannsson aftur í lið Alba Berlin þegar það vann Giessen 46ers, 108-96, í þýsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gær.

Martin lék í 20 mínútur og nýtti þær einstaklega vel. Íslenski landsliðsmaðurinn skoraði 19 stig og var stigahæstur á vellinum. Martin hitti úr sex af átta skotum sínum utan af velli og nýtti öll sex vítaskotin sín. Hann tók auk þess þrjú fráköst og gaf þrjár stoðsendingar.

Alba Berlin er í 2. sæti þýsku deildarinnar með 18 stig, sex stigum á eftir toppliði Bayern München sem hefur leikið einum leik meira en Martin og félagar. Næsti leikur Alba Berlin er gegn Bremerhaven á morgun. – íps



Alfred Gíslason getur leyft sér að brosa þessa dagana enda gengur Kiel allt í hagin. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsti leikur í undirbúningnum í kvöld

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta hóf æfingar fyrir heimsmeistaramótið, sem hefst í janúar á komandi ári, skömmu fyrir jól. Guðmundur Þórður Guðmundsson og Gunnar Magnússon völdu þá 20 manna leikmannahóp fyrir mótið, en með liðinu æfðu einnig nokkrir leikmenn úr B-landsliðinu. Keppni lýkur ekki í Noregi og Svíþjóð fyrr en skömmu fyrir áramót og leikmenn íslenska liðsins sem leika þar koma seint til móts við hópinn. Þá var leikið í þýsku efstu deildinni í gærkvöldi. Þar áttust Guðjón Valur Sigurðsson og samherjar hans hjá Rhein-Neckar Löwen og Gísl Þorgeir Kristjánsson og félagar hans hjá Kiel við.

Ísland leikur fyrsta æfingarleik sinn af fimm þegar liðið og lærisveinar Arons Kristjánssonar hjá Baren leiða saman hesta sína í kvöld. Þetta er fyrri leikur af tveimur sem liðin leika, en þau verða svo saman í riðli á heimsmeistarátönu. Auk Íslands og Bareins

eru Króatía, Spánn, Makedónía og Japan undir stjórnum Dags Sigurðssonar í B-riðli mótsins sem leikinn verður í München í Þýskalandi.

Seinni leikur Íslands og Bareins fer fram á sunnudaginn kemur, en báðir leikirnir verða leiknir í Laugardalshöllinni. Ísland tekur svo þátt í fjögurra liða æfingamóti í Noregi dagana 5.-6. janúar. Þar mætir íslenska liðið Noregi, Brasilíu og loks Erlingi Richardssyni og liðsmönnum hans hjá Hollandi. Þaðan heldur liðið svo til München og mætir Króatíu í fyrsta leik riðla-keppinnar föstudaginn 11. janúar.

Guðmundur Þórður sagði á blaðamannafundi sem haldinn var á dögnum að fyrri leikurinn gegn Baren sem háður verður í kvöld verði notaður til þess að gefa öllum leikmönnum liðsins tækifæri á að spreya sig. Þá væri hitt markmiðið í leiknum að gera tilraunir og æfa afbrigði sem liðið ætlaði að hafa í pokahorninu í varnar- og sóknar-leik þegar á stóra sviðið kemur.



Skyttan Ómar Ingi Magnússon verður í eldlinunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Gísl Þorgeir Kristjánsson, Haukur Prastarson og Rúnar Kárasón hafa allir verið að glíma við meiðsli undanfarið og leikurinn verður enn fremur nýttur til þess að kanna hvort þeir séu reiðubúnir til þess að leika með íslenska liðinu þegar á hölminn er komið á heimsmeistarátönu. Guðmundur Þórður valdi

fjöra leikstjórnendur í leikmannahóp sinn sem æft hefur síðustu daga til þess að vera viðbúinn því að Gísl Þorgeir og Haukur verði ekki orðnir nógu góðir af þeim meiðslum sem hafa verið að plaga þá.

Leikur Íslands og Bareins hefst klukkan 19.30 í kvöld og leikurinn á sunnudaginn klukkan 16.00. – hó

Nítján sigrar í röð hjá Kiel

HANDBOLTI Kiel lagði Rhein-Neckar Löwen að velli, 31-28, í stórleik í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Þetta var nítjándi sigur Kiel í röð í öllum keppnum.

Strákarnir hans Alfreds Gíslasonar eru fjórum stigum á eftir toppliði Flensburg sem hefur unnið alla 19 leiki sína í þýsku deildinni á tímabilinu. Keppni í deildinni hefst aftur í febrúar, eða eftir að heimsmeistarátönu lýkur.

Guðjón Valur Sigurðsson átti stórleik fyrir Löwen og skoraði níu mörk. Alexander Petersson skoraði fjögur mörk. Ljónin frá Mannheim eru í 3. sæti þýsku deildarinnar, sjö stigum á eftir Flensburg.


Gísl Þorgeir Kristjánsson lék ekki með Kiel í gær en hann hefur glímt við meiðsli að undanförmu. – íps

MARKAÐURINN

Föstudagur 28. desember 2018

48. tölublað | 12. árgangur

FYLGITRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Viðskiptamaður ársins 2018

Kapallinn gekk upp

Guðmundur Kristjánsson er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins. Hann keypti meira en þriðjungshlut í HB Granda í vor fyrir 21,7 milljarða og fjármagnaði kaupin með umfangsmikilli eignasölu. Vill breyta nafni HB Granda í Brim. » 8-9



»2-4

Viðskipti ársins

Um 50 milljarða króna sala CCP til Pearl Abyss eru viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins. Forstjóri CCP segir að þrautseigja sé listin við nýsköpun. Kom aldrei til greina að gefast upp.

»6

Verstu viðskipti ársins

Kaup á skuldabréfum WOW air í útboði flugfélagsins í september eru verstu viðskipti ársins. Fjármögnunin, um átta milljarðar króna, er sögð engan veginn hafa dugað flugfélaginu og komið allt of seint, að mati álitsgjafa.

»14-16

Við áramót

Fjölbreyttur hópur stjórnenda fyrirtækja og forsvarsmanna hagsmunasamtaka í atvinnulífinu gerir upp árið sem er að liða og hvaða væntingar þeir hafa til ársins 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FIAT ATVINNUBÍLAR



FIAT DUCATO
Verð frá 3.943.548 án vsk.
4.890.000 m/vsk.



FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.



FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.



FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ISABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSADILI FIAT • ÞVERHOLTÍ 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5ÁRA
ABYRGÐ

Sannar að þetta „eitthvað annað“ er til

Framkvæmdastjóri CCP segir að þrautseigja sé listin við nýsköpun. Aldrei kom til greina að gefast upp. Hann lærði auðmýkt á tveggja áratuga uppbyggingarstarfi. Óskilgreind afkvæmi CCP séu um allar jarðir. Lifeyrissjóðir komi meira að fjárfestingum í nýsköpun.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivi@frettabladid.is



Sála tölvuleikjafyrirtækisins CCP til suðurkóreska tölvuleikjaframleiðandans Pearl Abyss fyrir 425 milljónir dollara, jafnvirði 50 milljarða króna á núverandi gengi, var valin viðskipti ársins af fjölskipaðri dómnefnd Markaðarins. „Verðlaunin gleða mig mikið. Þau eru mikil viðurkenning á því sem við höfum áorðað á þessu ári. Fram hefur komið í fjölmiðlum að um var að ræða stærstu sölu á nýsköpunarfyrirtæki í sögu Íslands,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins til 18 ára og einn af stærstu hluthöfumum með 6,5 prósentu hlut.

„Ég vona að þessi kaflaskil í sögu CCP, sem skiluðu hluthöfum góðri ávöxtun, sanni það í eitt skipti fyrir öll að þetta „eitthvað annað“ – sem oft er nefnt þegar hugsað er til áhuga-verðra og umhverfisvænna starfa – er til í alvörunni. Vonandi vakna fjárfestar og þá sérstaklega lifeyrissjóðir af værum blundi. Við þurfum að verja herra hlutfalli af eignum lifeyrissjóða í slíkar fjárfestingar til að skapa þér blómlegt og skemmtilegt samfélag sem er eftirsóknarvert að taka þátt í. Ef rétt er haldið á spilið munu fjárfestar og samfélagið njóta góðs af, eins og dæmin sanna.“

Hver er listin við að koma á fót blómlegu nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi?

„Listin við nýsköpun er fyrst og fremst þrautseigja. Þegar litir er til farsælla nýsköpunarfyrirtækja sem hafa orðið stór alþjóðlega, eins og CCP, Össur og Marel, eiga þau þrautseigjuna sameiginlega. Það er ekkert gefið í viðskiptum. Það þarf að berjast fyrir öllu.“

Talandi um það, það hafa skipt á skin og skúr í rekstri CCP, stundum gekk vel og stundum var rönn lifróður. Missir þú þá aldrei trúna og hugsadur: Úff. Nú er þetta búið?

„Ég missti aldrei trúna en það voru



Hilmar Veigar Pétursson segir að mörg lönd hafi lagt mikla vinnu í að skapa aðstæður sem ýti undir nýsköpun.

vissulega mörg tímabil þar sem það var full ástæða til að ætla að þetta væri einfaldlega búið. En við fundum alltaf einhverja leið, alveg sama hvað dalirnir voru djúpir.“

Hvað gaf þér kraft þegar á móti blés? Hvað hugsar maður?

„Afstæða okkar var, að við ætl-uðum aldrei að gefast upp. Það kom aldrei til greina að gefast upp og koðna niður áður en allt var full-reynt. Annaðhvort yrði fyrirtækið að lokum selt eða gjaldþrota.“

Hvað hefur þú lært af tveggja áratuga uppbyggingarstarfi?

„Auðmýkt. Á tímabili héldum við að við gætum gert hvað sem var. Það var vegna þess að okkur tókst að framleiða EVE Online á Íslandi og gera hann vinsælan erlendis. Það var að mörgu leyti gersamlega

● ● Ég missti aldrei trúna en það voru vissulega mörg tímabil þar sem það var full ástæða til að ætla að þetta væri einfaldlega búið.

ömögulegt verkefni. Þá fórum við að halda að við værum merkilegri en við erum. En það hefur ýmislegt gengið á hjá okkur, og þá lærir maður auðmýkt, því þetta hefur á stundum verið mjög erfitt. Við það verður nálgunin eðlilegri og árangurinn merkilegri.“

Spilaði þú þá aldrei vel heppnaðri sölu til alþjóðlegs fyrirtækis að hafa vel tengda fjárfesta í hópi hluthafa,

þannig að þeir þekktu mann og annan í alþjóðlegum tækniheimi?

„Það var gæfuspör fyrir fyrirtækið að fá reynda og erlenda hluthafa í hópinum árin 2005-2006. Þegar kom að söluinni nutum við góðs af því hvað það voru margir reyndir fjárfestar í hópnun. En innan dyra hjá okkur hafði sömuleiðis skapast dýr-mæt reynsla enda er fyrirtækið orðið 21 árs. Hún nýttist einnig vel. Þetta er ekki endapunktur í sögu CCP heldur nýr kafla undir öðru eignarhaldi. Það mun ekki hafa sérstakar breytingar í för með sér, aðrar en að við erum kominn í lið með kóresku leikjafyrirtæki.“

Einn í dómnefndinni hafði einmitt á orði hve gleðilegt það væri að CCP yrði sjálfstæð eining innan samstæðunnar.

„Það er tiltölulega algengt fyrir-komulag hjá asískum fyrirtækjum. Þetta er enn fremur yfirlýsing um að við hjá CCP kunnum okkar fag.“

Er auðveldara núna að ná árangri alþjóðlega með nýsköpun frá Íslandi en fyrir 21 ári þegar CCP var stofnað?

„Það er að einhverju leyti auðveldara og að einhverju leyti erfiðara. Nú er til meiri þekking á að selja nýsköpun á alþjóðavísu en þegar við vorum að stiga okkar fyrstu skref. Á þeim tíma var hún af skornum skammti. Það eru kannski ekki til reiðinnar bysn af henni nú en hún er til staðar.

Þegar CCP var að stiga sín fyrstu skref var internetið tiltölulega nýtt af nálinni. Það skapast ávallt mikil tækifæri þegar ný tækni er að finna sér farveg. Nú á dögum er internetið nokkuð proskað og erfiðara að finna glufur á markaðnum en þegar við fórum af stað með EVE Online. En það eru alls kyns tækniþýtingar um þessar mundir, það þarf bara að hafa augun opin fyrir tækifærum.

Núna er mun meiri samkeppni á sviði nýsköpunar og mörg lönd hafa lagt mikla vinnu í að skapa aðstæður sem ýti undir nýsköpun. Ísland hækkaði nýverið þak á endurgreiðslur af rannsóknar- og þróunarstarfi. Það var skynsamlegt skref en ég hvet íslensk stjórnvöld til að taka fleiri slík skref og afnema þakið, enda er um að ræða alþjóðlega samkeppni sem við megum ekki verða undir í. Of mikið er undir.“

CCP er eins konar afsprengi OZ. Erú miklar líkur á að fyrrverandi starfsmenn CCP muni nýta sína reynslu og stofna nokkurn fjölda fyrirtækja?

„Við lærðum margt þegar við störfuðum hjá OZ sem eflast gerði það að verkum að við náðum lengra en annars hefði verið raunin. Á 20 árum hafa þúsundir starfsmanna unnið hjá CCP. Á undanföllum áratug hafa fyrrverandi starfsmenn stofnað fyrirtæki. Þæði hér á Íslandi og erlendis, ásamt því að margir eru í lykilstöðum hjá erlendum leikjafyrirtækjum. Það eru óskilgreind afkvæmi CCP um allar jarðir. Ég vona að það haldi áfram.“

RAFMÓTORAR



Dómnefnd Markaðarins

Agnar Tómas Möller framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA – Andrés Jónsson eigandi Góðra sam-skipta – Arnar Sigurðsson vinsali og innflytjandi hjá Sante Wines – Ari Edwald forstjóri MS – Ari Fenger forstjóri Nathan & Olsen – Ármann Þorvaldsson forstjóri Kviku – Ásgeir Helgi Reykjfjörð Gylfason framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs Kviku – Árni Mariasson forstöðumaður markaðsviðskipta Landsbankans – Baldur Stefánsson framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku – Baldvin Björn Haraldsson meðeigandi BBA Legal – Benedikt Gíslason stjórnamaður í Arion banka – Birna Einarssdóttir bankastjóri Íslands-banka – Bjarni Eivinds Þrastarson framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kviku – Bjarni Þórður Bjarnason aðstoðarframkvæmdastjóri Arctica Finance – Björgvin Guðmundsson meðeigandi KOM – Björgvin Ingi Ólafsson sviðsstjóri hjá Deloitte – Daniel Helgason fjárfestir – Flóki Halldórsson framkvæmdastjóri Stefnis – Guðjón Ármann

Guðjónsson framkvæmdastjóri Hópbila – Guðrún Hafsteinsdóttir eigandi Kjöriss og stjórnaformaður Lifeyrissjóðs verslunarmanna – Grimur Sæmundsen forstjóri Bláa lönsins – Hannes Frimann Hrólfsson framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku – Haraldur I. Þórðarson forstjóri Fossa markaða – Heiðar Guðjónsson fjárfestir og stjórnaformaður Sýnar – Helga Valfells forstjóri Strawberry Capital – Helgi Magnússon fjárfestir – Helgi Vífill Júlíusson viðskiptablaðamaður á Fréttablaðinu – Hermann Þórisson forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum – Hrund Rudolfssdóttir forstjóri Veritas – Hörður Ágísson ritstjóri Markaðarins – Jakob Ásmundsson forstjóri Kortabjónustunnar – Jón Gunnar Jónsson forstjóri Bankasýslu ríkisins – Jón Sigurðsson fjárfestir – Jón Skaftason framkvæmdastjóri 365 Invest – Kjartan Smári Höskuldsson framkvæmdastjóri Íslands sjóða – Kristinn Ingi Jónsson viðskiptablaðamaður á Fréttablaðinu – Lilja

Björk Einarssdóttir bankastjóri Landsbankans – Lýður Þorgeirsson framkvæmdastjóri fjárfestingar-bankasviðs Arion banka – Margrét Sanders formaður Samtaka verslunar og þjónustu – Marínó Örn Tryggvason aðstoðarforstjóri Kviku – Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar – Ólaf Skaftadóttir ritstjóri Fréttablaðsins – Sigurður Atli Jónsson stjórnaformaður Íslenskra verðbréfa – Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins – Svanhildur Nanna Vigfússdóttir fjárfestir – Stein-gímur Helgason forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans – Þorbjörn Atli Sveinsson sérfræðingur hjá Íslenskum fjárfestum – Þorsteininn Friðrik Halldórsson viðskiptablaðamaður á Fréttablaðinu – Þorbjörn Þórðarson fréttamaður á Stöð 2 – Örn Arnarson sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja – Ágíur Már Þórisson forstjóri Advania á Íslandi.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjóri@markadurinn.is | Sími 550 5000

Ritstjóri Hörður Ágísson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingagæðendur auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Gleðilegt nýtt ár

Starfsfólk Kviku óskar landsmönnum gleði og farsældar á nýju ári og þakkar fyrir viðskiptin og samskiptin á árinu sem er að líða

KVÍKA

kvika.is

Salan á Iberica skilaði margfaldri ávöxtun

2. Salan á Solo Seafood, eiganda spænska sölufyrirtækisins Icelandic Iberica, til íslenska sjávarútvegisfyrirtækisins Iceland Seafood International, sem gekk endanlega í gegn í september, hafnaði í öðru sæti í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptum ársins.

„Ávöxtunin er svakaleg á átján mánuðum,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins og visir til þess að seljendurnir hafi selt fyrirtækið á fjórfalt hærri verði en þeir greiddu fyrir það í lok árs 2016. Að teknu tilliti til þess að riflega 40 prósent af kaupverðinu var fjármagnað með lánsfé sjöfölduðu fyrrverandi eigendur Icelandic Iberica fjárfestingu sína.

Sjávarsýn, fjárfestingafélag Bjarna Ármannssonar, Hjörleifur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Icelandic Iberica, og sjávarútvegisfyrirtækin Nesfiskur, Jakob Valgeir og FISK Seafood seldu Icelandic Iberica til Iceland Seafood en greitt var með 1.025 milljónum nýjum hlutum í síðastnefnda féluginu, að virði 8,1 milljarða króna, og peningagreiðslu upp á 64 milljónir króna.

Seljendurnir eignuðust þannig



Bjarni Ármannsson.

samanlagt 44 prósent hlut í Iceland Seafood en í kjölfar kaupanna var Bjarni kjörinn stjórnarformaður sjávarútvegsfélagsins.

Til samanburðar keypti umræddur fjárfestahópur Iberica af Icelandic Group í desember 2016 fyrir riflega 1,8 milljarða en síðar-nefnda félagið var þá í eigu Framtakssjóðs Íslands. Kaupendurnir lögðu á þeim tíma sjálfir til tæplega 1,1 milljarð til kaupanna en það sem eftir stóð, um 700 milljónir króna, var fjármagnað með lánsfé. Verður álitsgjöfum Markaðarins tíðrætt um þá góðu ávöxtun sem fjárfestingin skilaði á einungis einu og hálfu ári.

„Fjárfestahópnun tókst að kaupa félagið á góðu verði og margfalda virði fjárfestingarinnar þegar það var selt inn í Iceland Seafood. Þeir eru komnir með markaðsskráð bréf auk þess sem hópurinn er orðinn leiðandi í féluginu eftir sölu,“ nefnir einn álitsgjafi.

Annar segir bæði kaupanda og seljendur hafa notið góðs af viðskiptunum. „Seljendur innleystu góðan hagnað við sölu. Þá hefur gengi Icelandic Seafood hækkað um nærri 30 prósent frá því að tilkynnt var um kaupin,“ tekur hann fram.

Markaðsvirði Icelandic Seafood er riflega 20 milljarðar króna og bendir einn úr dómnefndinni á að félagið sé orðið stærra en mörg félög á aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Sala CCP viðurkenning fyrir íslenskt hugvit

Álitsgjafar Markaðarins segja sölu á CCP til Pearl Abyss fela í sér viðurkenningu á því uppbyggingarstarfi sem hafi verið unnið innan fyrirtækisins. Salan sé engin tilviljun. Um er að ræða stærstu sölu á íslensku tæknifyrirtæki frá upphafi.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



51

milljarður króna er kaupverð Pearl Abyss á CCP.

Það er ekki auðvelt að byggja upp alþjóðlegt fyrirtæki á Íslandi frá grunni og koma því í sölu erlendis.

Úr umsögn dómnefndar



Björgólfur Thor Björgólfsson.

„Svona hlutir gerast ekki af sjálfu sér og það má ekki vanmeta þá miklu vinnu sem fer í að rækta tengsl og búa til áhuga fjárfesta á fyrirtækinu. Það var ekki selt í netverslun,“ bætir álitsgjafinn við.

Enn einn álitsgjafinn segir sölu fela í sér mikla viðurkenningu á því starfi sem hafi verið unnið innan CCP síðastliðna tvo áratugi.



„Fleiri jákvæðar fréttir bárust af sölu á eignarhlutum í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum á árinu en salan á CCP stendur upp úr hvað varðar stærð viðskipta,“ nefnir hann.

Hilmari Veigari Péturssyni, sem hefur starfað hjá CCP í átján ár og stýrt féluginu í fjórtán ár, er hrósað sérstaklega fyrir að hafa leitt uppbyggingu tölvuleikjaframleiðandans, endurreist fyrirtækið og látið það í hendur Pearl Abyss fyrir mikla fjármuni.

Hilmari Veigar átti um 6,5 prósent hlut í CCP en aðrir hluthafar voru til að mynda fjárfestingafélagið Novator Partners, sem er meðal annars í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, og tengd félög með riflega 43 prósent hlut, bandaríski framtakssjóðurinn New Enterprise Associates með 23 prósent hlut og bandaríski fjárfestingasjóðurinn General Catalyst Partners með rúman 21 prósent hlut. Aðrir minni hluthafar áttu samanlagt 5,7 prósent.

Novator varð stærsti hluthafi CCP árið 2005 og ári síðar lagði General Catalyst Partners tölvuleikjaframleiðandanum til fé. New Enterprise Associates fór í hluthafahópinn fyrir þremur árum þegar framtakssjóðurinn, sem er einn stærsti sinnar tegundar í heiminum, fjárfesti í féluginu fyrir um fjóra milljarða króna. Umræddir fjárfestar högnuðust ríkulega á fjárfestingu sinni.

Kaupin í HB Granda djörfustu viðskiptin

3. Kaup Útgerðarfélags Reykjavíkur, áður Brims, á liðlega þriðjungshlut í HB Granda hlutu þriðja sætið í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptum ársins. Seljendur voru félagin Vogun og Fiskveiðihlutafélagið Venus, sem fóru með sölnunni út úr hluthafahópnum, og var verð hlutarins um 21,7 milljarðar króna.

„Þetta eru djörfustu viðskipti ársins,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins.



Guðmundur Kristjánsson.

Í kjölfar kaupanna gerði Útgerðarfélag Reykjavíkur, sem er að mestu í eigu Guðmundar Kristjánssonar, öðrum hluthöfum í HB Granda yfir-tökutilboð. Svo fór að færst hluthafanna ákváðu að taka tilboðinu eða aðeins eigendur að samantlagt um þrígga prósent hlut og fór eignarhlutur Útgerðarfélags Reykjavíkur í féluginu því upp í 37 prósent.

„Guðmundur náði að halda flestum stóru fjárfestunum inni, þar á meðal lífeyrissjóðunum, þrátt fyrir að vera umdeildur,“ nefnir einn af álitsgjöfum. „Kannski segir það að peningar eru oftast blindir á persónur ef þeir sýna árangur. Að minnsta kosti þegar menn hætta sínum eigin peningum,“ bætir sá hinn sami við.

Vogun er í eigu Hvals en stærsti hluthafi þess félags er Fiskveiðihlutafélagið Venus með um 43 prósent hlut. Það félag er síðan aftur að stærstum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu.

„Það hlýtur að teljast afrek að hafa sannfært Kristján Loftsson um að selja sér,“ segir einn úr dómnefndinni. Annar bendir á að um hafi verið að ræða risaviðskipti sem hafi í kjölfarið hleypt af stað keðju af öðrum áhugaverðum breytingum á eignarhaldi í sjávarútvegi.

„Til að mynda losnaði um flækjuna í Vestmannaeyjum við sölu á hlut Brims í Vinnslustöðinni til Kaupfélags Skagfirðinga,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins en Guðmundur, sem minnihlutaeigandi í Vinnslustöðinni, hafði um árabil staðið í hördum deilum við meirihlutaeigendurna undir forystu Sigurgeirs Brynjar Kristgeirssonar framkvæmdastjóra.

Annar álitsgjafi nefnir að viðskiptin hafi ekki verið síður góð frá sjónarhóli seljenda, Vogunar og Fiskveiðihlutafélagsins Venusar.

„Kristján seldi bréfin á fimmtán prósentum yfir markaðsverði og í einum rykk. Það er ekki ónýtt að „cash-a“ út með þeim hætti,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins.

Önnur viðskipti sem voru nefnd sem þau bestu

■ Margir álitsgjafar nefndu kaup Kviku banka á öllu hlutafé í GAMMA Capital Management sem viðskipti ársins. „Kaupin voru gerð á hárréttum tíma,“ segir einn úr dómnefndinni. „Þar kom berlega í ljós munurinn á Kviku og stóru bóðkunum þremur. Þeir eru svífseminir, seinheppnir og með ranga nálgun við markaðinn,“ segir hann.

„Verðið sem Kvika greiðir fyrir GAMMA er lágt,“ nefnir einn álitsgjafi. „Það er mikill mannauður í GAMMA, ekki síst í Agnari Tómasi Möller sjálfum en fáir á landinu hafa betri yfirsýn og þekkingu á skuldbærfamarkaðnum. Það var nauðsynlegt fyrir GAMMA að fá þessa „hreinsan“ eftir allt vesið í kringum annan stofnandann.“

■ Salan á The Icelandic Milk and Skyr Corporation, sem selur skyr

undir vörumerkinu Siggi's skyr, til franska mjólkurrissans Lactalis var nokkrum álitsgjöfum Markaðarins hugleikin. Félagið var stofnað af Sigurði Kjartani Hilmarsyni árið 2006. „Þetta er mögnuð þrautseigjusaga einstaks frumkvöðuls. Hann er næstfarselasti jógúrtfrumkvöðull heims á eftir Hamdi Ulukaya, stofnanda Chobani,“ nefnir einn álitsgjafi.

■ Salan á hugbúnaðarfyrirtækinu Bókun, sem var stofnað árið 2012, til bandarísku bókunar-siðunar TripAdvisor, var í sumum tilvikum nefnd í sömu andrú og salan á Siggi's skyr. „Það bókun tilfellið stofna ungir frumkvöðlar fyrir-



Hjalte Baldursson, forstjóri Bókunar.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka.

tæki og með dugnaði, eljusemi og mörgum réttum ákvörðunum – og nokkrum röngum – tekst þeim að búa til alþjóðleg fyrirtæki sem freista stóru fyrirtækjarsinna,“ nefnir einn álitsgjafi.

„Það eru fáir sem gera sér grein fyrir því hversu erfitt þetta er og hve mörgum öðrum hefur mistekist það sem þessum ungu frumkvöðlum tókst,“ bætir hann við.

■ Nokkrir nefndu kaup N1 á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins, sem bestu heppnuðu viðskipti ársins. „Mikil samlegðaráhrif munu hljóta af sameiningunni og til verður öflugt og arðsamt fyrirtæki,“ segir einn.

■ Þá hlaut hlutafjárútbóð og skráningur Arion banka í Kauphöll á Íslandi og í Svipjóð nokkur atkvæði. „Frábær framkvæmd á tæknilega flökinni, tvöfaldr skráningu og risastóru útbóði. Umframskrift bæði hér á landi og erlendis var margföld,“ nefnir einn álitsgjafi.

„Þrátt fyrir að gengi bankans hafi ekki verið merkilegt frá skráningu er það afrek að koma hlutabréfum hans á markað og þá er gríðarlega mikilvægt fyrir hagræði að fjármálafyrirtæki landsins séu á markaði,“ tók annar fram.

■ Önnur viðskipti sem voru nefnd voru meðal annars fyrirhuguð fjárfesting Indigo Partners í WOW air, sala Stoða og íslenskra fjárfesta á hlut sínum í drykkjaframleiðandnum Refresco og kaup Samherja á fjórðungshlut í Eimskip.



NORDURÁL

Gleðilegt ál!

Ál frá Íslandi hefur minnsta kolefnisspor í heimi. Við vöndum til innkaupa og meðferðar á öllu hráefni og notum hreina, íslenska raforku. Starfsfólkið okkar er vel þjálfað fagfólk og reksturinn sérlega stöðugur. Það skilar sér í skilvirkni og lágrí bilanatíðni, sem heldur losun gróðurhúsalofttegunda í lágmarki. Þegar allt þetta leggst saman er afurðin hreint, endurnýtanlegt ál sem notað er til að létta farartæki og umbúðir, aftur og aftur um allan heim.

Við óskum öllum gleðilegrar hátíðar.

Fjárfesting í skuldabréfum WOW air í útboði félagsins verstu viðskipti ársins

Kaup á skuldabréfum WOW air í útboði flugfélagsins í september eru verstu viðskipti ársins að mati dómnefndar Markaðarins. Fjármögnunin, um átta milljarðar króna, er sögð engan veginn hafa dugað flugfélaginu og komið allt of seint. „Aðeins nokkrar vikur liðu þar til félagið var komið í alvarlega lausafjáarkrisu og leitaðist eftir sameiningu við Icelandair Group,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Kaup á skuldabréfum WOW air í útboði íslenska flugfélagsins, sem lauk um miðjan septembermánuð, fæ þann vafasama heildur að vera verstu viðskipti ársins 2018 að mati dómnefndar Markaðarins.

„Aðeins nokkrar vikur liðu þar til félagið var komið í alvarlega lausafjáarkrisu og leitaðist eftir sameiningu við Icelandair Group,“ segir einn álitsgjafi blaðsins.

Annar segir fjármögnunina sem flugfélagið tryggði sér í skuldabréfaútboðinu hafa engan veginn dugað. Nú sé unnið að því að bjarga félaginu frá gjaldþroti.

„Fjárfestar máttu vita það við kaupin að skuldabréfin gætu seint talist góður fjárfestingarkostur sem stuttu síðar varð raunin,“ segir annar úr dómnefnd Markaðarins.

WOW air tryggði sér fjármögnun upp á 60 milljónir evra, sem jafngildir tæplega 8 milljörðum króna á núverandi gengi, í útboðinu sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði umsjón með. Vextir á skuldabréfunum eru um níu prósent á ári.

Skúli Mogensen, forstjóri og eini eigandi flugfélagsins, upplýsti síðar í bréfi sem hann skrifaði eigendum skuldabréfanna að hann hefði fjárfest fyrir 5,5 milljónir evra, jafnvirði líðlega 730 milljóna króna, í útboðinu, eða sem jafngildir um 11 prósentum af heildarupphæð



WOW air tryggði sér fjármögnun upp á 60 milljónir evra, jafnvirði ríflega átta milljarða króna, í skuldabréfaútboðinu í september. Nokkrum vikum síðar leitaði félagið eftir því að sameinast Icelandair Group. FRÉTTABLAÐID/EYFÖR

útboðsins. Þá kom fram í uppgjöri WOW air fyrir þriðja ársfjórðung að félagið hefði sjálft keypt skuldabréf fyrir 9,8 milljónir evra með það fyrir augum að selja bréfin aftur í náinni framtíð.

Einn álitsgjafi Markaðarins bendir á að flugfélagið hafi sagst vera fullfjármagnað eftir skuldabréfaútboði þann 18. september. Hins vegar hafi félagið varla getað greitt út laun þann 1. nóvember. „Hvernig gat þetta farið svona illa

á sex vikum?“ spyr hann.

„Andri Már Ingólfsson í Primera reyndi að selja Icelandair félagið með fallettri söluræðu síðastliððu sumar. Enginn keypti það og því fór sem fór,“ segir einn úr dómnefnd Markaðarins og bætir við:

„Skúli Mogensen er betri sölumaður því hann náði að kasta út með samskotum þá upphæð sem að var stefnt í skuldabréfaútboði WOW, þótt ymislegt væri gert til að fegra þá tölu. Nú horfa þeir

sem keyptu framan í þá staðreynd að þurfa að gefa verulega eftir eigi félagið að lífa lengur,“ nefnir hann.

„Það var allt of seint í rassinn gripið,“ segir einn dómnefndar- maður um skuldabréfaútboðið, „og þá með röngum hætti því að fyrirtækið þurfti meira eigin fé og verðlagningin á skuldabréfinu var engan veginn í takti við áhættu.“

Skúli lýsti því í bréfi til skuldabréfaeigendanna í lok nóvember að rekstrarhorfur WOW air hefðu

Fjárfestar máttu vita það við kaupin að skuldabréfin gætu seint talist góður fjárfestingarkostur sem stuttu síðar varð raunin.

Úr umsögn dómnefndar

versnað til muna í kjölfar útboðsins í september, meðal annars vegna neikvæðrar umræðu um fjárhagsstöðu félagsins sem hafði spröttið upp á meðan á skuldabréfaútboðinu stóð. Í bréfinu birtist afar hisprurslaus lýsing forstjórans á þröngri stöðu flugfélagsins. Sagði hann ljóst að félagið þyrfti nauðsynlega að leita frekari leiða til þess að tryggja fjármögnun til framtíðar.

Fjórutíu dögum eftir að skuldabréfaútboðinu lauk nálgast Skúli stjórnendur Icelandair Group og óskaði eftir viðræðum um kaup síðarnefnda félagsins á WOW air. Var það gert á þeim forsendum að flugfélagið væri á fallanda fæti. Skrifað var undir kaupsamning í byrjun nóvember en að lokinni áreiðanleikakönnun og nánari skoðun í lok mánaðarins féll Icelandair frá kaupunum.

Nokkrum klukkustundum eftir að tilkynnt var um að ekki yrði af kaupunum barst hins vegar tilkynning frá WOW air um að náðst hefði bráðabirgðasamkomulag við bandaríska fjárfestingarfélagið Indigo Partners, sem er meðal annars hluthafi í Spirit Airlines, Tiger Airways og Wizz Air, um að félagið fjárfæsti í flugfélaginu. Hyggst félagið fjárfesta fyrir allt að 75 milljónir dala, 8,8 milljarða króna, í WOW air.

Örvæntingarfull ákvörðun Icelandair

2. Næstverstu viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins, var sú ákvörðun Icelandair Group að falla frá kaupunum á WOW air.

„Hlutabréf Icelandair lækkuðu mikið í verði í kjölfarið,“ bendir einn úr dómnefndinni á. „Yfirtakan virtist vanhugsuð og ákvörðunin um að bakka út bar keim af örvæntingu og því að menn vissu ekki alveg hvað þeir voru að gera.“



Bogi Nils
Bogason.

Annar álitsgjafi talar um „kalda fætur“ Icelandair. „Hræðslan við breytingar nær greinilega í gegnum allt fyrirtækið og tíminn mun leiða í ljós að breytinga var þörf.“

Nokkrir álitsgjafar nefna að verðið sem Icelandair hugðist greiða fyrir WOW air hafi verið lágt. „Félagið féll frá kaupunum fyrir litla fjárhæð – mögulega í von um að WOW færi endanlega á hliðina – og fær í staðinn vel fjármagnaðan ofurlaggjaldakeppinaut með leiðandi hluthafa sem hefur langa reynslu af arðbærum flugrekstri,“ segir einn.

„Ef fjármögnun WOW gengur eftir situr Icelandair eftir með ófókuserað viðskiptamódel. Það er óvíst hvar félagið er að staðsetja sig. Það er ekki lággjaldflugfélag og ekki lúxusflugfélag,“ segir einn.

Önnur viðskipti sem komust á blað sem þau verstu

■ Skráning Heimavalla í Kauphöll Íslands

„Hluthafar íbúðafélagsins eru verr settir fyrir vikið og greinendur hafa velt því fyrir sér hvort það væri ekki einfaldlega betra að leysa upp félagið. Heimavallir hefðu betur haldið sér afskráðum.“

■ Ögilding Samkeppniseftirlitsins á kaupum Haga á Lyfju

„Lindarhvoli

seldi í framhaldinu

Lyfju til annarra

fjárfesta fyrir

meira en milljarði

króna lægra verð.

Þetta er dæmi um mjög

léleg viðskipti fyrir ríkið. Enginn

hefur krafði ríkið um svör við því

hvort forsvarsmenn þess séu sáttir

við þær forsendur sem voru fyrir

því að hafa slíka fjármuni af ríkis-

sjóði og skattgreiðendum.“

■ Kaup Kviku og einkafjárfesta á Kortabjónustunni

„Ekkert sérstakt

að þurfa að auka

hlutafé svona

skömmu eftir

kaup.“

■ 500 milljóna króna lán ríkisins til

Íslandsþósts og heimild til 1.500

milljóna króna viðbótarláns á

næsta ári

„Nærtækara hefði verið að hefja

gagngera endurskoðun á rekstri

fyrirtækisins fyrir löngu.“

■ Losun aflandskróna á álands-
gengi

„Einnig stendur til að losa aflandskrónurnar í gegnum hinn nærfurpunna gjaldeyrismarkað.“

■ Lánabók Arion banka

„Primera Air, WOW air, kisliver United Silicon og fleira. Bankinn hefur tekið hvert stórt höggið á eftir öðru á sig á árinu.“

■ Ekki-kaup Eikar í breskum fasteignasjóði

„Félagið þurfi að bakka út eftir talsverða óánægju í hluthafahópnum. Ansi vandræðalegt ferli allt saman.“

■ 500 milljóna króna lán ríkisins til Íslandsþósts og heimild til 1.500 milljóna króna viðbótarláns á næsta ári

„Nærtækara hefði verið að hefja gagngera endurskoðun á rekstri fyrirtækisins fyrir löngu.“

■ Endurskipulagning á leiðakerfi og rekstri Icelandair Group

„Ein versta ákvörðun ársins. Nú er búið að snúa þessu að langmestu leyti við og félagið sjálft segir að þetta hafi orsakað tekjutap upp á 50 til 80 milljónir dala.“

■ Kaup á hlutabréfum í Icelandair Group eftir að tilkynnt var um fyrirhugaða yfirtöku á WOW air

„Verðmætabruninn varð mikill þegar hætt var við allt saman örskömmu síðar.“

■ Yfirtaka Arion banka á eignum United Silicon

■ Kaup skattgreiðenda á bragganum við Nauthólsvík

■ Kaup á Bitcoin

■ Sala Sjóvár á hlut sínum í Icelandair Group

■ Fjárfesting í veitingastaðnum Lof

■ Kaup Gunnars Braga á sjöunda björnum á Klaustursbarnum

Kostnaðurinn meiri og samlegðin minni

3. Kaup Sýnar á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og timaritins Glamour, var nokkrum álitsgjöfum Markaðarins ofarlega í huga sem verstu viðskipti ársins.



Stefán
Sigurðsson.

„Þessi kaup hafa hingað til reynst gríðarleg vonbrigði,“ segir einn álitsgjafinn.

Stjórnendur Sýnar þurftu tvívegis að senda frá sér afkomuviðvörðun á seinni hluta ársins þar sem afkomuspá var lækkuð. Helsta ástæðan er hærri kostnaður vegna sameiningarinnar en væntingar stóðu til.

Annar álitsgjafi segir að svo virðist sem forsvarsmenn Sýnar hafi verið illa undirbúnnir. „Þeir hafa tekið nánast öll röng skref sem hægt er að taka. Þeir hafa algerlega misst stjórn á kostnaðinum og eiga mikið verk fyrir höndum að öðlast tiltrú markaðarins á ný. Illa farið með efnilegar eignir í undraskömmum tíma,“ nefnir álitsgjafinn.

„Vonandi mun rættast úr þessum kaupum því Sýn er með öflugan eigendur og stjórnendur. Það eru vonbrigði að kostnaður virðist vera meiri og samlegð minni en áætlanir gerðu ráð fyrir,“ segir einn úr dómnefndinni.





Samstíga til framtíðar

Vegferð okkar síðustu árin hefur snúist um að vera þar sem viðskiptavinirnir eru og setja okkur í spor þeirra.

Þægileg bankþjónusta, að fólk geti sinnt bankaviðskiptum sínum þegar því hentar, er m.a. ástæða þess að Arion banki hlaut nafnbótina Markaðsfyrirtæki ársins 2018.

Jákvæðar viðtökur viðskiptavina er sú viðurkenning sem við erum þakklátust fyrir en við erum líka stolt af þeim verðlaunum sem við hlutum á árinu.

Ímark, markaðsfyrirtæki ársins
Markaðsfyrirtæki ársins 2018

Retail Banker International
Most Disruptive innovation of the year

BAI – Global innovation awards
Innovation in Customer Experience

Banking Technology Awards
Best Tech Overhaul Project
Best Use of IT for Lending

Þjónusta á að gera lífið þægilegra. Hlutverk okkar er að búa í haginn fyrir framtíðina og við erum rétt að byrja.

Við þökkum viðskiptavinum okkar góðar viðtökur og óskum þeim og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs.

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

Þorsteinn Már í Samherja lét til sín taka

2. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, varð í öðru sæti í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptamanni ársins. „Hann gjórsígraði Seðlabankann, keypti ráðandi hlut í Eimskip á mjög hagstæðu verði og er orðinn einn öflugasti fjárfestirinn í Högum. Allt á einu ári,“ segir einn álitsgjafi um afrek Þorsteins Márs á árinu sem senn er á enda.

„Hann hefur byggt upp stórfyrirtæki á farsælan hátt og alltaf staðið á sínu. Hann er með allt sitt á hreinu og sýndi það þegar Seðlabankinn var lagður,“ nefnir annar úr dómnefnd Markaðarins.

„Góður rekstrarmaður, seigur og



Þorsteinn Már Baldvinsson.

úthaldsgóður,“ segir í rökstuðningi annars dómnefndarmanns.

„Kóngur ársins,“ segir sá þriðji.

Árið var ansi viðburðaríkt hjá útgerðarrísanum sem Þorsteinn Már stýrir. Systurfélag Samherja keypti sem dæmi fjórðungshlut bandaríska fjárfestingarsjóðsins Yucaipa í Eimskip fyrir um 11 milljarða króna um miðjan júlí. Tæpum tveimur mánuðum síðar var Baldvin Þorsteinnsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Samherja og sonur Þorsteins Márs, kjörinn stjórnarformaður flutningafélagsins.

Einn álitsgjafi segir Samherja hafa náð að tryggja sér afgerandi hlut í Eimskip á „áhugaverðu verði“. „Margir telja að umtalsverð tækifæri séu til að skerpa á starfsemi og auka verðmæti félagsins. Þá þykir Samherji vera rétti eigandinn til að ná slíku fram,“ nefnir hann.

Í kjölfar kaupa Haga á Olis eignaðist Samherji jafnframt 5,1 prósent hlut í Högum en auk þess hefur útgerðin gert framvirka samninga um kaup á 4,1 prósent hlut til viðbótar.

Í nóvember staðfesti Hæstiréttur síðan dóm héraðsdóms sem hafði felld úr gildi sekt sem Seðlabanki Íslands lagði á Samherja fyrir brot á gjaldveislulögum. Lauk þar með málarekstri Seðlabankans gegn útgerðinni sem stóð yfir í tæp sjö ár.

Einn álitsgjafi Markaðarins nefnir að fyrir utan aframhaldandi lygilega arðsemi í rekstri Samherja séu forsvarmenn félagsins orðnir „stórir þátttakendur vlt og breitt í íslensku atvinnulífi og á hlutabréfamarkaðinum með kaupum á lykilhlut í Eimskip af Yucaipa. Samherjamenn eru sömuleiðis orðnir stórir hluthafar í Högum eftir bæði kaup á markaði og einnig í gegnum sölu á Olis,“



„Hann hefur komið að öllum stærstu viðskiptum ársins í sjávarútvegi og er kominn með lykilstöðu í HB Granda,“ nefnir einn álitsgjafi Markaðarins um Guðmund Kristjánsson, forstjóra HB Granda. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Með tögl og hagldir í íslenskum sjávarútvegi

Álitsgjafar Markaðarins segja að með kaupum á ríflega þriðjungshlut í HB Granda hafi Guðmundur Kristjánsson, viðskiptamaður ársins, komið sér í lykilstöðu í einu öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Kapallinn hafi gengið upp.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Eftir kaupin á kjölfestuhlut í HB Granda er hann kominn með tögl og hagldir í íslenskum sjávarútvegi,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins um viðskiptamann ársins 2018, að mati dómnefndar blaðsins, Guðmund Kristjánsson, aðaleiganda og forstjóra HB Granda.

„Hann hefur komið að öllum stærstu viðskiptum ársins í sjávarútvegi og er kominn með lykilstöðu í HB Granda,“ nefnir annar úr dómnefnd Markaðarins og undir það taka fleiri dómnefndarmenn sem segja Guðmund jafnframt hafa leitt tæknivæðingu og hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi undanfárin ár.

„Viðskiptin eru framsýn,“ segir einn álitsgjafi um kaup Utgerðarfélag Reykjavíkur, sem er að mestu í eigu Guðmundar, á ríflega 34 prósent hlut í HB Granda fyrir 21,7 milljarða króna í apríl á þessu ári

og bætir við: „Guðmundur er orðinn forstjóri HB Granda og er þannig kominn í lykilstöðu í einu öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og því eina sem er skráð í kauphöll.“

Guðmundur kom sem storm-sveipur inn í félagið í kjölfar kaupanna og ekki liðu nema tveir mánuðir þar til forstjórnin Vilhjálmur Vilhjálmsson fór frá borði og Guðmundur settist í forstjórnastólinn í hans stað. Síðar um sumarið var svo tilkynnt um að HB Grandi hefði fest kaup á öllu hlutféði útgerðarfélagins Ögurvíkur fyrir 12,3 milljarða króna. Seljandinn var Utgerðarfélag Reykjavíkur, aður Brim.

Utgerðarfélag Reykjavíkur seldi einnig þriðjungshlut sinn í Vinnslustöðinni til FISK Seafood fyrir um 9,4 milljarða króna en Guðmundur hefur lengi átt í hatrómmum deilum við meirihlutaeigendur í útgerðinni í Vestmannaeyjum.

„Sumir segja að þetta hafi verið úthugasög hjá honum og aðrir ekki,“ nefnir einn úr dómnefnd Markaðarins um kaupin í HB Granda, „en þetta voru flott viðskipti hjá honum og ég hef bullandi trú á þessu.“

Með sölu á þriðjungshlut í Vinnslustöðinni og sölu á Ögurvík náði hann að klára kapallinn sem hann lagði við kaupin.

Úr umsögn dómnefndar

„Margir héldu að með yfirtöfuskyldunni yrðu kaupin í HB Granda of stór biti fyrir Guðmund,“ segir annar álitsgjafi, „en með sölu á þriðjungshlut í Vinnslustöðinni og sölu á Ögurvík náði hann að klára kapallinn sem hann lagði við kaupin.“

Hann þaggaði jafnframt niður í þeim efesamdröðum sem heyrðu um kaup HB Granda á Ögurvík af Brim eftir að Kvika banki komst að þeirri niðurstöðu að kaupin væru hagfelld og að kaupverðið væri lægra en markaðsvirði eigna Ögurvíkur,“ bætir hann við.

Marel blómstrar undir stjórn Árna Odds

3. Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, var mörgum dómnefndarmönnum Markaðarins ofarlega í huga við val á viðskiptamanni ársins.

„Þessi náungi er að spila í allt annarri deild en aðrir viðskiptamenn á Íslandi og er á toppi deildarinnar,“ segir einn álitsgjafi um forstjórn.

„Góður undirbúningur og traustari fjármögnun sem Árni Oddur náði sjálfur að tryggja á kritiskum tímamarki hefur lagt grunninn að þeirri siglingu sem Marel hefur verið að á árinu 2018,“ nefnir annar.



Árni Oddur Þórðarson.

„Flest mælaborð í rekstrinum virðast vera í lagi og þrautseigjan er að skila þessu öðru veltumesta félagi á Íslandi á beina braut. Undirbúningur fyrir skráningu virðist vera það langt kominn að fátt ætti að koma í veg fyrir hana,“ bætir hann við og á þar við fyrirhugaða tvíliða skráningu hlutabréfa félagsins.

Til viðbótar við núverandi skráningu í íslensku kauphöllinni kemur til greina að skrá bréfin í Amsterdam, Kaupmannahöfn og Lundúnum. Um leið verður hlutféði félagsins aukði um að allt að 15 prósent.

„Árni Oddur er búinn að leiða Marel sem var eitt sinn lagstæmtt verkfræðifyrirtæki með lausn fyrir sjávarútveg en er nú leiðandi fyrirtæki í matvælavinnslu á alþjóðavettvangi,“ segir í rökstuðningi eins álitsgjafa.

„Árni hefur sterka framtíðarsýn og er gríðarlega duglegur. Hann leiddi kaup á Maja á árinu og er að vinna statt og stöðugt að tvískráningu. Við erum ekki enn búin að sjá hápunktinn hjá Marel og það er víst að risar úti í hinum stóra heimi hafa komið auga á þetta framsækna og flotta fyrirtæki sem blómstrar undir stjórn Árna,“ nefnir hann.

„Að fyrirtæki, sem er löngu orðið leiðandi á heimsvísu í hátækni-lausnum fyrir matvælaíðnaðinn, nái 14 prósentu tekjuvexti og 25 prósentu vexti í hagnaði á hlut á fyrstu níu mánuðum þessa árs er magnaðar árangur,“ segir einn úr dómnefnd Markaðarins og bætir við:

„Fátt bendir til annars en að þessi velgengi muni halda áfram enda leggur fyrirtækið að jafnaði fimm til sex prósent af veltu í rannsóknir og þróun, hæsta hlutfall sem fyrirfinnst í greininni.“

Aðrir sem voru nefndir sem viðskiptamenn ársins

Jón Sigurðsson

stjórnarformaður Stoda
■ „Salan á Refresco skilaði gríðarlegum hagnaði og einnig gegndi hann lykilhlutverki í sameiningu N1 og Festar.“

Liv Bergþórsdóttir

fyrirverandi forstjóri Nova
■ „Bygðist upp frábært félag og gengur nú frá vel unnu dagsverki.“

Sigurður Kjartan Hilmarsson

stofnandi Siggi's skyr
■ „Sigurður virðist hafa gert mjög vel í uppbyggingu Siggi's skyr yfir margra ára skeið og fjárfesting hluthafa reyndist happadryg.“

Ingbjörg Pálmadóttir og Jón Asgeir Jóhannesson
fjárfestar



Liv Bergþórsdóttir

Kristján Loftsson

forstjóri Hvals
■ „Frábær sala á HB Granda, auk þess sem hann tryggði stöðu sína í Hval.“

Skúli Mogensen

forstjóri WOW air
■ „Hefur haldið viðskiptalífni í gislingu í fleiri mánuði. Hann gengur lengra en að standa á bjargbrúninni og vonast eftir að það komi ekki



Sigurður Kjartan Hilmarsson

vindhviða og feyki honum fram af. Hann stendur á brúninni og hallar sér fram og treystir á að það haldi áfram að blása á móti.“

Pétur Már Halldórsson

framkvæmdastjóri Nox Medical

■ „Fyrirtækið er orðið leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til svefnrannsóknna og er á meðal þeirra nýsköpunarfyrirtækja í Evrópu sem hafa vaxið hraðast á undanförmum árum.“

Georg Lúðvíksson

forstjóri Meniga
■ „Fyrirtækið er að uppskera árangur eftir markvíst uppbyggingarstarf á síðustu árum.“



Skúli Mogensen

Hreggviður Jónsson

stjórnarformaður Veritas

■ „Leiddi fjárfestahöppinn sem kom að uppbyggingu Festar og sölnunnar til N1. Nær þrefaldaði fjárfestinguna á jafnmörgum árum.“

Hilmar Veigar Pétursson

forstjóri CCP

■ „Endurreisti CCP og seldi fyrir háa fjármuni.“

Grimur Sæmundsen

forstjóri Bláa lónsins

■ „Enginn hefur betur unnið úr sínu konsepti. Hefur náð að selja á háu verði mikla upplifun og haldið sérstöðu sinni og eftirspurn.“



Hreggviður Jónsson

Róbert Wessman

forstjóri Alvogen

■ „Hefur leitt systurfyrirtækin Alvogen og Alvotech til mikillar sóknar á krefjandi mörkuðum og laðað að nýja fjárfesta í spennandi áhættuverkefni.“

Bjarni Ármannsson

stjórnarformaður Iceland Seafood International

■ „Búið að ganga mjög vel eftir yfirtökuna, sterkir bakhtarlar og færa sig á aðallistann, orðnir stærri en mörg fyrirtækin þar.“

Ingfólfur Árnason

forstjóri Skagans 3X

■ „Uppbyggingarstarf hans er alglega undir radarnum hér heima.“



XC JEPPARNIR HANNAÐIR FYRIR ÞIG

VOLVO XC60 AWD HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bill. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi Íslenskra bílalaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.

XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.790.000 kr.

VOLVO XC90 AWD MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglar í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.

XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.

Meira er ekki lengur allt.

Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum Euro NCAP.

Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.

XC40 AWD bensín verð frá: 6.790.000 kr.



MADE BY SWEDEN

Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajappa
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bildshöfða 6



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is



Guðmundur segist vilja leggja fram tillögu um að nafni HB Granda verði breytt í Brim. Hann hafi oft hugsað um að Brim verði sterkt almenningshlutafélag á verðbréfamarkaði. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

Hefði viljað selja allt inn í HB Granda

Guðmundur Kristjánsson er viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins. Hann keypti meira en þriðjungshlut í HB Granda í vor fyrir 21,7 milljarða króna og fjármagnaði kaupin með umfangsmikilli eignasölu. Vill breyta nafni HB Granda í Brim.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Þegar við Kristján áttum viðskiptin vorum við bara fjórir. Ég með minn lögfræðing, hann með sinn og ég lét engan annan vita. Þetta var bara rissað upp á einu A4-bláði," segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, í viðtali við Markaðinn en hann var valinn viðskiptamaður ársins 2018 af dómnefnd blaðsins.

Guðmundur, sem er oftast kenndur við útgerðarfélagið sem áður hét Brim, keypti 34,1 prósent eignarhlut Vogunar, sem Kristján Loftsson fer fyrir, í HB Granda um miðjan apríl og nam kaupverðið 21,7 milljarðum króna. Guðmundur var síðan ráðinn forstjóri HB Granda í sumar. Hann rekur ástæðuna fyrir kaupunum aftur til ársins 2012 þegar veiðigjöldin voru hækkuð „upp úr öllu valdi“. Þá hafi verið

töluverð framlegð í sjávarútvegi en reikniformúlan á bak við veiðigjöldin hafi ekki tekið tillit til verðmætasköpunar af fisktegundum sem frýsttogarar veida og vinna úti á sjó.

„Veiðigjöldin mismuna útgerðarmunstrum. Ef þú ert með útgerð sem skapar aukin verðmæti úti á sjó þar sem fiskurinn er flakaður og honum pakkað í neytendapakningar, þá lenda fisktegundirnar í hærra gjaldi en ef þeim er landað til vinnslu. Af þeim 20 milljörðum sem er búið að taka út úr sjávarútveginum í veiðigjöldum á tveimur árum koma 17 milljarðar frá bol-fisktegundum og þeir milljarðar frá uppsjávartegundum af því að arðurinn af uppsjávartegundum er allur myndaður í landi," segir Guðmundur. „Þess vegna er mikil samþjöppun í bolfiskútgerðinni og þar sem Brim var einungis með frýsttogara áttum við engan séns.“

Brim, sem nú heitir Utgerðarfélag Reykjavíkur, sótti fyrir nokkrum árum um lóð á Reykjavíkurhöfn fyrir landvinnslu en enga var að fá.

„Þá fór ég hugsa að ég yrði að kaupa mig inn í fyrirtæki sem væri með landvinnslu og að sjálfsögðu horfði ég til HB Granda sem er vel rekið fyrirtæki með langa sögu að baki. Ég talaði við Kristján í vetur og það leiddi til þess að við áttum viðskipti. Við vorum ekki lengi að þessu.“

Voruð þið ekki lengi að komast að niðurstöðu um verðið?

„Nei, það er oft þannig að sá sem er eldri ræður verðinu.“

Hvernig tók Kristján í hugmyndina?

„Hann var hugsi en það var féluginu fyrir bestu að fá kjölfestufjarfesti úr sjávarútvegi. Ég held að hann hafi haft það í huga, og að það verði ekki mikið risk á starfseminni.“

Finnst þér að þetta hafi verið þannig að eins og þú ákvaðst að kaupa í HB Granda hafi Kristján valið þig til að kaupa hlut sinn?

„Já, það slær mig stundum þannig.“

Hluthafar í Brimi samþykktu í sumar að breyta nafni félagsins í Utgerðarfélag Reykjavíkur. Ákvörðunin tengist kaupunum á

Þegar við vorum að kaupa Ögurvík þá tóku lifeyrissjóðirnir völdin í félaginu þegar þeir heimtuðu enn eitt matið og ég var ósáttur við það.

Guðmundur Kristjánsson

HB Granda með beinum hætti að sögn Guðmundar.

„Ég kaupi Utgerðarfélag Akureyrar árið 2004 af Brimi sem var stofnað af Eimskipafélagi Íslands sem sjávarútvegsfyrirtæki og átti að verða í almenningsseigu á hlutabréfamarkaði.“

Ég fæ svo nafnið Brim í kaupbæti frá Eimskip árið 2005. Mér hefur alltaf þótt það fallett, gott íslenskt nafn á sjávarútvegsfyrirtæki og ég hef oft hugsað um að Brim yrði sterkt almenningshlutafélag á hlutabréfamarkaði.“

Munt þú leggja til að nafni HB Granda verði breytt í Brim?

„Ég persónulega myndi vilja

það en það krefst auðvitað samþykki annarra hluthafa og kannski munum við ræða það á næsta ári. HB Grandi er samsett nafn úr tveimur félögum og nú þegar við erum að horfa fram á við þurfum við að huga að því hvað sé best fyrir félagið á næstu árum. Brim er sterkt nafn hér á landi og á erlendum mörkuðum.“

Kaupin á eignarhlut Kristjáns virkjuðu yfirtökuskyldu en í henni fólst að Guðmundur þurfti að bjóðast til að kaupa aðra hluthafa í HB Granda út á sama verði, þar á meðal lifeyrissjóðina sem eiga meirihluta í útgerðinni. Aðspurður segist Guðmundur hafa vitað fyrir viðskiptin að yfirtökuskyldan myndi virkjast.

„Þetta var algjörlega meðvitað ákvörðun og rökinn mín voru þau að ég vissi að lifeyrissjóðirnir vildu eiga í sjávarútvegsfyrirtækjum og að þeir væru í vandræðum með að finna fjárfestingarkosti. Ég taldi því ólíklegt að þeir vildu selja sig út úr HB Granda.“

Varstu búinn að hlera þá fyrir kaupin?

„Nei, ég var bara búinn að lesa



FÖSTUDAGUR 28. DESEMBER 2018

Lífsstíll

ENZYMEDICA®

Gleðilega
meltingu!

Hefur það rólegt um hátíðarnar

Leikarinn Björgvin Franz Gíslason vill hafa það rólegt um jólin. Ekki veitir af, því hann er á fullu að sýna Elly, er að hefja æfingar fyrir söngleikinn Matthildi, gerir þætti fyrir netið og syngur fyrir aldraða. ➔2

Björgvin Franz hefur staðið í ströngu á þessu ári og það verður nóg að gera á nýja árinu. MYNDIR/ERNIR

TIMEOUT

JÓLATILBOÐ

TILBOÐSVERÐ FRÁ KR. 268.560



HÆGINDASTÓLL + SKEMILL

Púðar af öllum
stærðum og gerðum..Blómapottar
kr. 2.900 / 2.300Aston Borðstofustóll
kr. 19.800VOLUSPA Gjafaaskja / 4 kerti
kr. 9.990Alagon Borðstofuborð
90x200 cm
kr. 172.400

Palm Gólfmotta 170x240 cm kr. 52.700

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Oddur Freyr
Porsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu ➔

Björgvin Franz Gíslason hefur átt gæfuríkt ár. Honum gengur vel í lífinu, núvítund hefur gefið honum ný verkfæri sem auðvelda lífið, hann hefur róast aðeins niður og er að upplifa æskudrauminn sinn, að lifa af leiklistinni. Hann ætlar að reyna að vera rómantískari á nýja árinu.

„Maður er bara búinn að vera í því líkum rólegheitum,“ segir Björgvin þegar hann er spurður út í jólin. „Við höfum einbeitt okkur að því að vera snemma í því og reyna bara að hafa það eins rólegt og hægt er og ætla okkur ekki um of. Maður nennir ekki öllum þessum látum.

Jólin urðu líka mun auðveldari þegar ég og konan mín fundum út úr verkaskiptingunni,“ segir Björgvin. „Ég tók að mér hluti sem ég var ekki góður í og varð stressaður yfir, en svo bara föttuðum við að ég væri mjög góður í sumu en konan í öðru og þá minnkaði æsingurinn og spennan mikið og þetta varð allt þægilegra.“

Svínasnitseil um jólin

„Yfir jólin skiptum við systkinin yfirleitt foreldrum á milli okkar. Stundum er mamma hjá mér og stundum pabbi eða afi. Nú erum við með pabba og þessi jólin ákváðum við að hrista heldur betur upp í hlutunum,“ segir Björgvin. „Við höfum alltaf haft hamborgarhrygg en vorum orðin leið á að vera meðvítundarlaus um jólin og leggja bara marineruð í malti og kjóti. Við ákváðum því að vera aðeins vakandi í ár og vorum með svínasnitseil í raspi, sem hljómar mjög óhátiðlega. En þetta er gamli kósmaturinn hjá mér þegar ég var litill og gamli jólamaturinn hans pabba. Þetta er líka ekkert venjulegt rasp. Það tekur heila verslunarferð að kaupa í það og langan tíma að búa til réttu rasp/kryddblönduna. Lagið er svo jafn þykkt og kótleittan sjálf. Svo notar hann alltaf kíló af smjöri.

Við vorum smá hikandi en við fengum frábært kjöt og gerðum þetta allt alveg aðislegt,“ segir Björgvin. „Þetta varð svo hátiðlegt og allir voru svo glaðir að þetta verður örugglega bara ný hefð. Stelpurnar mínar eru enn þá að tala um hvað þetta var gott.“

Griswold-jól næst

„Við vorum að sjálfsgöðu öll í ljótuólapeysum í ár en á næsta ári langar okkur að vera með Griswold-þema á jólinum,“ segir Björgvin. „Mig langar að við verðum öll í búningum eins og Griswold-fjölskyldan úr Christmas Vacation. Ég vil vera Eddie og ég held að afi fái að vera gamla konan. Við ætlum líka að skreyta eins og í myndinni.

Á jóladag förum við alltaf til tengdó og börðum hangikjöt, sem var vel reykt og salt í ár,“ segir Björgvin. „Ég fíla það. Ég vil mikið bragð. Ég veit ekki hversu lengi ég lifi það af að setja hot sauce á allt, en ég nýt þess að minnsta kosti.

Svo heimsækjum við alltaf vína-fólk okkar fyrir norðan milli jóla og nýárs og slökum á. Á gamlárslagð börðum við svo þekkingönd. Það hefur verið hefð síðan ég var litill,“ segir Björgvin. „Það er í eina skiptið á ári sem ég breytist í matarlík og hef miklar áhyggjur af því að það sé ekki nóg af mat og fólk sé að borða frá mér.“

Núvítund er góð tiskubylga

„Við reynum að hafa rólegt um jólin. Ég er svo æstur og í gegnum tíðina hafa jólin oft verið svo ýkt og pabbi hefur reynt að sprengja jólin



Björgvin segir að núna sé hann að upplifa gamla æskudrauminn, sem er að geta lifað af leiklist. Áður var leiklistin mikið hark.



Björgvin segir að núvítund og jóga gefi sér verkfæri sem séu einföld og þægileg í notkun, en hjálpi honum rosalega mikið við að halda ró.

Þegar venjulega stillingin er æsingur, eins og í mínu tilfelli, er mikilvægt að reyna að vinna á móti því.

af gleði, sem er auðvitað yndislegt en getur verið svolítið stressandi,“ segir Björgvin. „En þegar venjulega stillingin er æsingur, eins og í mínu tilfelli, er mikilvægt að reyna að vinna á móti því. Þegar ég fer í ræktina fer ég til dæmis í jóga, en ekki að lyfta lóðum.

Ég held líka að núvítund sé ein mikilvægasta tiskubylgjan, að minnsta kosti fyrir mig og ég stunda hana mikið,“ segir Björgvin. „Þetta er svo fánalega einfalt, meira að segja fyrir svona athlygisbrests-gemsa eins og mig. Að geta tekið einfaldar æfingar eins og að fylgjast með andardrættinum og hlaupa ekki alltaf á undan sjálfum sér. Þetta, plús jóga, hefur róad mig og það veitti alls ekki af, ég hef alltaf verið svo æstur og stressaður.

Núna er ég kominn með verkfæri til að stoppa, fylgjast með og vera ekki alltaf að bregðast við, heldur get ég stundum stigið út fyrir sjálfan mig og melt hlutina,“ segir Björgvin. „Ég hef reynt að taka þetta föstum

tökum og vera duglegur að taka mér augnablik til að finna ró, það þarf ekki að taka langan tíma. Það hefur breytt öllu, það er ótrúlega einfalt og þetta virkar, eins og rannsóknir sýna.“

Meira en nóg að gera

„Við frumsýndum söngleikinn um Elly árið 2017 og sýningin hefur fengið einstaklega góð viðbrögð. Það er ekkert lát á sýningunum og ég veit ekki hvort þetta stoppi nokkurn tímann,“ segir Björgvin. „Við vorum að klára sýningu númer 183 um daginn! Það er rosalegt.

Svo hafa bæst við skemmtileg verkefni. Ég tók þátt í litilli, fállegri jólasýningu eftir Berg Ingólfsson sem er svona „slapstick“ fyrir börn. Þetta var einleikur um karl sem festist uppi á háalofti um jólin og þarf að gera gott úr því,“ segir Björgvin. „Hann er alltaf að lenda í vandræðum, brenna sig, festast í jólskrauti og meidda sig á ýmsan hátt. Þetta voru svo mikil átök að ég horaðist niður og komst í alla klójana fyrir jólin.

Ég hef líka verið með smá söngdagskrá sem ég hef flutt á öldrunarheimilum og í kirkjustarfi aldradæra,“ segir Björgvin. „Ég elska allt sem er gamalt og þetta tímabíll. Þess vegna held ég að ég fái ekki leiða á Elly, þetta eru svo skemmtileg lög.

Svo er bara stórsöngleikurinn Matthildur að fara að detta í gang,

þannig að það hefur verið nóg að gera. Það er því er rosa gott að fá smá jólafrí,“ segir Björgvin. „Ég legg líka orðið áherslu á það að hvíla mig og næra mig vel, bæði andlega og líkamlega. Það tók mig mikinn tíma að læra hvað fri og svefn er mikilvæg undirstaða. Áður gaf maður svolítið skit í þetta, en maður hefur loksins fattað þetta og fyrir víkið hefur maður meira að gefa.“

Upplifir núna æskudrauminn

„Ég er rosalega ánægður með þetta ár. Við erum bara rosalega heppin. Það eru allir við góða heilsu og hamingjusamir og það gengur allt vel. Bæði hjá stórfjölskyldunni og mér sjálfum,“ segir Björgvin.

„Maður er núna að upplifa gamla æskudrauminn, sem er að geta lifað af leiklist. Það finnst mér magnað. Áður var þetta alltaf mikið hark, maður lék hér og þar og var í veislustjórnum og ýmsu öðru meðfram. Maður þurfti að vera stanslaust að koma sér á framfæri til að fá tekjur. Þannig að það er gott að hafa öryggi og geta búið til list á launum, en ekki bara vera að reyna að finna leið til að borga reikningana.

Það eru líka forréttindi að fá að vinna í leikhúsinu. Þetta er suðupottur af alls konar listafólki í öllum greinum en við eyðum svo miklum tíma saman að það myndast sameiginleg fjölskylda,“ segir Björgvin. „Ég fann sérstaklega hvað maður átti góða að þegar ég gleymdi sýningu í fyrsta sinn á ferlinum.

Ég var staddur á fundi úti í bæ þegar konan mín rauk inn, því síminn var alveg á silent, og tilkynnti mér að það væri að byrja sýning á Elly eftir sjö mínútur og allir væru að bíða eftir mér! Ég þaut út og brunaði á hálf ónýtum bíl beint upp í leikhús,“ segir Björgvin. „Ég var kominn rétt fyrir átta og byrjaði bara að bjóða alla afsökunar en fólk vildi ekki heyra það, heldur bara vita hvað það gæti gert til að hjálpa. Ég var að fá taugaáfall, en þá kom allur hópurinn og tók utan um mig. Það síðasta sem gerðist áður en ég fór á svið var að Hjörtur Jóhann Jónsson, sem er vöðvaltur, tók utan um mig og kreisti alla taugaveiklunina úr mér eins og vindsæng. Það

var líka full þörf á því, vegna þess að sýningin byrjar á mér að syngja sem Raggi Bjarna, sultuslakur. Við náðum að byrja sýninguna tveir mínútur yfir átta. Enginn var reiður, eins og ég hafði búist við, það stóðu bara allir með mér.“

Rómantik á nýju ári

„Á nýja árinu ætlum við konan að vera meira rómó. Við vorum að hlæja að því hvað við erum orðin praktísk í gjöfum og föttuðum að þetta gengi ekki,“ segir Björgvin. „Hún er hjónabandsráðgjafi og ég er algjör nostalgíu/rómansfíkill og við erum bara að gefa hvort öðru hluti sem vantar á heimilið og svona. Það gengur ekki.

Fyrir utan leikhúsið hef ég verið að byggja upp fyrirtæki ásamt félaga mínum, honum Óla Finns, sem heitir Efnisveitan og við gerum þætti fyrir netið. Við gerðum til dæmis þætti um Hafnarfjörð á þessu ári,“ segir Björgvin. „Sjónvarp hefur alltaf heillað mig. Mér finnst gaman að vera fyrir framan myndavél og þannig nær maður vel til fólks. Við erum að byggja þetta upp hægt og rólega.“

Matthildur beittari en nokkru sinni

„Söngleikurinn Matthildur er rosalega spennandi verkefni. Þetta er vinsæll og fluttur söngleikur sem er byggður á magnaðri bók eftir Roald Dahl. Höfundurinn er mjög gagnrýnnir á ýmislegt og sagan á mjög vel við og er beittari í dag en nokkru sinni,“ segir Björgvin. „Mér finnst líka flott hvernig Dahl talar um barnaupplendi og gagnrýnir ofbeldi og ofríki.

Við erum rétt að byrja að æfa þetta, en þetta er bara rosalega beitt en um leið fálæg saga um hvernig kærleikurinn sigrar, hvernig margur er knár þótt hann sé smár og að saman getum við risið upp gegn ofríki og ofbeldi,“ segir Björgvin. „Mér finnst þetta ótrúlega flott og þarna fæ ég, sem er kannski frekar þekktur fyrir að leika ljúfar persónur, að leika algjöra skepnu. Í kjölfar! Ég er rosalega spennur og það er eingöngu frábært fólk sem kemur að þessari sýningu. Þetta verður rosalega gaman!“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í mínu víðalaða og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarférfni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf.

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Úmsögnarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridur@frettabladid.is, s. 550 5769 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 550 5768

Sólumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Þor Vilhjálmsson, jonvar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653.



HEAL VISIBLE
SIGNS OF TIME
LYFTIR, MÝKIR, GEFUR LJÓMA



NÝTT BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Nýtt krem og Uplift serum með rauðum sjávarþörungum sem endurmóta útlínur andlitsins, lyfta, mýkja og gefa ljóma.

#YOUNGERNATURALLY

BIOTherm
THE HEALING POWER OF LIFE PLANKTON

CHRISTY TURLINGTON/BLUNS

biotherm.com

BIOTherm MÆLIR MEÐ

NÝTT:

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM



Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega.

Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma.

BLUE THERAPY MULTI-DEFENDER SPF 25



Viltu vernda húðina fyrir utanaðkomandi áreitum og öldrun?

Multi-Defender kremin vinna gegn sjáanlegum öldrunareinkennum og gefa vörn gegn UVB geislum, löngu UVA geislunum og mengun.

Húðin verður þéttari, stinnari, nærdari og fær jafnari áferð.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM



Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar“ við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.

BLUE THERAPY ACCELERATED



Aðeins 20% af öldrunareinkennum húðarinnar eru óumflýjanleg. Hin 80% eru í þínum höndum.

Í BT Accelerated serumi eru virk náttúruleg innihaldsefni úr þörungum. Þetta öfluga lagfærandi serum styrkir og stinnir húðina, auk þess að vinna gegn hrukum og dökkum blettum, og þetta húðin þannig að útlínur andlitsins verða skarpari.

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Óska eftir kaupa Skoda f. 40þús, má
vera illa á sig komin. Uppl. í síma
483 3568

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningspríf - þrif
eftir iðnaðarmenn þvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VF-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vf.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MALUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.
S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar
og fleira göðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verðun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir
Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S. 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Þjónusta

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Við útvegum hæfa
starfskrafta í flestar
greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg
starfsmannaveita
sem þjónað hefur íslenskum
fyrirtækjum í áraraðir



HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

info@handafli.is | handafli.is

Skemmtanir

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnámán

BOLTINN Í BEINNI
LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR
15:00 Brighton - Everton
17:30 Liverpool - Arsenal

SUNNUDAGUR
14:15 Southampton - Man.City.
16:30 Man.Utd. - Bournemouth

Boltatilboð

LIFANDI TÓNLIST

SMELLUR

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

blóðin og heyra hvernig þeir hugsa. Eftir kaupin heimsótti ég lifeyris-sjóði og aðra hluthafa, og fór yfir stöðuna með þeim. Ég sagði þeim frá fyrirætlunum mínum og því að ég vildi að félagið væri áfram skráð í Kauphöllina. En ef þeir hefðu viljað selja þá hefðu þeir bara selt."

Hefði ekki verið vandamál fyrir þig ef stórir hluthafar hefðu viljað ganga að yfirtökutilboðinu?

"Nei, þá hefði ég bara fengið nýja fjárfesta með mér og ég hefði fundið þá eins og skot. Það vilja margir eiga í sjávarútvegi og erlendir aðilar mega eiga fjórðungshlut. Þetta hefði alltaf gengið upp, aðeins katastrof-iskur atburður hefði getað komið í veg fyrir þessi viðskipti."

Hefði viljað að Grandi keypti allt

Kaup Guðmundar á hlutum í HB Granda voru upphaflega fjármögn-uð með láni frá Landsbankanum og námu skuldir Brims við Landsbankann yfir 20 prósentum af eiginfjár-grunni bankans eftir það. Á næstu mánuðum seldi Brim Ögurvík til HB Granda á 12,3 milljarða króna og eignarhlut sinn í Vinnslustöðinni til FISK-Seafood fyrir 9,4 milljarða. Saman námu sölutekjurnar 21,7 milljörum króna sem jafngildir kaupverðinu á eignarhlutnum í HB Granda. Þá var frystitogarinn Brimnes seldur, frystitogarinn Guðmundur í Nesi settur í söluferli og grænslent hlutdeildarfélag Brims seldi einnig skip og greiddi upp lán frá Brimi. Guðmundur segir að búið sé að gera upp lánið frá Landsbankanum og vel það.

"Brim er búið að selja fyrir miklu hærra upphæð en það fjárfesti fyrir í HB Granda þannig að Brim skuldar minni upphæð í lok þessa árs en upphafi þess. Ég hafði tvo valkost. Annars vegar að fá aukði hlutafé inn í Brim en ég sá fram á að það yrði tímáfret og hins vegar selja verðmætar eignir og fá bankann til að brúa bilið í millitiðinni. Ég vissi að það voru margir sem vildu kaupa þessar eignir. Helst vildi ég hafa selt allt inn í Granda en það var ekki vilji fyrir því," segir Guðmundur. Spurður sérstaklega hvort hann hefði viljað selja HB Granda hlutinn í Vinnslustöðinni svarar hann jafandi og ítrekar: "Ég hefði viljað að Grandi keypti þetta allt."

Kaup HB Granda á Ögurvík gengu þó ekki snúðulaust fyrir sig. Þrátt fyrir að kaupin hefðu verið samþykkt af stjórn HB Granda lagði lifeyrissjóðurinn Gildi til á hluthafafundi að fyrirtækjaraðgjöf Kviku banka yrði fengin til að meta þau. Tillagan var samþykkt og Kvika skil-aði mati í lok október. Það leiddi í ljós að kaupin væru hagfelld og að kaupverðið væri lægra en markaðs-verði eigna Ögurvíkur. Þá væri áætlaður ávinningur HB Granda allt að fimm milljarðar króna.

"Þegar við vorum að kaupa Ögurvík, þá tóku lifeyrissjóðirnir völdin í félaginu þegar þeir heimtuðu enn eitt matið og ég var ósattur við það. Aðalfundur kys stjórn til að vinna eftir stefnu félagsins á milli aðal-funda og stjórnin ræður forstjóra sem sér um daglegan rekstur. Svo vil ég kaupa eign en þar sem ég má ekki skuldbinda félagið, þá fer málið fyrir stjórn. Ef þetta er stór upphæð við tengdan aðila, þá getur stjórn ekki hieldur skuldbundið félagið og málið fer fyrir hluthafa-fund sem getur aðeins sýnt á eða nei," segir Guðmundur og hann heldur áfram:

"Ef það liggur fyrir mat á eigninni getur hluthafafundur óskað eftir úttekt á matinu en hann getur ekki tekið yfir og farið fram á sitt eigið mat til þess að skera úr um hvort viðskiptin séu góð eða slæm. Þá verður bara að reka stjórn og for-stjóra vegna þess að við berum ábyrgð á því að viðskiptin séu góður kostur fyrir félagið. Þannig á kerfið að virka."

Eru lifeyrissjóðirnir orðnir af áhrifamiklir í efnahagslífinu?

"Það held ég. Eru ekki allir sam-mála um það? Telja þeir það ekki sjálfir?"



HB Grandi mun í framtíðinni verja meiri fjármunum í rannsóknir og þróun að sögn Guðmundar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÖR

Stofnun sem enginn þorir að tala um

Þú hefur talað blátt áfram um ýmis mál. Eru það ekki viðbrögð að setjast í forstjórastól í skráðu fyrirtæki þar sem aðrar reglur gilda?

"Jú, það er erlitt og mér finnst óþægilegt að geta ekki talað beint um hlutina. Þegar við keyptum Ögurvík var allt á hreinu en samt þurfti endalausar nefndir og skýrslur til að klára málið. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að vanda alla vinnu og fara að lögum og reglum en við þurfum að passa okkur á því að láta ekki eftirlitsaðaðinn kæfa við-skiptalíf og mér finnst mikilvægt að íslenskar eftirlitsstofnanir fari með nærgætni og aðgát við rann-sókn mála."

Af meiri nærgætni og aðgát en nú?

"Já, og ég skal taka einfalt dæmi," segir hann og visar hér til frum-mats Samkeppniseftirlitsins frá því í sumar, en þar kom fram að það kynni að brjóta samkeppnislög að Guðmundur tók við stjórnartau-munum í HB Granda.

"Við fengum fjórar spurningar frá Samkeppniseftirlitinu og ein af þeim sneri að því að ég væri í stjórn Vinnslustöðvarinnar. Ég hafði hætt í stjórninni þremur mánuðum áður og það voru opin-berar upplýsingar. Það stendur í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að ég sé farinn út úr stjórninni. En þrátt fyrir það var gerð athugasemd um að ég sæti í stjórn Vinnslustöðvar-innar og í framhaldi var sent bréf til stjórnarinnar og hún beindi um álit á kaupum mínum í HB Granda. Þegar það álit Vinnslustöðvarinnar kom til Samkeppnisstofnunar var það bara rögburður um mig. Maður spyr sig hvernig standi á því að opin-ber eftirlitsstofnun sendi svona illa undirbúna fyrirspurn og hvernig gat þessi fyrirspurn komist í gegnum innra eftirlits Samkeppniseftirlits áður en þetta bréf var sent út og það sent á fjölmiðla?" segir Guðmundur.

"Svo segja allir að ég megi ekkert segja um Samkeppniseftirlitið því annars fái ég bara allt eftirlitskerfið á mig. Það er eins og Samkeppnis-eftirlitið sé stofnun sem enginn þorir að segja neitt um. Eins og það gangi herna á vatni og allir pissi í buxurnar að það kemur. Ef enginn þorir að segja barninu á heimilinu til syndanna þá yfirtekur það heim-ilið. Þetta má ekki vera þannig að einhver kverúlant hjá eftirlitsstofn-um segi: Æ, mér er illa við þennan, þetta er KR-ingur. Við skulum nota kerfið til að niðast á honum," segir Guðmundur.

Heldurðu að þetta sé með þeim hætti sem þú lýsir?

"Ég veit það ekki en þetta er lítið land. Ég hef stundum sagt að ég óski þess að Hæstiréttur Íslands væri í Kaupmannahöfn því þá er líklegra að eingöngu verði dæmt á laga-legum grundvelli."

Grandi verji meiri í rannsóknir

Nú þegar Guðmundur hefur lokið við að leggja kapalinn í kringum kaupin á HB Granda segist hann þurfa að setjast niður með stjórn og eigendum félagsins til þess að móta framtíðarsýn útgerðarinnar. Hann hefur áður greint frá því að hann

Það er eins og Samkeppniseftirlitið sé stofnun sem enginn þorir að segja neitt um. Eins og það gangi herna á vatni og allir pissi í buxurnar ef það kemur.

Guðmundur Kristjánsson.

vilji fara í samstarf með erlendum útgerðum og fjárfesta í sölu- og markaðsfyrirtæki erlendis.

"Fiskur er seldur of ódýrt frá Íslandi eins og sést þegar maður skoðar verð á eldislaxi miðað við verð á villtum tegundum. Laxinn er seldur á 8 dollara, þorskurinn á 4 og karfi, ufsi og hinar tegundirnar á 2 dollara. Næsta skref er að finna leið til að fá meira út úr hverju kíló. Annaðhvort getum við reynt að hækka verðið með markaðsstarfi eða ráðist í meiri rannsóknar- og þróunarvinnu," segir Guðmundur. Að hans sögn mun HB Grandi verja meiri fjármunum í rannsóknir og þróun en áður. "Það er eðlilegt að sjávarútvegsfyrirtæki verji ákveðnu hlutfalli af tekjum í rannsóknir og þróun því annars deyjum við innan frá."

Þarf samstillt átak íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í markaðs-setningu til þess að hækka verðið á erlendum mörkuðum?

"Það þarf helst samstillt átak sjávarútvegsfyrirtækja í Norður-Atl-antshafinu og áherslu á villtan fisk en þá þurfum við að fá Norðmenn, Rússa, Færeyinga og Grænlandinga með okkur í lið. Ég hef hins vegar trú á því að á næstu árum muni stjórn-erari í íslenskum sjávarútvegi vinna í meiri mæli saman að mark-aðsætningu. Við stöndum aftarega í þeim efnum enda er ekki búið að setja nógu mikla vinnu og áherslu í þennan málaflokk."

Sjávarútvegurinn blóðmjólkaður

Mótun framtíðarstefnu í íslenskum sjávarútvegi krefst þess að leikreglurnar séu skýrar og gildi til langs tíma, að sögn Guðmundar. Enda-laus deila um kvótakerfið hafi hindrað ýmsan framgang innan greinarinnar.

"Íslenskur sjávarútvegur hefur verið að dragast hratt aftur úr á sí-ustu árum vegna þess að við erum enn að deila um það hver á veiði-réttinn. Við erum búin að vera að rífast um kvótakerfið í 30 ár. Nú á að taka alla peningana út úr sjávar-útveginum áður en eigandinn eða fjármagnið fær sitt og þannig er verið blóðmjólka greininna – ekkert fjármagn sett aftur inn til nauðsyn-legra fjárfestinga. Þá munu einungis allra stærstu fyrirtækin hafa burði til að gera eitthvað af viti."

Er umræðan um íslenskan sjávar-útveg björguð?

"Já, það er til dæmis veruleika-firring í samfélaginu um að það sé ofsgarði í greininni. Þetta byggir á misskilningi og það er endalaus vinna að sannfæra íslenska þjóð um það að íslenskur sjávarútvegur sé til fyrirmyndar. Allar þessar upp-hrópanir um sjávarútvegsstefnuna hafa haft slæm áhrif. Ímyndaðu

þér ef Svisslendingar væru alltaf að tala illa um úra- eða súkkulaðigerð. Auðvitað eigum við að vera stolt af okkar sjávarútvegi og ég held að það vanti heiðarlega umræðu um greinina," segir Guðmundur.

Hvað veldur því að umræðan er svona björguð?

"Við í sjávarútveginum höfum ekki náð að tala við almenning og fjárfesta um hvernig greinin er rekin. Grundvöllurinn fyrir því að reka gott sjávarútvegsfyrirtæki er að hafa veiðiheildir og löggjafinn ákvað strax 1984 og 1990 að greinin yrði sjálf að hagræða. Því fylgdu mjög sársaukafullar aðgerðir vegna þess að það var alltof mikið af fiski-skipum og fiskvinnsluhúsum. Þegar greinin fór að þjappa þessu saman urðu bæði persónur í sjávarútvegi og greinin sjálf óvinsæl hjá lands-mönnum. Sjávarútvegurinn varð olnbogabarn í þjóðfélaginu. Von-andi náum við að breyta ímyndinni þannig að þetta sé spennandi grein sem fullt af menntuðu og hug-myndaríku fólki sækir í, og vonandi fáum við fjármagn inn í greinina til að próa hana áfram."

Galið að vega ekki inn fjármagnskostnaðinn

Þá vikur samtalnu óhjákvæmilega að veiðigjöldum en frumvarp um að breyta álagningu veiðigjalda og færa hana nær í tíma þannig að hún endurspegli afkomu útgerða var samþykkt á Alþingi í desember. Guðmundur segir að enn sé grund-vallargalli á gjaldtökuinni.

"Það er einsdæmi á heimsvísu að leggja auðlindagjöld á auðlind áður en fjármagnskostnaðinn er veg-inn inn. Til þess að gera verðmæti úr auðlind þarfú alltaf fjármagn og fjármagnið kostar ákveðið. Ef þú ætlar ekki að virða það, þá eru allar líkur á að það verði ekki mikil verðmæti sköpuð úr auðlindinni. Þess vegna eru veiðigjöldin svona vitlaus," segir Guðmundur og ríflar upp heimssókn prófessora og nema frá Cornell-háskólanum í Banda-rikinum.

"Þau voru að stúdera íslenska fisk-veiðistjórnunarkerfið og fannst það alveg frábært en þegar þau heyrðu að það ætti að leggja á auðlindaskatt fyrir fjármagnskostnað, þá sögðu þau að þetta gæti ekki gengið upp."

Hvernig myndir þú vilja breyta veiðigjöldunum án þess að afnema þau?

"Ég vil hafa veiðigjöldin ákveðna prósentu af útlutningsverðmæti á hverja fiskteygju, burtseð frá því hvort fiskurinn sé unninn á landi eða úti á sjó. Það á ekki að skipta máli og ef vil breyta nafninu á veiðigjöldunum í auðlindagjöld og leggja þau á allar auðlindir. Þannig að ef þú ert að selja hellaferðir þá fara kannski 2-4 prósent af miðaverðinu í auðlindagjald. Ef fyrirtækið græðir svo pening, þá greiðir það tekju-skatt og ef greiddur er út arður, þá greiðir eigandinn fjármagnstekju-skatt. Það er algjörlega galin stefna að hafa auðlindagjöld í formi tekju-skatts og reyna að finna út af hvaða tegund auðlinda gróðinn er meiri eða minni og taka síðan ekkert tillit til fjármagnsins sem þarf til að nýta auðlindina."

Útlendingarnir koma oft með nýjungar

Ríkisstjórn Færeyja ákvað fyrir fáeinum árum að fara þá leið að bjóða upp veiðiheildir á markaði. Þessi hugmynd hefur hreiðrað um sig á Íslandi og haldna nú sumir fræðimenn og alþingis-menn henni á lofti.

"Það er engin fjárfesting í færeyiskum sjávarútvegi eftir að þeir tóku þetta upp. Það er allt stopp og nú ætla þeir að reka út-lendingana út," segir Guðmundur og visar til laga sem tóku gildi um síðustu áramót í Færeyjum sem úthýsa erlendu eignarhaldi á færeyiskum útgerðum.

"Við höfum ekki byggt virkjun ef Svisslendingarnir hefðu ekki komið með peninga í álverið. Ef ameríski herinn hefði ekki byggt upp Keflavíkurflugvöll hefði Jónas frá Hríflv byggj hann í Reykholtsskið. Bretarnir byggðu Reykjavíkurflugvöl og nunnurnar spítala. Það eru oft útlendingar og viðskiptamenn sem koma með nýjungar inn í hvert land," segir Guðmundur.

"Það væri gott fyrir mig ef enginn mætti kaupa í HB Granda nema hann byggji í Reykjavík því þá væri ég búinn að yta tölu-verðri samkeppni frá mér en þetta er haftastefna og ein-angrun og hún leiðir til þess að samfélög veikjast innan frá."



Vansæll verðbréfamíðlari í kauphöllinni í New York. Fjárfestar hafa ekki haft yfir miklu að gleðjast í ár en árið er það versta á fjármálamörkuðum heimsins frá því í kreppunni fyrir áratug. NORDICPHOTOS/GETTY

2018 versta árið á mörkuðum í áratug

Þúsundir milljarða dala gufuðu upp á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa féll í fyrsta sinn í áratug um tveggja stafa prósentutölu. Ríkisskuldabréf lækkuðu víðast hvar í verði. Fjárfestar óttast áframhaldandi verðlækkunar á næsta ári.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinni@frettabladid.is



Fjárfestar vilja sennilega gleyma árinu sem nú rennur sitt skeið á enda sem fyrst. Nærri sjö þúsund milljarðar dala gufuðu upp á hlutabréfamörkuðum heimsins á árinu, sterkur Bandaríkjadalur skók nýmarkaði og meira að segja gull og bandarísk ríkisskuldabréf féllu í verði.

Viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína, stýrivaxtahækkunir seðlabanka um allan heim og horfur á minni vexti í heimshagkerfinu eru, að mati fjárfesta, greinenda og hagfræðinga, á meðal ástæðna þess að MSCI-vísitalan, heimsvísitala hlutabréfa, lækkaði um títu prósent á árinu. Er það í fyrsta sinn frá árinu 2008, þegar fjármálakreppan skók heimsbyggðina, sem vísitalan lækkar um tveggja stafa prósentutölu.

Í sumum ríkjum hafa hlutabréf fallið öllu meira í verði. Kínverska hlutabréfavisitalan CSI300 hefur til dæmis lækkað um 25 prósent það sem af er árinu og þýska DAX-vísitalan um 16 prósent á meðan vísitölurnar í Argentínu og Tyrklandi hafa hrúnið um tæp 50 prósent.

Sé jafnframt litið til þess að heimsmarkaðsverð á olíu hefur fallið um 40 prósent frá því í september, ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa í mörgum ríkjum evrusvæðisins, svo sem ítalskra, grískra og franskra skuldabréfa, hefur farið ört hækkanði og rafrænni gjaldmiðlar, líkt og bitcoin, hafa hriðfallið í verði, þá er vart hægt að draga aðra ályktun en þá að árið hafi verið kreftandi, jafnvel blóðugt, á fjármálamörkuðum heimsins.

Neil Dwayne, sjóðsstjóri hjá Allianz Global Investors, segir að eftir að hafa búið við lága stýrivexti og örvunaraðgerðir seðlabanka í um tíu ár þurfi fjárfestar að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif það geti

haft í för með sér þegar hafist verður handa við að vinda ofan af skuldsætningu síðustu ára.

Aðhaldsaðgerðir seðlabanka geti skapað „vitahring“ verðlækkana á mörkuðum.

Skjálfti á nýmörkuðum

Vaxtahækkunir Seðlabanka Bandaríkjanna, sem voru alls fjórar talsins á árinu, lögðust illa í fjárfesta og þá bitnaði styrking Bandaríkjadalans, sem var sú mesta í þrjú ár eða tæplega fimm prósent, á mörgum nýmarkaðsríkjum sem skulda háar fjárhæðir í dólum.

Gengi evrunnar, breska pundans, Kanadadalsins og ástralska dalsins veiktist um á bilinu fimm til tíu prósent gagnvart Bandaríkjadalnum á árinu en sé litið til gjaldmiðla nýmarkaðsríkja nam veikingin tugum prósent. Þannig féll gengi argentínska pesoans um fimmtíu prósent gagnvart dalnum og tyrkneska líran lækkaði um þrjátíu prósent í verði. Veiking indversku rúpiunnar, suðurafrikska randansins, brasilíska ríalsins og rússnesku rúblunnar hefur numið um tíu til fimmtán prósentum gagnvart dalnum á árinu sem senn er á enda.

Á sama tíma hefur hlutabréfavisitala MSCI á meðal nýmarkaðsríkja lækkað um 17 prósent og skuldabréfavisitala sömu ríkja, sem JP Morgan heldur úti, farið niður um nærri 8 prósent.

Pedro Zavallos, sjóðsstjóri hjá Dalton Investments, segir í samtali við Reuters að verðfall ársins hafi gert það að verkum að margir markaðir, þar á meðal sá kínverski, séu orðnir ódýrir. Fáir vilji hins vegar „gripa fallandi hnif“, eins og hann orðar það.

„Ég óttast að á næsta ári muni dalurinn halda áfram að styrkjast,“ nefnir hann.

Búa sig undir næstu kreppu

Sérfræðingar sem Financial Times ræddi við benda á að margir fjárfestar hafi áttað sig á því á síðustu

Verðfall á mörkuðum yfir jóln

Bandarískar hlutabréfavisitölur hriðféllu á aðfangadag jóla eftir að Steven Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, reyndi að fullvissa fjárfesta um að stærstu bandarík landsins hefðu aðgang að nægilegu lausafé.

Yfirlýsing ráðherrans, sem sagðist hafa rætt simleiðis við nokkra bankastjóra dagana fyrir jól, vakti mikla undrun á meðal greinenda og fjárfesta enda höfðu engar áhyggjuraddir heyrst um lausafjárstöðu bankanna.

„Í besta falli gerði Mnuchin byrjendastök við að reyna að róa fjárfesta en í versta falli veit hann eitthvað sem fjárfestar vita ekki,“ sagði Win Thin, greinandi hjá Brown Brothers Harriman, í samtali við Financial Times.

S&P 500 hlutabréfavisitalan lækkaði um 2,7 prósent á aðfangadag og stóð í 2.351 stigi í lok dags. Til samanburðar stóð vísitalan í 2.920 stigum í byrjun október. Var verðfallið á mánuðag það mesta á aðfangadegi í sögunni.

Verðlækkunirnar í Bandaríkjum smituðust til Asíu þar sem japanska Nikkei-vísitalan féll um meira en fimm prósent á jóladag.

Til viðbótar við óvanta yfirlýsingu Mnuchins fjármálaráð-



Jerome Powell,
seðlabanka-
stjóri Banda-
ríkjanna.



Steve Mnuchin,
fjármálaráð-
herra Banda-
ríkjanna.

herra lagðist stýrivaxtahækkun Seðlabanka Bandaríkjanna þann 19. desember illa í fjárfesta. Ekki bættu úr skák ummæli Jays Powell seðlabankastjóra um að engin ástæða væri fyrir bankann til þess að draga hægar úr skuldabréfakaupum sínum.

Donald Trump Bandaríkjaforseti, sem stærði sig fyrr á árinu af hækkanði hlutabréfaverði, hefur síðustu vikur beint spjótum sínum að seðlabankanum og kennt honum að stórum hluta um verðfallið á fjármálamörkuðum. Er forsetinn sagður hafa íhugað að reka Powell úr stóli seðlabankastjóra en helstu ráðgjafar Trumps hafa þó undanfarna daga þvertekið fyrir það.

far fjármálakrisunnar árin 2007 og 2008.

Vaxandi spenna í samskiptum bandarískra og kínverskra stjórnvalda hefur jafnframt hreyft við mörkuðum um allan heim á árinu. „Við vörðum fjárfesta við því að markaðir væru berskjaldaðir gagnvart niðursveiflu á þessu ári ef bandarísk stjórnvöld gripu til harðra aðgerða í tollamálum,“ segir Richard Turnill, greinandi hjá BlackRock, í samtali við viðskiptatímaritið Forbes. „En áhrif alþjóðastjórnmalanna á markaði komu okkur á óvart,“ bætir hann við.

Harðnandi viðskiptadeilur Bandaríkjanna og Kína, með tilheyrandi refsitollum á báða bóga, olli fjárfestum, sér í lagi kínverskum, miklu hugarangri. Hlutabréf í Kína hafa lækkað umtalsvert í verði en sem dæmi hefur Shanghai-vísitalan fallið um tuttugu prósent og Shenzhen-vísitalan um þrjátíu prósent það sem af er árinu.

„Það er í raun litill hvati fyrir markaðinn til þess að taka við sér,“ segir Zhu Ning, prófessor í fjármálum við Tsinghua-háskólann, í samtali við CNBC. Kínverskir fjárfestar haldi greinilega að sér höndum.

Þrátt fyrir ringulreið á fjármálamörkuðum eru litil merki um að fjárfestar hafi leitað skjóls í öruggari eignum eins og gulli og ríkisskuldabréfum, líkt og dæmi eru um í sögunni. Þvert á móti. Bandarísk ríkisskuldabréf hafa lækkað um 1,7 prósent í verði á árinu, aðallega vegna stýrivaxtahækkana seðlabanka landsins, og þýsk ríkisskuldabréf hafa farið niður um 2,3 prósent í dölum talið. Þá hefur verð á gulli lækkað um líðlega fjögur prósent.

„Spurningin sem við spyrjum okkur fyrir árin 2019 og 2020 er hve mikið viðskiptastríðið og óvissan í kringum Brexit getur versnað,“ segir Dwayne hjá Allianz. „Það gæti bent til þess að við munum mögulega ekki horfa fram á hefðbundna niðursveiflu heldur að hún verði harkaleg.“

17%
er lækkunin á MSCI-hlutabréfavisitölu nýmarkaðsríkja á árinu.



Gott útlit!*

Við óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum
spennandi ævintýra á nýju ári.



SSANGYONG

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

benni.is.

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílaúð
Benna**
— Sérfræðingar í bílum —

*SsangYong Rexton, 4x4 jeppi ársins, verður frumsýndur
12. janúar í nýjum sýningarsal okkar að Krókhálsi 9

Þróunin á íslenskum verðbréfa markaði á árinu



Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

Övissa í alþjóðlegum efnahagsmálum hefur sett mark sitt á hlutabréfamarkaði síðustu mánuði og fjárfestar munu ekki kveðja árið 2018 með miklum söknuði. Hlutabréfavisitölur austan hafs og vestan hafa lækkað um 10-15% á árinu og 15-25% frá hæstu gildum. Hér á landi hefur lækkunin verið heldur minni, eða um 2% til 5% eftir því hvort tekið er mið af Úrvalsvisitönnu eða Heildarvisitönnu Nasdaq Ísland. Eins og ávallt er þróun hlutabréfaverðs nokkuð misjöfn eftir félögum. Þrátt fyrir lækkun hlutabréfavisitölna hafa til að mynda hlutabréf Haga og Iceland Seafood hækkað um um það bil þriðjung, hlutabréf Marel um 15% og hlutabréf Skeljungs og Kviku banka í námunda við 10% á árinu.

Þótt verðþróun hafi ekki á öllu leyti verið að óskum fjárfesta er hægt að gleðjast yfir ýmsu á innlendum verðbréfamarkaði á árinu sem er að liða. Arion banki var skráður á Nasdaq-hlutabréfamarkaðina á Íslandi og í Stokkholmi í júní. Utboð félagsins var það stærsta sem íslenskt félag hefur ráðist í samhliða skráningu. Kvika banki varð fyrstur íslenskra banka á hlutabréfamarkað frá fjármálahruninu þegar hann var skráður á First North-markaðinn í mars síðastliðnum. Heimavallir voru skráðir á Aðalmarkað Nasdaq Ísland í maí og var fyrsta fyrirtækið í meira en áratug til að sækja nýtt hlutafé í útboði samhliða skráningu á markað.

Skráð fyrirtæki fágu út nýtt hlutafé í mun meira mæli en sést hefur á síðustu árum, hlutafé sem þau nýttu til kröftugs vaxtar. Alls hefur útgáfa nýs hlutafjár í þessum tilgangi numið um 30 milljörðum króna undanfarið ár. Þá hefur útgáfa skráðra skuldbréfa ekki verið meiri frá árinu 2010. Hefur skuldbréfafélagið banka og fasteignafélaganna verið þýngst. Fasta sýnir svo ekki verður um villst að íslenskur verðbréfamarkaður getur nú veitt fyrirtækjum sveigjanleika og af til að bregðast ákveðnar við aðstöðu en ella, stökkva á tækifærin og styrkja samkeppnisstöðu sína.

Áhugi meðal fyrirtækja á skráningu hefur aukist undanfarið. Nokkur fyrirtæki hafa þegar hafið undirbúningu að skráningu á hlutabréfamarkað eða íhuga það alvarlega. Aukinn áhugi endurspeglast einnig í þátttöku 17 smærri fyrirtækja í First North skólanum, sem Nasdaq Ísland heldur í félagi við Íslendsbanka, KPMG, Logos og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Markmið námskeiðsins er að fyrirtækin verði í stakk búin að skrá sig á hlutabréfamarkað að því loknu.

Forsendur eru fyrir því að íslenskur verðbréfamarkaður haldi áfram að eflast á komandi misserum og árum og leiki sífellt stærra hlutverk í fjármögnun íslensks atvinnulífs. Til þess þarf þó samstílt áttak markaðsaðila og stjórnvalda. Þær leiðir að settu marki sem nefndar eru í Hvítböku um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið eru ágætur leiðarvirir og ríma vel út úttekt alþjóðlega vísitölufyrirtækisins FTSE Russell á íslenskum hlutabréfamarkaði. Verði unnið markvisst í samræmi við leiðbeiningar framangreindra aðila er von til þess að íslenskur verðbréfamarkaður geti stítt svo um munar við íslenskt efnahagslíf á komandi árum.

Óhófleg gjaldtaka á eina atvinnugrein



Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Ársins sem nú er að liða verður sennilega fyrst og síðast minnst fyrir það að vera árið sem óhóflegt veiðigjald var fest í sessi. Fyrir einhverja kann það að hljóma sem ófugmæli, því samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að gjaldið á næsta ári verði lægra, í krónum talið, en á yfirstandandi ári. Sumir sem eiga að vita betur hafa kveðið visuna um lækkun á veiðigjaldi og þykir jafnan gott efni í fyrirspurnir. Minni umræða er um það sem raunverulega gerðist með setningu laga um veiðigjald í desember.

Það sem raunverulega gerðist var eftirfarandi: Veiðigjald er miðað við afkomu í útgerð frá einu ári til annars. Eðli máls samkvæmt getur það sveiflast eftir því hvort vel eða

illa ári í sjávarútvegi. Hugsanavilla margra er sú að telja að ef stofn til veiðigjalds minnki þá lækki gjöldin. Til útskýringar má taka dæmi af einstaklingi sem greiðir 37% tekjuskatt. Ef tekjur hans lækka, lækkar þá skatturinn? Í krónum talið já, en hann er að greiða hlutfallslega jafn mikið í skatt, eða 37%.

Upphæð veiðigjalds á næsta ári verður lægri en hún var á liðandi ári. Það er vegna verulega erfiðari rekstrarskilyrða í sjávarútvegi á árinu 2017 heldur en á árinu 2015, sem gildandi veiðigjald tekur mið af. Ef ekki hefðu verið gerðar neinar breytingar á lögum, hefði veiðigjald orðið 2,5 milljarðar króna á fiskveiðiarinu 2019 til 2020. Það gefur augaleið að það er verulega lægri fjárhæð en þeir 11,2 milljarðar króna sem sjávarútvegur greiddi á fiskveiðiarinu 2017 til 2018.

Frumvarp til lagfæringa á veiðigjaldi hafði verið lagt fram á vörþingi. Þar var meðal annars gert ráð fyrir leiðréttingu á gjaldinu fyrir yfirstandandi ár. Stjórnarandstaðan þráðaðist við í nokkra daga og stjórnarmeirihlutinn lagði upp laupana án þess að frumvarpið kæmi til eiginlegrar umræðu. Það

Sumir sem eiga að vita betur hafa kveðið visuna um lækkun á veiðigjaldi og þykir jafnan gott efni í fyrirspurnir

En af hverju er sífellt verið að vara við háu og íþyngjandi veiðigjaldi? Fyrst ber að nefna að sjávarútvegur á Íslandi setur sig ekki upp á móti höflegu auðindagjaldi, en bendir þá í leiðinni á þá staðreynd að sjávarútvegur er eini geiri atvinnulífsins sem greiðir þetta gjald. Sjávarútvegurinn er þó langt frá því að vera

voru mikil vonbrigði að þær lagfæringar sem bодаðar voru í fyrsta frumvarpinu skyldu ekki skila sér í því síðara. Lagfæringin var jafn mikilvæg í vor og haust.

En af hverju er sífellt verið að vara við háu og íþyngjandi veiðigjaldi? Fyrst ber að nefna að sjávarútvegur á Íslandi setur sig ekki upp á móti höflegu auðindagjaldi, en bendir þá í leiðinni á þá staðreynd að sjávarútvegur er eini geiri atvinnulífsins sem greiðir þetta gjald. Sjávarútvegurinn er þó langt frá því að vera

á landsbyggðinni. Tækifærin til uppbyggingar ferðabjónustu á landsbyggðinni eru gríðarleg en þau þarf að byggja undir með markvissum aðgerðum. Margt af því sem hefur verið gert á undanförunum þremur árum er gott, en betur má ef duga skal. Til langs tíma verður að byggja upp stefnumótun á grunni þekkingar og rannsókna og leggja áherslu á praktískar aðgerðir til að auka dreifingu ferðamanna um landið allt á öllum árstímum. Að því þurfa allir áfram að vinna vel saman, ríki, sveitarfélög og atvinnugreinin.

I umræðu um kjaramál má stundum skilja á verkalyðsforkölfum að atvinnurekendur sitji almennt feitr á fjósbitum stórfyrirtækja sinna. Það er einfaldlega rangt. Niúti og níu prósent allra fyrirtækja á Íslandi eru litil og meðalstór og hjá þessum fyrirtækjum starfa 7 af hverjum 10 starfsmönnum á landinu. Þessi fyrirtæki standa undir 68% af greiddum launum í landinu. Yfirgnæfandi meirihluti ferðabjónustufyrirtækja fellur í þennan flokk litilla og meðalstórra fyrirtækja og þau hafa á undanförunum árum fjárfest gríðarlega, glímt við miklar kostnaðarhækkanir

eina atvinnugreinin sem nýtir auðlind. Hvers vegna að taka eina grein svo langt út fyrir sviga og reyna að kreista úr henni hverja krónu? Við þeirri spurningu virðist þá svör.

Íslenskur sjávarútvegur er einn sá fremsti í heiminum. Það byggist meðal annars á því að hann er vel skipulagður og tæknivæddur. Til þess að hægt sé að halda áfram á þeirri braut verður hann að vera í færum til að fjárfesta. Með tæknivæðingu og fjárfestingu hefur sjávarútveginn tekist að halda sínum hlut á alþjóðlegum markaði. Án föfustu þar er íslenskur sjávarútvegur hvorki fugl né fiskur og á því munu allir tala.

Allt hangir þetta því saman og stundum þarf að íhuga betur samhengi hlutanna. Við megum vera stolt af því sem við rekin og burðug sjávarútvegssýrirtæki eru að gera; við erum þar fremst meðal jafningja og það er síður en svo auðfengið. Við erum síst ríkari en aðrar þjóðir af auðlindum, en af sjávarauðlindinni hefur okkur auðnað að gera veruleg verðmæti fyrir samfélagið allt. Þeirri stöðu má ekki sólunda með af íþyngjandi gjaldtöku heima fyrir.

Ógnir og tækifæri á árinu 2019



Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar

Það er algjörlega dagljóst að það er engin innistæða hjá ferðabjónustufyrirtækjum fyriritrustu kröfum verkalyðshreyfingarinnar

Þessi áramót eru umvafin óvissu fyrir ferðabjónustufyrirtæki. Óvissu um flugframboð næsta árs, óvissu um samsetningu ferðamannahópsins, óvissu um gengisþróun og kostnaðarþætti og óvissu um niðurstöðu kjarasamninga. Það eru engin ný vísindi að óvissa er almennt slæm fyrir rekstur fyrirtækja og fyrir atvinnugrein sem byggir reksturinn á bókunum og sölu 18-24 mánuði fram í tímann veldur hún jafnvel enn flóknari stöðu en ella.

Undanfarið ár höfum við séð hvernig breytingar á fjölda ferðamanna og samsetningu ferðamannahópsins eftir markaðssvæðum geta haft áhrif á rekstur fyrirtækjanna, meðal annars gagnvart dvalarlengd og kaupum á

skipulögðum ferðum. Þegar til allra þátta er lítið er eitt það helsta sem læra mátti um rekstur ferðabjónustufyrirtækja árið 2018 að það er alls ekki línulegt samhengi milli fjölda ferðamanna og afkomu fyrirtækjanna.

Þegar horft er til ársins 2019 blasir við að hafa verður sérstakar gætur á stöðu ferðabjónustufyrirtækja á landsbyggðinni. Skýrsla KPMG fyrir Ferðamálastofu sem út kom í haust sýnir vel þann mikla mun sem er á rekstrarskilyrðum fyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu og

Meiri áframvinnsla og bætt straumnýting



Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samals

hætt er að segja að árið 2018 hafi verið viðburðaríkt í alíðnaði. Það má segja að togstreita stórveldanna í heiminum hafi hverfst um alið. Og þar sem verð á ali ræst á heimsmarkaði hefur það áhrif á íslenska alíðnaði. Tollahækkanir Bandaríkjanna á al hafa einkum beinst að Kínverjum, enda hefur verið sýnt fram á að ríkisstuðningur við alíðnaði þar í landi skekki samkeppnisstöðuna á heimsvísu. En tollar á alínflutning hafa einnig náð til Evrópuríkja og nágrannaríkja Kanada og Mexíkó og hefur tollastriðið valdið spennu á alíðnaði.

Áfram stefnir í heilbrigðan vöxt

í eftirspurn áls upp á 4-5% á næstu árum. Umframefrtirspurn er eftir áli á heimsvísu á þessu ári og útli fyrir að svo verði áfram á því næsta. Birgðir dragast því saman, einkum í heiminum utan Kína, sem mun til lengri tíma leiða til hækkunar alíðnaðs, samkvæmt greiningarfyrirtækinu CRU. Á móti kemur að verð á aðföngum til alíðnaðislu hefur hækkað verulega, bæði á súrali og rafskautum. Útli er fyrir að jafnvægi komist á súralmarkaði á næsta ári, samkvæmt CRU.

Það sætir tíðindum að alíðnaði á Íslandi hefur aldrei verið meiri. Framleidd voru yfir 880 þúsund tonn árið 2017 og þegar talið er úr steypuskálm, þar sem búnar eru til flóknari og víðsæmri afurðir með því að blanda álinu við önnur efni, þá fór framleiðslan í fyrsta skipti yfir 900 þúsund tonn. Það eru fjárfestingar í frekari áframvinnslu sem skapa þennan árangur ásamt bættari straumnýtingu.

Ísland er næststærsti alíðnaði andi í Evrópu og er Evrópa helsti markaður fyrir alíðnaði íslenskra alíðna. EES-samningurinn hefur

Ísland er næststærsti alíðnaði andi í Evrópu og er Evrópa helsti markaður fyrir alíðnaði íslenskra alíðna

mikla þýðingu, enda eru íslenskir alíðnaðiendur þar innan tollamála. Um 16% af heimsframleiðslu árið framleidd í Evrópu, þar af er hvorki meira né minna en helmingurinn endurnúnninn. Um 90% alls áls sem fer í byggingar og farartæki í Evrópu skila sér til endurnúnnslu, enda þarf til þess einungis 5% orkunnar sem fer í að frumframleiða alið. Það er því verulegur fjárhagslegur ávinningur, sem treystir rekstrargrunn endurnúnnslufyrirtækja um allan heim. Þar sem losunin í alíðnaði á heimsvísu er einkum vegna orku-

vinnslnnar, þá minnkar kolefnisfótspor áls margfalt í hvert sinn sem það er endurnúnn.

Ísland er enginn eftirbátur annarra Evrópuríkja þegar kemur að endurnúnnslu og má nefna sem dæmi hátt endurnúnnsluhlutfall drykkjardósa úr áli, en það er yfir 90% og með því hæsta í Evrópu. Samal hefur tekið þátt í áttaksverkefnum til að yta undir endurnúnnslu áls hér á landi, bæði á Fiskideginum mikla á Dalvík síðasta sumar og eins með söfnunaráttaki sprittkerta síðustu júl. Undirtektir hafa verið frábærar og getur fólk áfram skilað álinu til endurnúnnslu-stöðva, í söfnunargáma Grænna skata og í tunnur Gámabjónustunnar og Íslenska gámafélagsins.

Fjórir teymi hönnuðu vörur til framleiðslu úr sprittkerti í samvinnu við Malmsteypuna Hellu og voru þær sýndar á afmælisopnun Hönnunarmars fyrir á þessu ári. Þar á meðal var stóll sem hannaður var af Sólva Kristjánssyni hjá Studio Portland og var hann valinn til sýningar á loftslagsráðstöfuninni í Póllandi fyrir í desember. Þar með var hringrásin orðin að veruleika.



MYND: SIGTRYGGUR ARI

Frelsismegin í 90 ár



Ólafur Stephensen
framkvæmda-
stjóri Félags
atvinnurekenda

Íslandi, eins og í svo mörgum öðrum vestrænum ríkjum, er vaxandi togstreita á milli annars vegar aflla sem vilja opið samfélag og hagkerfi með sem minnstum hömlum á samskipti og viðskipti á milli ríkja og hins vegar þeirra sem hafa vaxandi efasemdir um ágæti vestræns samstarfs, hnattvæðingar og friverzlunar. Átók á milli þeirra sem vilja sem frjálsastan markað og hagstæðast starfsumhverfi fyrirtækja í þágu verðmætasköpunar annars vegar og hins vegar þeirra sem telja þungt regluverk, boð og bönn vera í þágu jákvæðrar samfélagsþróunar liggja ekki eftir nákvæmlega sömu línun, en þó oft svipuðum.

Félag atvinnurekenda hefur skipað sér frelsismegin í báðum tilvikum. Félagið, sem hét í upphafi Félag íslenskra stórkaupmanna, hefur allt frá stofnun 21. maí 1928 beitt sér fyrir opnara Íslandi, frjálsari viðskiptum og léttara regluverki í þágu öflugs atvinnulífs.

Einföldun regluverks

Á 90 ára afmælisárinu báru baráttumál félagsins þessu vitni. Við höldum áfram að beita okkur fyrir einföldun regluverks fyrir fyrirtækin og fögnuðum því að mál sem við höfum lengi barizt fyrir náðu fram að ganga. Eitt slíkt mikilvægt skref er upptaka samkeppnismats í samvinnu við OECD. Það gengur út á að skoða bæði ríkjandi regluverk og nýjar reglur fyrir atvinnulífið, til að meta áhrif þeirra á frjálsa samkeppni. Til að byrja með nær matið til byggingariðnaðarins og ferðaþjónustunnar. Við teljum fulla ástæðu til að það taki sem fyrst til fleiri atvinnugreina sem heyra undir atvinnuvegaráðuneytið, ekki sízt sjávarútvegs og landbúnaðar, þar sem viðtækar samkeppnishömlur eru í gildi.

Sanngjarnari fasteignaskattar

Annað af stóru málum félagsins var lækkan fasteignaskatta sveitarfélaganna á atvinnuhúsnæði. Sú skattheimta er komin í mikilvæfni; skattbyrði fyrirtækja hefur þyngt um tugi prósent á faum árum vegna gífurlegra hækkana fasteignamats, sem oftast eru ekki í neinu samhengi við afkomu eða greiðslugetu fyrirtækjanna. Málflutningur okkar náði í gegn hjá ýmsum stærri sveitarfélögum, sem lákkuðu álagningarprósenter – með þeirri stóru undan-

EES-samningurinn er grunnstoð undir utanríkisviðskiptum Íslands og væri skelfilega misráðið af stjórnmálamönnum að höggva í hana án þess að skoða afleiðingarnar

tekningu að Reykjavíkurborg sýndi málinu engan áhuga og innheimtir enn hæstu lögleyfðu fasteignagjöld á nokkuð hæpnun forsendum. Á nýju ári þurfa atvinnulíf, sveitarfélög og ríkisvaldið að hefja vinnu við að koma þessari gjaldheimtu í sanngjarnara og skynsamlegra horf.

Að koma böndum á ohf-in

Undir lok ársins var baráttu FA fyrir óháðri úttekt á Íslandsþósti áberandi. Ríkisfyrirtækið, sem hefur farið í nýjan rekstur í samkeppni við ótal einkafyrirtæki á síðustu árum, er komið að fótum fram og þarf nú milljarða meðgjöf frá skattgreiðendum. Úttekt á þeim ákvörðunum sem leiddu Þóstin í þessa ömurlegu stöðu er nauðsynleg, bæði til að tryggja sanngjarna samkeppni á póstmaknaði í framhaldinu og til að hægt sé að forðast að sambærileg staða komi upp hjá öðrum ohf-félögum, sem hafa fengið að ganga stjórnlæus á samkeppnismarkaði.

Stöndum vörð um EES

Síðast en ekki sízt hefur Félag atvinnurekenda haldið áfram sinni 90 ára löngu baráttu fyrir frjálsari milliríkja viðskiptum. Tollar hafa nú verið afnumdir á öllum vörum nema búvörum. Þar heldur baráttan áfram, því að þær eru augljóslega ekki háðar öðrum lögmálum en aðrar vörur. Félagið mun á nýju ári veita stjórnvöldum þétt aðhald. Í því felst, þó furðulegt megi virðast að þess þurfi með, að gera þá kröfu að ríkið fari að dómum Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins um að afnema verði ólögmaett bann við innflutningi á fersku kjöti, eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk. Þrjúkist íslensk stjórnvöld við að fara að niðurstöðum dómstóla, er EES-samningurinn settur í upp-nám, auk þess sem grunnforsendur réttarríkisins krefjast þess að ríkið virði niðurstöður dómstóla. Sama má segja ef Alþingi samþykkir ekki lög til innleiðingar á þriðja orkupakkann, en þróngur hópur berst nú ákaft gegn innleiðingu hans og byggir málflutning sinn aðallega á rangfærslum. EES-samningurinn er grunnstoð undir utanríkisviðskiptum Íslands og væri skelfilega misráðið af stjórnmálamönnum að höggva í hana án þess að skoða afleiðingarnar fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ár sviptivinda



Ásdís Kristjánsdóttir
forstöðumaður
efnahagssviðs
Samtaka at-
vinnulífsins.

Á 100 ára afmæli fullveldis Íslands var jafngamalt rigningarmet slegið. Sumarið var vonbrigði, í það minnsta á suðvesturhorninu, og þó veturinn hafi reynst óvenju hlýr þá var hitinn mestur í samfloti lægða, vindasamra og blautra. Í upphafi árs ríkti almenn bjartsýni í íslensku efnahagslífi, verðbólgan mældist 1,9%, ferðaþjónustan var á góðri siglingu, krónan hélt stöðug og hagvaxtar-spár gerðu ráð fyrir góðum gangi áfram á komandi árum. Þegar komið var fram á seinni hluta ársins urðu hins vegar skörp skil. Hörð átök voru boðuð á vinnumarkaði og ótti um innstæðulausar launa-hækkanir magnaðist upp. Krónan tók að veikjast og sú bjartsýni sem ríkti í upphafi árs hvarf eins og döggi fyrir sólu. Tíðindi af hópupp-sögnum fyrirtækja bárust reglulega og í auknum mæli mátti greina vaxandi áhyggjur af stöðu íslenskrar ferðaþjónustu. Þær áhyggjur voru ekki úr lausu lofti gripnar, bæði íslensku flugfélögin hafa þurft að ráðast í breytingar til að mæta erfiðu rekstrarumhverfi og er nú spáð samdrætti í komu erlendra ferðamanna til landsins á fyrstu mánuðum næsta árs vegna samdráttar í flugframboði WOW air.

Sterk staða þjóðarbúsins er áminning um mikilvægi þess að glutra ekki niður þeim árangri sem áunnist hefur, því það getur gerst á skömmum tíma

Nú í lok árs hafa hagvaxtarspár tekið breytingum og óvissan aukist. Verðbólga sem hafði um árabil haldist undir verðbólgu markmiði mældist 3,7% í desember og krónan er 10% veikari en hún var í upphafi árs. Stýrivextir hafa hækkað og von er á frekari vaxta-hækkunum ef áframhald verður á þessari þróun. Eftir mikinn uppgang á síðastliðnum átta árum er skörp aðlögun hafin. Rétt er þó að staldra við á þessum tímamótum og horfa með raunsæjum augum á þá stöðu sem nú blasir við. Laun á Íslandi, hvort sem horft er til lágmarkslauna eða meðallauna, eru ein þau hæstu meðal OECD ríkja, jafnvel þótt leiðrétt sé fyrir háu verðlagi á Íslandi. Hvergi innan OECD rennur stærri hluti af þeirri verðmætasköpun sem verður til í þjóðarþúinu til launþega. Kaupmáttur heimila var að meðaltali rúmlega 25% hærrí á árinu 2018 en árið 2015 og hefur kaupmáttur lægstu launa hækkað enn meira, eða um 30%. Atvinnuleysi á Íslandi er 2,9% sem er með því lægsta sem mælist innan OECD. Landsframleiðsla á föstu verðlagi hefur vaxið um þriðjung á síðustu átta árum, vöxtur sem fyrst og fremst var drifinn áfram af útflutningsgreinum.

Engum ætti að dyljast að sterk staða Íslands er að mestu tilkomin vegna þess að útflutningsgreinarnar hafa styrkt og byggt upp kaupmátt innanlands undanfarin ár. Er svo komið að erlendar eignir Íslendinga eru 370 milljarðar króna umfram erlendar skuldir og er það eisdæmi í íslenskrí hag-sögu. Sterk staða þjóðarbúsins er áminning um mikilvægi þess að glutra ekki niður þeim árangri sem hefur áunnist, því það getur gerst á tiltölulega skömmum tíma. Árið 2018 var ekki aðeins svæptumt ár heldur ár lægða og sviptivinda. Það er vonandi að árið 2019 verði fremur bjart og milt.

Útboðsmarkaðurinn tók aftur við sér á síðasta ársfjórðungi

Karl Andreassen, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að unnið hafi verið að endurskipulagningu fyrirtækisins undanfarin þrjú ár með ágætis árangri.

Hvað gekk vel á árinu 2018?

„Árið 2018 var gott ár hjá Ístaki. Við höfum verið að endurskipulagja reksturinn síðustu þrjú ár með ágætis árangri og náðum nær öllum markmiðum okkar fyrir árið. Verkefnastaða okkar var góð í upphafi árs og hefur haldist mjög stöðug á árinu. Veltan jókst frá árinu á undan en það að vera stærstir í veltu er ekki endilega markmið okkar heldur viljum við vera bestir og vera með arðbæran vöxt.“

Útboðsmarkaðurinn var ágætur framan af, það dró aðeins úr útbodum um mitt árið en tók aftur við sér á síðasta ársfjórðungi. Það var mest um byggingaverkefni á útboðsmarkaði en mannvirkja þátturinn bætti aðeins í seinni hluta árs.

Góður árangur ársins skrifast að mestu á þrautreynt starfsfólk okkar sem hefur með dugnaði og réttu hlutfalli af áráðni náð að skila af sér verkum og rekstri okkar með réttu framlegð. Þetta stendur upp úr ef horft er yfir árið í heild sinni.“

Hvað gekk erfiðlega á árinu?

„Ef það á að nefna eitthvað sem gekk síður vel á síðasta ári þá vil ég



Karl Andreassen, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að verkefnastaða hafi verið góð í upphafi árs og haldist stöðug á árið. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

benda á það sem miður er á byggingamarkaði almennt. Eitt af stærri málunum er að betur sé tekið á þeim fyrirtækjum sem ekki vinna eftir settum lögum og reglum á vinnumarkaði og fela sig á bak við nýjar kennitölur. Þetta ætti að stöðva, en það krefst þess að skilvirkt kerfi sé sett á og því sé framfylgt.“

Hvernig horfir árið 2019 við þér í rekstrinum?

„Komandi ár er spennandi og ber að nefna þau tækifæri á útboðsmarkaði sem búið er að kynna, eins og til dæmis meðferðarkjarni Landspítalans, Ísavia-verkefnið, möguleg hröðun á bætingu samgöngukerfisins

og sú uppbygging á íbúðum sem fram undan er.“

Við fylgjumst að sjálfsögðu vel með kjaraviðræðum og vonumst til að aðilar nái sanngjarnri niðurstöðu í tíma fyrir alla aðila.

Það þarf einnig að hlúa að rétttri nýliðun í iðngreinum og sjá til þess að þau störf gætist ekki í þeirri þróun sem er á vinnumarkaði. Þetta er eitt af stóru málunum í okkar grein sem þarft er að bæta, og það er gleðilegt að nú er verið að ýta úr vör verkefni sem tekur á þessu vandamáli.

Við horfum áreiðin og full tilhlökkunar til ársins 2019 og hlökkum til þeirra áskorana sem bjóðast á árinu.“



Svava Johansen, forstjóri NTC, segir að erfitt sé að reka verslun í miðbænum með „borgaryfirvöld í ham að loka verslunargötum í langan tíma“.

Góðærið fór að ganga til baka með haustinu

Svava Johansen, forstjóri NTC, segir að árið hafi verið gott. Launakostnaður sé hins vegar „farinn upp úr öllu valdi“ fyrir atvinnurekendur almennt og leigan einnig.

Hvað gekk vel á árinu 2018?

„Árið 2018 hefur verið frekar gott hjá okkur. Salan gekk vel á árinu, við erum með söluaukningu á milli ára. Við bættum við okkur nýjum spennandi vörumerkjum. Höfum undanfarin ár gætað bætt við okkur enn vandaðri og dýrari merkjum þar sem krónan hefur styrkst og kaupmáttur aukist.“

Ferðamennirnir eru að versla meira við okkur, sérstaklega í miðbænum. Við finnum þó reyndar aukningu frá þeim í Kringlunni.“

Hvað gekk erfiðlega á árinu?

„Þetta góðæri hefur verið að ganga til baka frá haustinu með snöggveikingu krónunnar og fundum við fyrir því og erum að tapa framlegð síðustu mánuði með gengistapi. Ég er þó á því fyrir heildina að krónan eigi ekki að verða of sterk en örliðið betri en hún er í dag. Erfiðast í rekstrinum í dag er þó allur rekstrarkostnaður, sérstaklega leiga og launakostnaður. Launakostnaður er farinn upp úr öllu valdi fyrir atvinnurekendur almennt og leigan einnig.“

Við reukum 14 verslanir sem eru

til húsa í Kringlunni, Smáralind og í miðbænum og þær eru mjög ólíkar þannig að við getum mjög fljótt séð heildarmyndina hvað er að gerast á markaðnum. Við reukum bæði unglingsverslanir og svo eldri miðlungs- og eldri verslanir.

Erfitt er að reka verslun í miðbænum með borgaryfirvöld í ham að loka verslunargötum í langan tíma. Skólavörðustigurinn er hallandi gata og yfir vetrartímann getur verið í á götum og gangstéttum og finnst mér að þá ætti borgin allavega að vera sveigjanleg með að halda götunni opinni ef veðrið er ekki þannig að fólk nenni út í það. Verslanir hafa verið að hórfa frá Laugavegi og það er alls ekki gott. Við erum að færa verslunina okkar GK Reykjavík í þyrjun ár 2019 niður á Hafnartorg, nánar tiltekið við Tryggvagötu. Þar verða um 1.100 bílastæði neðanjarðar á svæðinu sem ég tel vera lykilinn að því að Hafnartorgið virki vel enda mun þetta verða skemmtilegt „concept“.

Hvernig horfir árið 2019 við þér í rekstrinum?

„Ef stjórnmál haldra rétt á spilunum og það umhverfi verður í lagi þá er ég bjartsýn á að 2019 verði gott ár en við Íslendingar erum svolítið á þrúnni núna svo það þarf að taka réttar ákvarðanir.“

Hærra launahlutfall en á öðrum Norðurlöndum

Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Radisson BLU Saga Hotel, segir að launahlutfall sambærilegra hótela á Norðurlöndum sé 20 prósentustigum lægra „en við þekkjum. Þjónustugreinar eru starfsmannafrekar en það segir sig sjálft að með þetta hátt launahlutfall verður ekki mikið eftir til að endurnýja fyrir og huga að framtíðinni.“

Hvað gekk vel á árinu 2018?

„Árið 2018 var ár framkvæmda á Hótel Sögu. Stór hluti alrýmis á jarðhæð var lokaður af og heil gistihæð var endurnýjuð frá grunni. Óhætt er að segja að þó nokkurt ónáði hafi verið af framkvæmdum fyrir gesti og starfsmenn. Þrátt fyrir þessa truflun var ánægjulegt að sjá að herbergjanýting hléist nokkurn veginn sú sama og árið 2017 og starfsmönnum tókst að viðhalda ánægju gesta við erfiðar aðstæður. Gengið hefur haft mikil áhrif á reksturinn þar sem verðin eru að mestu gefin út í evrum. Veiking krónunnar skilar því hærra meðalverði á milli ára og umræðan um dýrtíð á Íslandi fór dvinandi eftir því sem á leið.“

Hvað gekk erfiðlega á árinu?

„Starfsmennirnir eru helsti auður Hótel Sögu og þjónustan sem þeir veita skilar endurteknum gestakomum. Það er hins vegar áhyggjuefni að stærri og stærri hluti innkomunnar fer í laun og starfsmannakostnað. Hótel Saga er með leyfisafmælingu við Radisson-hótelkeðjuna og þar afleiðandi auðvelt að bera saman kennitölur í rekstri við sambærileg hótél erlendis. Norðurlöndin eru góð viðmiðunarlönd þar sem aðstæður eru svipaðar og launahlutfall þar á hótélum með mikla veitingaþjónustu er undir 30



Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Radisson BLU Saga Hotel, að árið 2018 hafi verið ár framkvæmda hjá hótélunum. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

prósentum, um 20 prósentustigum undir því sem við þekkjum. Þjónustugreinar eru starfsmannafrekar en það segir sig sjálft að með þetta hátt launahlutfall verður ekki mikið eftir til að endurnýja fyrir og huga að framtíðinni.“

Hvernig horfir árið 2019 við þér í rekstrinum?

„Við horfum björtum augum til ársins 2019. Það vafa þó yfir okkur ógnir sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir reksturinn. Versnandi afkoma flugfélaga getur valdið samdrætti í komu gesta til landsins,

sem hefur áhrif á herbergjanýtingu. Það myndi kalla á hagræðingu í mannahaldi. Ólga á vinnumarkaði og óvissa um kjarasamninga er ekki síður erfið fyrir fyrirtæki í viðkvæmum rekstri og það má lítið út af bera þegar launahlutfallið er nú þegar þetta hátt. Vonandi bera samningsaðilar gæfu til að leysa úr þessum málum farsælega fyrir launþega og atvinnurekendur.“

Sagan heldur alltaf áfram og við hlökkum til að takast á við 2019 með endurnýjuð rými, nýjan Mimi-ísbær og nýjan veitingastað, Mimi.“

Straumhvörf í viðhorfi til grænna lausna

Sindri Sindrason, forstjóri Carbon Recycling International, segir að straumhvörf hafi orðið í viðhorfi til grænna lausna. Fyrirtækið framleiðir og selur endurnýjanlegt metanól. Í upphafi árs var fyrsta verksmiðja CRI erlendis gangsett. Hérlandis nýtir fyrirtækið koltvísýring sem losnar frá jarðvarmavirkjun HS orku til framleiðslu á metanóli.

Hvað gekk vel á árinu 2018?

„Á árinu sköpuðum við fleiri hátæknistörf, tókumst á við ný verkefni erlendis og fengum meiri stuðning fjárfesta. Ef lítið er til baka verðum við vör við straumhvörf í viðhorfi og áhuga á „grænum lausnum“. Loftslagsmál og orkuskipti eru orðin ein helsta áskorun samtímans. Þannig finnum við fyrir auknum hvata til þess að próa og fjárfesta í lausnum til framleiðslu á



Sindri Sindrason, forstjóri CRI, segir að á árinu „sköpuðum við fleiri hátæknistörf, tókumst á við ný verkefni erlendis og fengum meiri stuðning fjárfesta“.

grænu eldsneyti og efnavöru. Það hefur verið mikið um heimsóknir, kynningar og fjölmiðlaumfjöllun.

Óhætt er að segja að við höfum á skömnum tíma orðið eitt þekktasta fyrirtækið alþjóðlega á sviði

hagnýtingar koltvísýrings og raunhæfra lausna til að draga úr losun.“

Hvað gekk erfiðlega á árinu?

„Við hefðum viljað hreyfa okkur hraðar. Þróskuldurinn fyrir fjárfestingu í nýsköpun verður alltaf hærri en maður myndi kjósa og lækkar ekki þegar einhver óvissa er til staðar. Það hefur til dæmis mátt ganga hraðar að innleiða reglur innan ríkja ESB vegna orkuskipta í samgöngum og til að hefta losun. Undanfarna mánuði hafa menn einnig horft upp á Bandaríkin hlaða í viðskiptastríð við Kína, pólitískan óróa víða um heim, sveiflur í verði á hráðli og öðru eldsneyti og rauðar tölur á hluta-brefamörkuðum. En heilt yfir er leiðin fyrir nýsköpunarfyrirtæki og grænni tækni að verða greiðari og ekki ástæða til annars en að vera bjartsýnn.“

Hvernig horfir árið 2019 við þér í rekstrinum?

„Í upphafi árs gangsetjum við fyrstu verksmiðjuna okkar erlendis, sem hefur verið lerdömsríkt ferli. Á árinu ætlum við að ná mikilvægum áfanga í fjárfestingar- og hönnunarferli fyrir fyrstu stóru verksmiðjuna erlendis og leggja grunninn að fleiri slíkum verkefnum. Hér innanlands og í Evrópu hafa verið lagðar fram djarfar áætlanir um orkuskipti sem benda til þess að það verði mikil þörf fyrir grænt eldsneyti til að laga loftslagsbókhlæði. Rafvæðing bíla er aðeins litill hluti af lausninni, langferðir, þungaflutningar, skip og flugvélar eru áfram háðar fljótandi eldsneyti sem verður að vera grænt. Við gerum ráð fyrir að vera mjög upptekin við að svara þessari þörf á næstu árum.“



HP PageWide

Ný kynslóð prentara



Afköst



Mikil afköst
og hámarks upptími

Lágt blaðsíðuverð



Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

Öryggi



Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

Umhverfisvænir



Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

HP PageWide fjölnotaprentarar Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP PageWide Pro
prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



95% minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

*nánar tilgreint í samningi.

 **Opin Kerfi**
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Skotsilfur



Samið við kínverskan risa

Icelandair Group greindi frá því í gær að félagið hefði samið við félagið BOC Aviation um fjármögnun á fyrirframgreiðslum á Boeing 737 vélum sem flugfélagið fær afhentar árin 2019 og 2020. Umrátt félag er dótturfélag kínverska ríkisbankans Bank of China, sem er talinn næststærsti banki Kína og sá fimmti stærsti í heiminum, samkvæmt mati Global 500. Er BOC Aviation jafnframt stærsta flugvélaframgögnunarfélag Asíu. Fram kom í tilkynningu Icelandair, sem **Bogi Nils Bogason** stýrir, að sjóðsstaða félagsins myndi hækka um jafnvirði 19 milljarða króna í kjölfar sammingsins.



Nýr formaður stjórnar 1912

Óttar Pálsson, einn eigenda LOGOS, hefur tekið við sem nýr stjórnarformaður 1912, móðurfélags heildverslunar Nathan & Olsen og Ekrunnar, sem þjónustar stórhúshúsi með aðföng. 1912 er sem kunnugt er í eigu systkinanna Bjargar og Ara Fenger, sem jafnframt er forstjóri fyrirtækisins, og móður þeirra Kristínar Fenger Vermondsdóttur. Félagið hagnaðist um 217 milljónir króna á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um ríflega 40 prósent frá fyrra ári þegar hann var um 380 milljónir króna.



Ríkisstofnun ársins

Það heyrir því miður til undantekninga að ríkisstofnanir haldi sig innan fjárhæmilda, eins og þeim ber þó að gera lögum samkvæmt. Það vakti því sérstaka athygli um daginn þegar Ríkisendurskoðun upplýsti að Bankasýslan, sem fer með hluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, hefði skilað íðilega 20 milljóna króna afgangi á síðasta ári. Stofnunin fékk 99 milljóna fjárveitingu frá ríkinu en eyddi aðeins 78 milljónum. Stofnunin, sem **Jón Gunnar Jónsson** stýrir, hlýtur að vera ofarlega á blaði yfir ríkisstofnanir ársins.



Ferskt kjöt rauk út á aðfangadegi jóla



Birgðir af fersku kjöti ruku út eins og heitar lummur á árlegu jólauppbóði Smithfield-markaðarins í miðborg Lundúna sem haldið var á aðfangadag jóla. Uppbóðið nýtur jafnan mikilla vinsælda og freistaði fjöldi fólks þess að kaupa jólamatin á afsláttarverði en að sögn skipuleggjandans, Gregs Lawrence, var kjötið, til að mynda kalkúnn, nautakjöt og svínakjöt, selt á 50 til 60 prósentu lægra verði en í verslunum. NORDICPHOTOS/GETTY

600 milljónir á mánuði



Agnar Tómas Möller
sviðsstjóri hjá Gamma

Í viðtalsþættinum „Sprengisandi“ í nóvember síðastliðnum lét Már Guðmundsson seðlabankastjóri þau orð falla að hann teldi að ef samið yrði um höflegar kauphækkunarir í komandi kjarasamningum, „gætu vextir á Íslandi einungis farið á eina leið sem væri niður“. Ummáli seðlabankastjóra ætti ekki að túlka sem persónulegt loforð hans um að lækka vexti hagi aðilar vinnuamarkaðarins sér skikkanlega, heldur lýsa þau einfaldlega efnahagslegri stöðu íslenska hagkerfisins, að því gefnu að kjarasamningur verði háttað hér með svipuðum hætti og í nágrannalöndum okkar.

Þótt annað mætti lesa úr þeim barlóm sem oft yfirgnæfir umræðuna á Íslandi, er landið í efnahagslegu tilliti stórt útgildi í alþjóðlegum samanburði. Meginútlutningsatvinnuvegir þjóðarinnar byggjast á hreinni orku, prótíni og náttúrufergðum og virðist

fátt benda til annars en að eftirspurn eftir útlutningi okkar fari vaxandi, jafnvel þótt hægja muni á heimsbúskapnum. Á sama tíma skulda ríkissjóður, fyrirtæki og heimili lítið í alþjóðlegum samanburði, og viðskiptaafgangur hefur verið og mun að líkindum áfram verða ríflegur. Þjóðarbúið á meiri eignir erlendis en skuldir og hátt í fimmtung tekna flestra launþega rennur í dag inn í lifeyrissjóðskerfið.

Sett í samhengi við stöðu hagkerfisins þarf sú þróun sem hefur átt sér stað á verðtrygðum lánskjörum ríkissjóðs undanfarin ár ekki að koma á óvart en frá 2016 hafa langtímavextir verðtryggðra ríkisbréfa meira en helmingast, úr rúmlega 3% í innan við 1,5%. Þótt þeir vextir séu enn nokkuð hærri en flestra annarra vestrænna ríkja, endurspeglar lákkun langtímavaxta allt í senn hátt sparnaðarstig, lágt skuldastig og væntingar um að vöxtur hagkerfisins verði mun höflegri horft fram á veginn en á undanföllum árum.

Þrátt fyrir þessar hægðellu aðstæður hefur miklóð umrót verið á innlendum fjármálamörkuðum á þessu ári og einkum seinustu mánuði. Þrír þættir hafa knúið umrötið áfram: Áhyggjur af kjarasamningum, áhyggjur af rekstri flugfélagsins WOW og áhyggi

ur sem kviknuðu í sumar um að ferðamönnum til landsins gæti verið byrjað að fækka. Birtingarmyndin hefur verið talsverð lækkun á gengi krónunnar á síðari hluta ársins sem og hækkun langtíma verðbólguálags á skuldabréfamarkaði, sem kemur fram í hækkun langtímanafnvaxta, bæði í óverðtrygðum lánskjörum ríkissjóðs og ekki síður í hækkun fasta óverðtryggðra húsnæðisvaxta heimila. Á árinu hafa fastir óverðtryggðir íbúðalánvextir hækkað hátt í 1% að jafnaði og eru í dag á bilinu 6,8% til 7,4% sem er ótrúlega hátt í árferði sem ætti að gefa tilefni til mun lægri vaxta.

Þrátt fyrir þessa háu vexti hefur orðið sprenging undanfarna mánuði í bæði veiðingu nýrra óverðtryggðra íbúðalána sem og uppgreiðslu verðtryggðra lána hjá innlendum lánastofnunum. Um sannkallaða „U-beygju“ er að ræða: Á fyrstu mánuðum ársins voru ný íbúðalán nær öll verðtryggð en nú á seinustu mánuðum ársins eru nær öll ný lán óverðtryggð með föstum vöxtum. Heimilin virðast því í auknum mæli óttast vaxandi verðbólgu.

Hvað veldur þessum áhyggjum nú? Áhyggjur af örlofum WOW air hafa snarminnkað síðustu vikur og vöxtur virðist áfram vera í komum,

og einkum eyðslu, erlendra ferðamanna. Þegar rykið hefur nú sest þá blasir við að áhyggjur af verðbólgu og krönnu beinast allar að niðurstöðu kjarasamninga sem fram undan eru. Markaðurinn sem og heimilin eru óttaslegin yfir herskám yfirlýsingum verkálðshreyfingarinnar sem virðast í grunninn hafna helstu grundvallarlögmálum hagfræðinnar og engin leið að sjá annað í spilunum en verðbólgu og gengisfall verði kröfugerðir þeirra samþykktar. Þótt engir kjarasamningar hafi verið undirritaðir enn, er herkomstauðurinn af stríðsýfirlýsingum verkálðsforystunnar byrjaður að telja. Miðað við að ný óverðtryggð íbúðalán séu að jafnaði til þriggja ára, er aukinn kostnaður þeirra heimila sem tóku óverðtryggð íbúðalán í nóvembermánuði síðastliðnum 600 milljónir króna vegna hækkunar vaxta á árinu, eða rúmlega 7 milljarðar króna á ársgrundvelli. Fyrir 40 milljóna króna jafngreiðslulán til 25 ára, er mánaðarleg greiðsluþyrl slíks láns 26 þúsund krónum hærri á mánuði nú en í byrjun árs. Á endanum eru það heimilin sem barga fyrir óábyrga kjarasamninga. Ljóst er að mestu kjarabætur almennings eru að niðurstöðu kjarasamninga muni stuðla að lægri vöxtum og lægri verðbólgu. Vonandi næst sátt um það.

Er kominn tími á nýja upplýsingaöld?



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri Íslandsbanka

Ég ábyrgist að hinn almenni Bandaríkjamadur telur ekki að glepatíðni hafi lækkað né að fólk sé öruggara en áður. Þetta sagði fyrrverandi þingforsetinn Newt Gingrich í frægu sjónvarps-

viðtali árið 2016. Þegar honum var bent á að opinberar tölur sýndu fram á hið gagnstæða sagði hann slíkt tæknilega geta verið rétt en að tilfinning fólks gæti einnig verið sannleikur og öðrum væri frjálst að velta sér upp úr staðreyndum mála.

Einhverra hluta vegna hefur þessi nálgun átt mikilli velgengi að fagna á árinu sem nú er að líða, ekki síst í umræðu um efnahagsmál. Tölfræði og staðreyndir mega sín litils gegn reynslusögum og tilfinningum og mállutningur fagfólks drukknar í reidihrópum sjálfskipaðra talsmanna hópa sem

sagðir eru hafa orðið undir vegna velgengi annarra. Því miður litur út fyrir að við séum í minus eftir árið og ekki er síst um að kenna þróuninni í heimalandi Gingrich. Fá lönd hafa hagnað jafn miklóð á innflutningi vinnuafis og frjálsum alþjóðavískaftum í gegnum tíðina, en þó hefur þirruðum almenniginn verið talin trú um að verndarstefna og lönd í garð vískaftaþjóða séu nú hinar réttu leiðir fram veginn (eða aftur til baki). Forsetinn vill rekja seðlabankastjórnarinnar vegna þess að vextir eiga að vera lægri, utdeilir tollum eins og jólaortum


og hefur engan áhuga á upplýstri umræðu um vískaftaþjófnuð. Fagfólki og fjölmiðlamönnum sem byggja mállutning sinn á staðreyndum og málefnalegri aðferðarfræði eru gerðar upp annarlegar hvatir og alltaf skal vaðið beint í manninn en ekki í boltann.

Þetta viljum við að sjálfsgöðu ekki sjá hér á Íslandi en einhverjar glefur litu þó dagsins ljós á árinu, einkum hvað varðar vantraust á tölum og mállutningi fagfólks. Við getum vonandi öll verið sammála um að orðfæri og mállutningur Bandaríkjaforseta hjálpar ekki í

umræðunni um vöxt og skiptingu kókunnar. Þeir sem eru ósammála okkur eru ekki endilega vöndur. Vel menntað fólk er ekki þátttakendur í samsæri gegn ákveðnum þjóðfélagsþópum.

Nú í aðdraganda kjarasamninga skil ég vel áhyggjur félagsfólks BHM um að menntun sé ekki metin til launa en vonandi þarf ekki að bæta við kröfunni um að menntun sé metin marktæk. Við megum greinilega ekki gefa okkur að framþróun sé sjálfsgöður hlutur og kannski er kominn tími á nýja upplýsingaröld. Vonandi hefst hún árið 2019.

FRAMFARIR Í HUNDRAÐ ÁR 1918-2018



Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Á hundrað árum hefur öflugt íslenskt atvinnulíf lagt grunn að góðum lífskjörum og mikilli velsæld.

LANDSMENN GETA VERIÐ STOLTIR Á HUNDRAÐ ÁRA
AFMÆLISÁRI SJÁLFASTÆÐIS OG FULLVELDIS ÍSLANDS.

TIL HAMINGJU.



Sjáðu svipmyndir frá 1918 í Sjónvarpi atvinnulífsins á vef SA og kynntu þér upphaf hundrað ára ferðalags bjartsýnnar þjóðar. Einstaklingar og fyrirtæki tóku frumkvæði og nýttu tækifæri sem urðu til í kjölfar fullveldisins og uppskeran hefur verið ríkuleg.

Stjórnar- maðurinn



Eyðum óvissunni

Við áramót er við hæfi að lita um öxl og spá í spilin. Liðið ár var um margt athyglisvert. Blikur eru á lofti um að langvarandi uppsveiflu sé að ljúka, eða að minnsta kosti komi til með að hægja nokkuð á. Munar þar mestu um að heldur hægðist á vexti ferðamannafjölda til landsins líkt og óhjákvæmilegt var. Auðvitað gengur það vart upp að ferðamönnum fjölgi um þriðjung árlaga. Því er sennilegt að áætlanir næstu ára gangi út á hóflegri vöxt í ferðamannageiranum.

Óvissa um framtíð WOW, sem vissulega er enn fyrir hendi, spilar þarna inn í. Fall WOW myndi þýða enn minni ferðamannastraum, að minnsta kosti til skamms tíma. En hvað sem slíkur hugleiðingum liður virðist sem væntir eigendur WOW ætli sér að reka minna félag sem flygur til færri áfangastaða. Það eitt og sér bendir til þess að um hægist, enda flytur WOW um þriðja hvern farþega til landsins. Aðilar í flugrekstri virðast þegar hafa gert sér grein fyrir þessu og eru farnir að sníða sér nýjan stakk, eftir nýjum vexti. Uppsagnir hafa verið hjá bæði WOW og Isavia, en einnig Icelandair. Æskilegt er að áætlanir um vöxt ferðamanna byggji á sömu forsendum.

Einnig eru blikur á lofti hvað varðar kjarasamninga vetrarins. Verkalýðsforkólfar hafa farið mikinn og gert miklar kröfur nú þegar flest bendir til þess að hagsveiflan hafi náð sínum efsta kúfi. Ljóst er að mörg fyrirtæki eru þegar teygð til hins ýtrasta á kostnaðarhliðinni og að ekki verður hægt bæði að ganga að kröfum verkalýðsfélaganna og halda óbreyttu atvinnustigi. Þá gæti of mikil eftirgjöf sent verðbólgunu af stað, og veikt krónuna sömuleiðis. Hætt er þá við að kjara-bætur fari fyrir lítið.

Ekki má gleyma því að efnahagsástand á Íslandi er um margt öfundsvort. Skuldir hins opinbera hafa aldrei verið minni, og skuldir heimila og fyrirtækja eru mun minni en þekktist í upphafi og fram eftir þessari öld. Hér hefur ríkt stöðugur hagvöxtur, sem mörgum þjóðum þætti öfundsverður. Grunnstöðirnar eru því traustar, en halda þarf vel á spöðunum ef takast á að halda áfram á sömu braut. Óvissunni þarf að eyða svo hægt sé að gefa í á ný. Þetta er brýnasta verkefni næsta árs og þar þurfa allir að ganga í takt. Stjórnvöld, verkalýðsforystan og atvinnurekendur.

Reiðufé gaf hvað mest af sér á árinu 2018

Reiðufé var sá eignaflokkur sem gaf bestu ávöxtunina á árinu sem senn er á enda, samkvæmt greiningu bankans Bank of America Merrill Lynch. Ávöxtunin nam 1,8 prósentum en til samanburðar var ávöxtun bandarískra ríkisskuldabréfa 0,3 prósent. Aðrir eignaflokkar í úrtaki bankans skiluðu neikvæðri ávöxtun.

Greinendur bankans segja það til marks um óróleikann sem hefur einkennt fjármálamarkaði á árinu að reiðufé hafi verið sá eignaflokkur sem hafi gefið hvað mest af



sér. Þeir benda á að síðast þegar reiðufé skil- aði jákvæðri ávöxtun á sama tíma og ríkisskuldabréf, fyrirtækjaskuldabréf og hlutabréf hafi skilað neikvæðri ávöxtun hafi verið árið 1969.

Þeir eignaflokkar sem gáfu hvað verstu ávöxtunina á þessu ári, svo sem hlutabréf og hrávörur, skiluðu hvað bestu ávöxtuninni í fyrra. Hlutabréfavisitala MSCI í nýmarkaðsrikkjum lækkaði til að mynda um 14,7 prósent í ár borið saman við 37,8 prósentna hækkun í fyrra. – kj

27.12.2018

Árið litaðist af vanstillingu í almennri umræðu, hvort heldur var um kjaramál, afkomu flugrekstrar eða pólitík.

Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og stjórnarfor- maður Sýnar



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögræði- ráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur



Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Efnistaka af hafsbotni við Eyri í Reyðarfirði

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitid liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitid og matskýrslu Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Pú finnur
draumastarfið á
Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is

SKIPULAGSBREYTINGAR

Aðalskipulagsbreyting vegna landnotkunarflokks H (hafnarsvæði) og deiliskipulagsbreyting að Fornubúðum 5.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 12. des. s.l. var samþykkt breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar landnotkunarflokk H (hafnarsvæði) og deiliskipulag lóðarinnar að Fornubúðum 5.

Athugasemdir bárust og hefur þeim sem gerðu athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar.

Breytingin verður birt í B- deild Stjórnartíðinda. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulagsbreytinganna í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPÍÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsingar um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi Reykjavíkur.

Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. desember 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 20. desember 2018 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Bríetartún 3-5

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. nóvember 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 13. desember 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með innregni þakhæð sem snýr að Bríetartúni og fimm hæðir að aukinni innregni þakhæð á norðaustur hluta lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 28. desember 2018 til og með 8. febrúar 2019. Einnig má sjá tillögunar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar. Ábendingum og athugasemdum við tillögunar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. febrúar 2019. Vinsamlegast notið uppgæfið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 28. desember 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Jólatilboð



FÓTSNYRTING M/LAKKI
AÐEINS 7.500.- KR.

Munið gjafabréfin okkar.

Verið hjartanlega velkomin.

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart](https://www.facebook.com/snyrti-og-nuddstofan-smart)



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
amma og langamma,

Sigríður Magnúsdóttir
(Dista)

frá Minna-Hofi,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi föstudaginn 21. desember.
Útför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Hilmar Eysteinnsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Jónsdóttir

Hagaselí 38, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans
þann 15. desember síðastliðinn.

Stefán Baldvinsson
Guðjón Örn Stefánsson
Baldvin Trausti Stefánsson
Hrafnhildur Guðbjörg Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
Anna Pála Guðmundsdóttir

lést að Dvalarheimili aldraðra á
Sauðárkróki að morgni 24. desember.
Útförin auglýst síðar.

Leifur Ragnarsson
Páll Ragnarsson
Árni Ragnarsson
Hólmfríður Ragnarsdóttir
Ólöf Ragnarsdóttir
Örn Ragnarsson
Úlfar Ragnarsson

Margrét Steingrímsdóttir
Ásdís Hermannsdóttir

Pétur Heimisson
Margrét Aðalsteinsdóttir
Auðbjörg Friðgeirsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

Sigurjón Jónsson

velvirkjameistari,
Austurströnd 12, Seltjarnarnesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar 16. desember.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Aðalheiður S. Sveinsdóttir

Ásta M. Sigurjónsdóttir
Hörður Sigurjónsson
Jón Sigurjónsson
Hreinn Sigurjónsson
Aðalheiður Sigurjónsdóttir
Randi Stína Rohr
Hanna Erlingsdóttir
Erlendur J. Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar elskulegi
Eypör Þorláksson

gitarleikari,

Fögruhlið 1, Hafnarfirði,

sem lést á Landakotsspítala

föstudaginn 14. desember,

verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í

Hafnarfirði í dag, föstudaginn 28. desember klukkan 13.

Maria Teresa Belles

Sveinn Eypörsson
Atli Eypörsson
Kristín Björg Ólafsdóttir
Ragnhildur Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Lög frú Elísabetar á netið

Fanney Snjólaugardóttir tónlistarkona heiðrar starfssysturina, frú Mariu Elisabetu Jónsdóttur, sem hefði orðið 150 ára 1. janúar, með útgáfu tónlistar hennar á Spotify.

Þrátt fyrir að Þingeyingar hampi sinni tónlistarmenningu hefur frú Elísabetar á Grenjaðarstað ekki verið getið sem tónskálds í þeirri umræðu. Minning hennar sem slíkar virðist nánast alveg gleymd. Þó var hún ein fyrsta íslenskra kvenna til að fá birt lag eftir sig á prenti og líka að gefa út sönglagahefti," segir Fanney Kr. Snjólaugardóttir, tónlistarkona á Akureyri.

Fanney er virk í samtökunum KÍTÓN (Konur í tónlist) og kveðst undanfarið hafa verið í „feministakasti“ fyrir hönd



Frú Elísabet var þekkt fyrir orgelleik.



Helga Kvam og Fanney hafa flutt lög frú Elísabetar á tónleikum. MYND/DANIEL STARRASON

starfssystur sinnar frú Mariu Elisabetar frá Grenjaðarstað (1869-1945). „Frú Elísabet hefði orðið 150 ára 1. janúar 2019 og af því tilefni ætla ég, í samstarfi við gott fólk, að birta lögin hennar á Spotify og stofna minningarsjóð til styrktar íslenskum kventónskáldum," heitir Fanney og lætur ekki þar við sitja. „Á nýja árinu munum við auk þess frumsýna heimildarmynd um

hana frú Elisabetu og halda hátíð henni til heiðurs þann 19. júní í Hofi á Akureyri.“

